MOSFELLINGUR

8. TBL. 25. ÁRG. ÞRIÐJUDAGUR 25. ÁGÚST 2026 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS

Gleðilega hátíð Mosfellsbær!



Mynd/RaggiÓla

Tónlist og trúbadorar setja sterkan svip á hátíðina, Í túninu heima. Magnús Hafdal verður í götugrillunum, Ásgeir Jónsson og Steindi verða á kjúllanum og á hlöðuballinu, Daníel Jóhannsson hefur umsjón með tónleikunum á sunnudeginum og Ketill Ágústsson verður með brekkusönginn.



Mosfellingurinn Hilmar Gunnarsson bæjarstjóri Mosfellsbæjar

Tekst á við nýtt hlutverk af auðmýkt

»30

EIGN VIKUNNAR www.fastmos.is



Fossatunga 8

Mjög fallegt og vel skipulagt 135,0 m2 nýlegt endaraðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Fjölskylduvæna eign með aukinni lofthæð, fallegum innréttingum og gólfhitakerfi með hitastýringu í hverju rými. Góður pallur til suðvesturs með heitum potti.

V. 119,9 m.





Fasteignasala Mosfellsbæjar

FYLGSTU MEÐ OKKUR á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is

MOSFELLSBAKARÍ

GLEÐILEGA BÆJARHÁTÍÐ!

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR Í TÚNINU HEIMA

BJARKARHOLT 3-5 | HÁALEITISBRAUT 58-60 | S: 566 6145 | MOSFELLSBAKARI.IS



KOMDU AÐ NJÓTA MEÐ FJÖLSKYLDUNNI Á BLIKBISTRO

Allir krakkar undir 10 ára borð frítt af barna matseðli alla sunnudaga til miðvikudaga

*Gildir þegar borðað er á staðnum í fylgd með foreldrum

BLIK BISTRO • GRILL

RÉTTINGAVERKSTÆÐI Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS

BÍLALEIGA Á STAÐNUM

CAB CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

MOSFELLINGUR

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Gerplustræti 4, sími: 698 6987
Ábyrgðarmaður: Sigmar Vilhjálmsson, *simmi@immis.is*
Ritstjórn:
Hafrún Hafliðadóttir *ritstjóri, hafrun@mosfellingur.is*
Blaðamenn:
Einar Karl Sigmarsson *íþróttir, mosfellingur@mosfellingur.is*
Ruth Örnólfsdóttir *blaðamaður, ruth@mosfellingur.is*
Prófarkalestur: Lýdía Huld Grímsdóttir, *lydiahuld@mosfellingur.is*
Ljósmyndari: Ragnar Þór Ólason, *raggiola@mosfellingur.is*
Prentun: Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Aftureldingu.
Umbrot og hönnun: Davíð Gunnarsson, *david@mosfellingur.is*
ISSN 2547-8265

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og greinar skulu berast fyrir kl. 17:00 föstudag fyrir útgáfudag.

NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT 25. ÁGÚST

Gleðilega hátíð, bæjarbúar!

Nú styttist óðum í okkar árlegu bæjarhátíð og vona ég að enginn láti hana fram hjá sér fara. *Í túninu heima* er einstakt tækifæri til að kveðja sumarið með glæsibrag, pakka saman útilegubúnaðinum og draga í staðinn fram hverfislitina, skreyta heimilin og taka þátt í hátíðarstemningunni sem mun einkenna bæinn alla helgina.

Dagskráin er stútfull af skemmtun og fjölbreyttum viðburðum víðs vegar um bæinn. Fjölmargir viðburðir verða í boði og þá má kynna sér nánar hér í blaðinu.

Stóru tónleikarnir verða haldnir á sunnudeginum, líkt og í fyrra, og hvet ég alla til að mæta og njóta þess sem þessi frábæra fjölskylduhátíð hefur upp á að bjóða í faðmi fjölskyldu, vina og nágranna.

Ég óska öllum Mosfellingum gleðilegrar hátíðar og hlakka til að sjá bæinn okkar iða af lífi og gleði um helgina.

Hafrún Hafliðadóttir, ritstjóri Mosfellings.



Hafrún Hafliðadóttir, ritstjóri Mosfellings

ÍSFUGL
www.isfugl.is
KJÚKLINGUR KALKÚNN UM ÍSFUGL ÍSFUGLSBÆNDUR

Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU ...

RÆTUR MOSFELLINGS

Þau tímamót urðu í vor að nýir eigendur tóku við rekstri Bæjarblaðsins Mosfellings. Blaðið kom fyrst út 13. september árið 2002 og óslitið síðan. Ritstjórinn Karl Tómasson fylgdi því úr hlaði með ágætum eftirfarandi LEIÐARA.

Leiðari



Karl Tómasson

Ágæti lesandi nú hefur hafið göngu sína nýtt bæjarblað í Mosfellsbæ. Bæjarblaðið, sem ber nafnið Mosfellingur, er gefið út og er í ábyrgð undirritaðs í samvinnu við gott fólk úr pólitísku flokkunum þremur í Mosfellsbæ sem skipa ritnefnd blaðsins þ.e.a.s B-lista, D-lista og G-lista. Ástæða þess að ritnefnd blaðsins er skipuð fólki úr pólitísku flokkunum er til að gæta fyllsta hlutleysis í fréttaflutningi blaðsins á málefnum bæjarfélagsins.

Blaðið er öllum opið og hafi menn áhuga á að senda til blaðsins greinar er bent á netfangið mosfellingur@simnet.is. Allar aðsendar greinar þurfa að vera undirritaðar af höfundi.

Talsverðs þrýstings hefur gætt meðal fyrirtækja og íbúa bæjarins að fá eitt öflugt frjálst og óháð bæjarblað með reglulega útgáfu. Það er von mín að þetta blað uppfylli þær óskir og falli í góðan jarðveg.

Mosfellingur á að koma út annan hvern fimmtudag og verður dreift inn á hvert heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ.

Blaðið verður til húsa að Þverholti 2 í Kjarna, sími: 897-7664.

Karl Tómasson
ritstjóri.

Umsjón: Birgir D. Sveinsson *(birgird@simnet.is)*

HÉÐAN OG ÞAÐAN





Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?





AFTURELDINGAR
VÖRURNAR
FÁST HJÁ OKKUR

JAKO
SPORT ÍSLANDI

JAKOSPORT (NAMO EHF) - KRÓKHÁLS 5F - 110 ÁRBÆR
Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór Einarsson
Lögg. fasteignasali



Sigurður Gunnarsson
Lögg. fasteignasali



Theodór Emil Karlsson
Lögg. fasteignasali



Steingrímur Benediktsson
Lögg. fasteignasali



VEFARASTRÆTI 20

Falleg 59,0 m², 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í lyftuhúsi við Vefarastræti 20 í Mosfellsbæ. Vandaðar innréttingar og innfelld lýsing hönnuð af Lúmex. Afgirtur sérafnotareitur í austurátt. Frábær staðsetning rétt við grunnskóla, leiksskóla og fallegar gönguleiðir.

V. 56,9 m.



ÚUGATA 16-24

Ný og glæsileg fullbúin um 230 m² raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. Glæsilegar innréttingar og vönduð gólfefni. Lóð frágengin með steyptu bílaplani. Húsið er hannað með það í huga að það væri auðvelt að útbúa auka íbúð á jarðhæð þar sem það eru tveir inngangar á jarðhæð.

V. 155,9 - 159,9 m.



ÚUGATA 6-8

Nýjar og glæsilegar 3-5 herbergja íbúðir í byggingu. Bílastæði í bílakjallara með hverri íbúð. Frábært útsýni af báðum hæðum. Vandaðar innréttingar. Eignirnar afhendast við kaupsamning.

V. 84,9 - 127,9 m.



ÚUGATA 72-74

Nýtt og glæsilegt 209,0 m² parhús á tveimur hæðum með bílskúr í byggingu. Eignin afhendist tilbúin til innréttinga á byggingarstigi B3. Að auki er búið að draga víra í allar raflagnir innanhúss ásamt því að lóð er fullfrágengin.

V. 145 m.



GERPLUSTRÆTI 25

Falleg og vel skipulögð 118,2 m², 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í lyftuhúsi ásamt stæði í lokaðri bílageymslu. Sérmerkt bílastæði í lokaðri bílageymslu með hleðslustöð. Steypt verönd og timburverönd í suðurátt. Frábær staðsetning, rétt við Helgafellsskóla.

V. 88,9 m.



SKÁLAHLÍÐ 30

Fallegt og vel skipulagt 233,9 m² einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, fataherbergi, tvö baðherbergi, gestasnyrtingu, þvottahús, forstofu, eldhús, stofu, borðstofu, sjónvarpshol og bílskúr. Um er að ræða fallegt einbýlishús á vinsælum stað í Mosfellsbæ. **V. 182,9 m.**



UGLUGATA 4

Mjög falleg og vel skipulögð 124,1 m² 4ra herbergja endaíbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi. Rúmgóðar svalir í suðurátt með svalalokun og fallegu útsýni. Fallegar innréttingar frá Parka. Tvö sérmerkt bílastæði á bílaplani. Stutt er í alla helstu þjónustu svo sem skóla, leikskóla, ósnortna náttúru og göngu- og hjólastíga. **V. 92,9 m.**



GERPLUSTRÆTI 18

Mjög falleg og vel skipulögð 107,3 m², 3-4ra herbergja endaíbúð á þriðju og efstu hæð (2. hæð frá götu) ásamt bílastæði í bílageymslu. Stórar svalir í suðurátt. Frábær staðsetning, skammt frá skóla og leikskóla. Stutt í náttúruna og fallegar gönguleiðir.

V. 81,9 m2



KLAPPARHLÍÐ 24

Falleg 65,5 m², 2ja herbergja íbúð með sérinngangi af opnum svalagangi á efstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi við Klapparhlíð 24 í Mosfellsbæ. Fallegt útsýni. Frábær staðsetning. Stutt í skóla, leikskóla, sund og líkamsræktarstöð.

V. 59,9 m.



VÍÐITEIGUR 30

Vel skipulagt 222,4 m² einbýlishús á einni hæð með bílskúr. Timburverönd í suðvestur átt. Staðsett innst í botnlanga miðsvæðis í Mosfellsbæ. Í bílskúr hefur verið útbúin auka íbúð sem er í útleigu í dag.

V. 129,9 m2.



ÞVERHOLT 5

Rúmgóð og björt 114,3 m², 3ja herbergja íbúð á 2. hæð við Þverholt 5 í Mosfellsbæ. Eignin getur verið laus til afhendingar fljótlega. Staðsett rétt við miðbæ Mosfellsbæjar og því stutt í alla þjónustu.

V. 70,9 m.



SÚLUHÖFÐI 13

Fallegt og bjart 224,8 m² einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Gólfhitakerfi er í öllu húsinu. Stórar timburverandir með heitum potti. Stórt steypt bílalstæði. Vinsæl staðsetning, stutt í golfvöllinn, Lágafellsskóla, leikskólann Hulduberg, Lágafellslaug og World Class.

V. 177,5 m2.



LANGITANGI 35A-35C

Ný og glæsileg raðhús á tveimur hæðum með bílskúr í byggingu við Langatanga 35. Húsin eru um 215 m² og afhendast fokeld að innan en fullbúin að utan. Lóð skilast hellulögð og tyrfð. Um er að ræða afar spennandi hús staðsett miðsvæðis í Mosfellsbæ þar sem stutt er í alla helstu þjónustu. **V. 125 - 130 m**



VÖLUTEIGUR 7-11

Til leigu 442 m² iðnaðar-, skrifstofu-, og lagerhúsnæði að Völuteig 7-11 í Mosfellsbæ. Um er að ræða miðjubil á tveim hæðum. Mjög þægileg aðkoma er að húsinu, malbikað plan bæði framan og aftan við hús og gott útipláss sem rúmar nokkra gáma. Leiguverð er kr. 1.100.000 kr + hiti og rafmagn fyrir hvern mánuð.



Mosfellsbær varð 39 ára

Mosfellsbær fagnaði 39 ára afmæli sínu þann 9. ágúst en þann dag árið 1987 fékk þáverandi Mosfellssveit kaupstaðarréttindi og Mosfellsbær varð formlega til.

Nú er því aðeins eitt ár í stórafmæli bæjarins en árið 2027 verða 40 ár liðin frá þessum tímamótum. Tilefni verður því til að gera sér glaðan dag þegar Mosfellsbær fagnar fjórða áratugnum á næsta ári.

Hefð hefur skapast fyrir því að fagna afmæli bæjarins í lok ágúst með bæjarhátíðinni Í túninu heima. Hátíðin hefur um árabil verið einn af stærri viðburðum ársins í Mosfellsbæ og sameinað bæjarbúa í fjölbreyttri dagskrá víðs vegar um bæinn.

Í tilefni 39 ára afmælisins var rifjuð upp mynd frá hátíðarhöldunum árið 1987, þegar kaupstaðarréttindunum var fagnað. Á myndinni mátti meðal annars sjá Hrafnhildi Sigurhansdóttur, sem síðar starfaði hjá Mosfellsbæ í 32 ár.

Hrafnhildur flutti í Mosfellssveit árið 1979 ásamt foreldrum sínum og systkinum og settist fjölskyldan að í Ásholti. Gatan var meðal þeirra fyrstu sem byggðust upp þegar þéttbýlismyndun tók að aukast í Mosfellssveit.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því að Mosfellsbær fékk kaupstaðarréttindi og hefur bærinn tekið miklum breytingum og vaxið hratt á þeim tæpu fjórum áratugum sem síðan eru liðnir.

Næsta sumar verður svo komið að stóru tímamótunum þegar Mosfellsbær fagnar 40 ára kaupstaðarafmæli.

Prjónahópur Rauða krossins í Mosfellsbæ

Prjónahópur Rauða krossins „Föt sem framlag“ hefur vetrarstarfið miðvikudaginn 2. september.

Í hópnum eru konur sem prjóna föt fyrir Frú Ragnheiði, skaðaminnkandi úrræði Rauða krossins, peysur, sokka, vettlinga, húfur og fleira. Við fáum garn frá ýmsum sem vilja styrkja gott málefni og kaupum frá Ístex.

Við hittumst á miðvikudögum í Brúarlandi kl. 13–16. Tökum glaðar á móti nýjum félögum í hópinn.



Líf og fjör á bæjarhátíðinni Í túninu heima

Bæjarhátíðin Í túninu heima verður haldin 27.–30. ágúst. Dagskráin er fjölbreytt að vanda og teygir sig vítt og breitt um Mosfellsbæ, frá miðbænum og Álafosskvos upp á fellin og inn í Mosfellsdal.

Hátíðin verður formlega sett í Hlégarði kl. 17 á fimmtudag. Við það tækifæri verða umhverfisviðurkenningar Mosfellsbæjar veittar og bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2026 útnefndur. Sama dag verður meðal annars sundlaugarkvöld í Lágafellslaug, Fellahringurinn hjólaður og boðið upp á fræðslugöngu meðfram Varmá.

Þekktir og vinsælir dagskrárliðir verða á sínum stað um helgina, þar á meðal Ullarpartí í Álafosskvos, Wings and Wheels á Tungubökkum, Kjúklingafestival, Tindahlaupið og götugrill.

Allir taka þátt

Sérstaða hátíðarinnar felst ekki síst í þátttöku heimafólks. Íbúar, félagasamtök og fyrirtæki taka virkan þátt í hátíðinni og Mosfellingar skreyta hús sín og götur í hverfislitunum: gulum, rauðum, bleikum og bláum.

Á föstudagskvöld er Ullarpartíið með brekkusöng og skemmtidagskrá í Álafosskvos. Lúðrasveit Mosfellsbæjar ásamt eldri nemendum Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar tekur á móti gestum, Inspector Spacetime hitar upp brekkuna og Ketill Ágústsson stýrir brekkusöngnum.

Á laugardeginum bjóða Mosfellingar heim víðs vegar um bæinn og tónlistin ómar í görðum og götum. Í Kjarna verður hægt að fá gersemar á góðu verði á Loppumarkaði.

Á laugardagskvöld safnast íbúar Mosfellsbæjar saman í götugrill í vel skreyttum götum bæjarins.

Á sunnudag verður síðan matarmarkaður í Álafosskvos þar sem framleiðendur sýna, segja frá og selja vörur sínar beint til gesta. Handverk verður einnig áberandi um helgina, meðal annars hjá Ásgarði og Körlum í skúrum í Mosfellsbæ.

Stórtónleikarnir fara fram á Hlégarðstúni síðdegis á sunnudeginum og þar koma fram Sprite Zero Klan, Sigga Ósk, Tónhylur Akademía og Herra Hnetusmjör.

Heilsueflandi bæjarhátíð

Mosfellsbær er heilsueflandi samfélag og íþróttir og útivist skipa stóran sess á hátíðinni. Hundahlaupið fer fram á þriðjudegi og á fimmtudagskvöld fer Fellahringurinn fram þar sem hjólreiðafólk getur valið um 15 og 30 km leið.

Tindahlaup Mosfellsbæjar fer fram á laugardegi og hægt verður að velja um einn, þrjá, fimm eða sjö tinda. Sama dag fer fram heimaleikur Aftureldingar og Vestra í Lengjudeild karla á Malbikstöðinni að Varmá. Á sunnudegi verður síðan fótboltamót Aftureldingar og Gæðabaksturs á Tungubökkum auk opins fjölskyldutíma í íþróttahúsinu að Varmá.

Hjólreiðafólk fær einnig sérstaka ástæðu til að fagna í ár þegar ný „pump track“ hjólabraut verður vígð í Ævintýragarðinum miðvikudaginn 26. ágúst. BMX Brós sýna listir sínar og iðkendur Hjóladeildar Aftureldingar verða á staðnum.

Fjölbreytt dagskrá

Yngri kynslóðin ætti ekki að þurfa að láta sér leiðast. Á fimmtudegi verður mikið fjör og sundlaugargleði í Lágafellslaug. Á laugardegi sýnir Brúðubíllinn Afmælisveisluna í Álafosskvos, Lalli töframaður fagnar með lestrarhestum bókasafnsins og hægt verður að fara á hestbak og í hoppukastala á Stekkjarflöt.

Wings and Wheels verður á Tungubakkaflugvelli á laugardag þar sem flugvélar, gamlir bílar og dráttarvélar verða til sýnis og Fergusonfélagið stendur fyrir hópakstri um Mosfellsbæ. Þar verður einnig karamellukast síðdegis.

Á sunnudegi sýnir Sirkus Ananas sýninguna Mikilvæg mistök á Hlégarðstúni og í kjölfarið fá börnin að prófa sirkusáhöld. Opið hús verður á slökkvistöðinni við Skarhólabraut þar sem hægt verður að skoða bíla, tæki og búnað slökkviliðsins og Bjössi brunabangsi mætir að sjálfsögðu á svæðið.

Íbúar og gestir eru hvattir til að taka virkan þátt í hátíðarhöldunum um allan Mosfellsbæ. Njótum þess að vera saman, upplifa og gleðjast í okkar heimabæ, Í túninu heima.

KIRKJUSTARFIÐ



LÁGAFELLSKIRKJA Í SEPTEMBER

Miðvikudaginn 2. september
Kyrrðarbænarstund kl. 17:30

Sunnudaginn 6. september
Kvöldmessa kl. 20:00

Miðvikudaginn 9. september
Kyrrðarbænarstund kl. 17:30

Sunnudaginn 13. september
Kvöldmessa kl. 20:00

Miðvikudaginn 16. september
Kyrrðarbænarstund kl. 17:30

Sunnudaginn 20. september
Kvöldmessa kl. 20:00

Miðvikudaginn 23. september
Kyrrðarbænarstund kl. 17:30


Sunnudaginn 27. september
Kvöldmessa kl. 20:00

Miðvikudaginn 30. september
Kyrrðarbænarstund kl. 17:30

Úlfastundir hefjast í byrjun september.

Vetrardagskráin verður auglýst innan tíðar.

Fylgist með á lagafellskirkja.is og facebooksíðu Lágafellskirkju.



RAFMÖGNUÐ FRUMSÝNING
Í TÚNINU HEIMA

LAUGARDAGINN 29. ÁGÚST | 11–16

Taylors Tivoli á bílaplaninu og Pepsi fótboltavöllur á svæðinu.



LEAPMOTOR B03X LIFE

2.990.000 KR.

VERÐ MEÐ RAFBÍLASTYRK
LISTAVERÐ: 3.490.000 KR.

LEAPMOTOR B05 DESIGN

3.990.000 KR.

VERÐ MEÐ RAFBÍLASTYRK
LISTAVERÐ: 4.490.000 KR.

LEAPMOTOR

TAKTU STÖKKIÐ

ISBAND

UMBOÐSAÐILI LEAPMOTOR Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • LEAPMOTOR.NET/IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10–17

Sögulegur sigur Aftureldingar í Árbænum

Afturelding í bikarúrslit í fyrsta sinn

Afturelding tryggði sér sæti í úrslitaleik Mjólkurbikars karla í fyrsta sinn í sögu félagsins með dramatískum sigri á Fylki í undanúrslitum á Fylkisvelli 21. júlí. Staðan var 1-1 eftir venjulegan leiktíma og framlengingu og því þurfti vítaspyrnukeppni til að skera úr um hvort liðið færi áfram.

Fylkismenn komust yfir snemma í síðari hálfleik þegar Tumi Fannar Gunnarsson skoraði á 47. mínútu. Afturelding svaraði hins vegar á 64. mínútu þegar sending Bjarts Bjarma Barkarsonar fór af Hlyni Sævari Jónssyni og í netið. Eftir það fengu bæði lið tækifæri til að klára leikinn en hvorugu tókst að finna sigurmarkið.

Í framlengingunni fékk Afturelding meðal annars dauðafæri þegar Bart Kooistra slapp einn gegn markverði Fylkis en Ólafur Kristófer Helgason varði vel. Þegar staðan var enn 1-1 eftir 120 mínútur tók við vítaspyrnukeppni.

Þar varð Arnar Daði Jóhannesson markvörður Aftureldingar hetja kvöldsins. Hann varði þrjár vítaspyrnur Fylkismanna, þar á meðal síðustu spyrnuna í bráðabana, og tryggði Aftureldingu 4-3 sigur. Axel Óskar Andrésson skoraði úr spyrnu Aftureldingar í bráðabananum áður en Arnar Daði lokaði leiknum með glæsilegri markvörslu.

Stemningin á Fylkisvelli var mikil en 1.347 áhorfendur mættu á leikinn. Eftir leik voru Aftureldingarmenn í skýjunum og hrósuðu stuðningi Mosfellinga sérstaklega.

Bikarævintýri Aftureldingar hefur verið eftirminnilegt. Liðið vann ÍR 3-2, Ými 6-1, Njarðvík 5-2 og sló síðan Bestu deildarlið Stjörnunnar út, 3-1, í átta liða úrslitum.

Næsta verkefni er það stærsta. Afturelding mætir Breiðabliki á Laugardalsvelli 11. september, þar sem Mosfellingar eiga möguleika á að skrifa enn einn stóran kafla í sögu félagsins.



SPENNAN VAR ÓBÆRILEG

Mynd/Helgi Þór



MARKVARSLAN SEM TRYGGÐI AFTURELDINGU SIGUR

Mynd/Helgi Þór



HETJA KVÖLDSINS ARNAR DAÐI, ÞRJÚ VARIN VÍTI

Mynd/Helgi Þór





Litaðu lífið með KARE

Skoðaðu Kare vörurnar

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

www.husgagnahollin.is - 558 1100
Reykjavík 11 – 18 virka daga **11 – 17** laugardaga
Akureyri 11 – 18 virka daga **11 – 16** laugardaga

HÚSGAGNA HÖLLIN

Hundruð minka komust úr búrum í Dalsbúi – umfangsmiklar aðgerðir hófust strax og óttast var um áhrif á lífríki dalsins

Öflugt viðbragð við óvenjulegum atburði í Mosfellsdal

Uppnám varð í Mosfellsdal í lok júlí þegar fjöldi minka komst úr búrum sínum í Dalsbúi. Málið vakti strax áhyggjur enda var óttast að dýrin gætu dreifst um dalinn og haft áhrif á fuglalíf, húsdýr og annað lífríki svæðisins.

Tilkynning um málið barst lögreglu að morgni 29. júlí og hófust umfangsmiklar aðgerðir þegar í stað. Í fyrstu var óvissa um hversu margir minkar gengju lausir og voru tölur á reiki. Talið var að um hundruð dýra væri að ræða og á fyrstu klukkustundunum var jafnvel óttast að fjöldinn gæti verið mun meiri.

Grunur vaknaði um að farið hefði verið inn á búið og minkum hleypt úr búrum



sínum. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hóf rannsókn á tildrögum málsins og óskaði meðal annars eftir upplýsingum um manna- og bílaferðir í Mosfellsdal nóttina áður en minkarnir fundust lausir.



Mikill viðbúnaður í dalnum

Strax var ráðist í að fanga dýrin og komu fjölmargir að aðgerðunum. Samstillt viðbrögð Mosfellsbæjar, almannavarna, lögreglu, Matvælastofnunar (MAST) og björgunarsveitarinnar Kyndils urðu til þess að fljótt náðust tök á aðstæðum. Notast var meðal annars við dróna með hitamyndavélum, gildrur, hunda og minkaveiðimenn. Skotvopnum var einnig beitt við föngunina og voru íbúar upplýstir um að skothvellir gætu heyrst á svæðinu.

Íbúar voru hvattir til að halda sig frá næsta nágrenni búsins svo að viðvera fólks truflaði ekki aðgerðir. Jafnframt var fólki ráðlagt að halda gæludýrum innandyra meðan unnið væri að því að ná utan um stöðuna.

Á fyrstu klukkustundunum komu fram miklar áhyggjur af mögulegum áhrifum á náttúruna í Mosfellsdal. Minkurinn er rándýr og getur valdið miklu tjóni komist hann í fuglavarp eða að öðrum smádýrum. Íbúasamtök Mosfellsdals lýstu yfir áhyggjum af stöðunni og bentu sérstaklega á fjölbreytt fuglalíf dalsins.

Matvælastofnun tók málið einnig alvarlega og benti á að lausaganga svo margra eldisdýra gæti bæði haft áhrif á önnur dýr og valdið minkunum sjálfum þjáningum.



Ábendingar bárust áfram

Dagana eftir atvikið héldu ábendingar um minka á ferð áfram að berast. Þann 1. ágúst höfðu fjórtán ábendingar borist aðgerðastjórn Mosfellsbæjar frá hádegi daginn áður. Þrjár þeirra vörðuðu minka sem sáust í Mosfellsbæ og var staðfest að að minnsta kosti einn þeirra væri úr Dalsbúi.

Stór hluti minkanna náðist þó á eða í næsta nágrenni við búið og þegar leið frá atvikinu fór staðan að skýrast. Aðgerðir héldu áfram yfir verslunarmannahelgina og lögðu þeir sem komu að þeim áherslu á að halda vöktun áfram þrátt fyrir að færri dýr sæjust.

Eigandi Dalsbús sagði í samtali við fjölmiðla að fjárhagslegt tjón vegna málsins væri mikið og gæti numið tugum milljóna króna.

Dregið úr viðbúnaði

Um tveimur vikum eftir atvikið hafði staðan breyst töluvert. Þann 10. ágúst var greint frá því að dregið hefði verið úr viðbúnaði við Dalsbú. Hilmar Gunnarsson bæjarstjóri sagði að aðgerðir hefðu gengið vonum framar og þá höfðu engir minkar komið í gildrur við búið í tvo sólarhringa.

Málið hafði þá haldið íbúum Mosfellsdals og viðbragðsaðilum á tánum í tæpar tvær vikur. Þótt mesta hættan virtist liðin hjá er áfram mikilvægt að fylgjast með mögulegum minkum á ferð.

Atvikið vakti jafnframt upp stærri spurningar um áhrif minkabúa á nærumhverfið, öryggi þeirra og þá hættu sem getur skapast ef mikill fjöldi eldisdýra kemst út í íslenska náttúru.

Opið hús og uppskerusýning

í Brúarlandi á Í túninu heima 29. águst, kl. 13–15. Allir velkomnir, kaffi og kruðerí í boði.

KLÖRUKAUP handverksbúð

Minnum á KLÖRUKAUP sem er handverksverslun í Brúarlandi, Háholti 3. Verslunin er opin mán-fim kl. 11–16 og fös kl. 13–16. Laugardaginn 29. ágúst milli kl. 13–15 verður sérstök opnun og posi á staðnum. Minnum á að KLÖRUKAUP kemur í staðinn fyrir basardaginn okkar og rennur allur ágóði sem inn kemur til góðgerðarmála hér í Mosfellbæ.

Íþróttanefnd FaMos – dagskrá haustannar 2026

Heilsa og Hugur leikfimi fyrir 60+ úti og inni í íþróttahúsinu að Varmá.
14 vikna námskeið 3 sinnum í viku hefst 7. september.
Þriðjudaga og föstudaga kl. 8:00, 9:00, 10:00 og 11:00.
Mánudaga: Allir hópar saman í Fellinu kl. 9:30.
Verð fyrir tímabilið er 20.000 kr. Skráning hefst í Brúarlandi fimmtud. 27. ágúst og mánud. 31. ágúst kl. 13:00 til 16:00 báða dagana.

Vatnsleikfimi í Lágafellslaug byrjar 7. september

Tímarnir verða mánud. kl. 14:00, þriðjud. kl. 15:30, miðvikud. kl. 15:00 og fimmtud. kl. 13:25. Það þarf að skrá sig í vatnsleikfimina og hefst skráning í Brúarlandi fimmtudaginn 27. ágúst og mánudaginn 31. ágúst kl. 13:00 til 16:00. Verð fyrir tímabilið er 5.000 kr. pr. einu sinni í viku og greiðist við skráningu. Posi á staðnum.

Ringó í íþróttahúsinu Varmá þriðjudaga og fimmtudaga kl. 12:10, byrjar 8. september. **Boccia** í íþróttahúsinu Varmá þriðjudaga kl. 12:10, byrjar 8. september.
Púttæfingar í Golfskálanum, auglýst síðar.
Gönguferðir alla miðvikudaga kl. 10:30 frá Hlégarði
og frá Brúarlandi kl. 11:00 (róleg ganga) mánudaga og miðvikudaga.
Pokavarp í Hlégarði þriðjudaga kl. 13:00

HITTUMST Í HLÉGARÐI byrjar 1. sept. kl. 13–15
FÉLAGSVIST 4. sept. kl. 13:00 á Eirhömrum, **Kanasta** spilað þriðjud. í Brúarlandi kl. 13 og **Kínaskák** kl. 13 í Brúarlandi á fimmtud. **Brigde** spilað á miðvikud. á Eirhömrum kl. 13
GAMAN SAMAN byrjar 3. sept. á Eirhömrum.
Öll námskeið í Brúarlandi byrja vikuna 7.–11. sept., nema Tiffanys sem byrjar í okt. og verður það á þriðjudögum. **Mosaik** byrjar 7. sept. kl. 12. **Postulín** (án leiðbeinanda) byrjar 9. sept. kl. 12. **Opin leirvinnustofa er** núna starfrækt miðvikud. og fimmtud. kl. 11–15., byrjar 9. og 10. sep. **Perluhópur Jónu** er alla mánud. og miðvikud. kl. 13 í Brúarlandi. **Brashópur og bútasaumur** alla mánud. í Brúarlandi. **Ljósmyndaklúbburinn** er alla þriðjud. kl. 13–15 í Brúarlandi.
Bingó í Hlégarði 22. sept. kl. 13:30

Viltu koma og mála í hóp?

Erum með fína aðstöðu í Brúarlandi til að mála og ætlum að breyta vikudeginum. Núna er opinn málningarhópur á föstudögum kl. 13–16 í stað miðvikudaga. Kostar ekkert nema gleðina.
Ný vinnustofa í Brúarlandi

HANDSAUMS-Vinnustofa

Fimmtudaga kl. 11–14 frá og með 10. sept. Við byrjum á verkefninu „flíkinafegri“ og handsaumum í tilbúnar flíkur eða efni. Pop-up vinnustofur bætast svo við í vetur og verða auglýstar síðar en margt spennandi er í bígerð. Kostnaði alltaf haldið í lágmarki.

Listmálunarnámskeið

hefst 24. september 2026 í Brúarlandi, Háholti 3

Boðið verður upp á 8 skipta námskeið í málun með akríl-/olíulitum. Námskeiðið er ætlað byrjendum og líka þeim sem lengra eru komnir. Fólk mætir með sína striga, liti (olíu eða akríl) og pensla en trönur og litir til að bjarga sér eru á staðnum. Námskeiðið hefst fimmtudaginn 24. sept. og er kl. 14:15-17:15. Leiðbeinandi er Hannes Valgeirsson, kennari, myndlistarmaður og málari. Verð 30.000 kr. Skráning á felagsstarf@mos.is





Skrifstofa félagsstarfsins er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er *Elva Björg Pálsdóttir,* tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

Skrifstofa FaMos í Brúarlandi er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16. Sími: 883-5123, opinn kl. 10-16 (fim)



FÉLAG ALDRAÐRA
í Mosfellsbæ og nágrenni
famos@famos.is
www.famos.is

STJÓRN FAMOS

Formaður **Þorsteinn Birgisson**
thorsteinn.birgis@gmail.com

Varaformaður **Hrund Hjaltadóttir**
hrundhj@simnet.is

Gjaldkeri **Ólafur Guðmundsson**
polarafi@gmail.com


Ritari **Helga Einarsdóttir**
helgaein57@gamil.com

Meðstjórnandi **Guðrún K. Hafsteinsdóttir**
gunnasjana@simnet.is

Meðstjórnandi **Ásdís Geirsdóttir**
asdisgeirs@gmail.com

Varamaður **Ingibjörg G. Guðmundsdóttir**
igg@simnet.is

KFC  MOSÓ



Regnbogabrúin setti lit á bæinn



Göngubrúin yfir Vesturlandsveg í Mosfellsbæ fékk heldur betur litríka yfirhalningu í byrjun ágúst þegar hún var máluð í regnbogalitunum í tilefni Hinsegin daga, sem fóru fram dagana 4.–9. ágúst.

Það voru ungmenni í Vinnuskóla Mosfellsbæjar sem sáu um verkið og breyttu brúnni í áberandi og litríkt kennileiti. Regnbogabrúin var liður í því að Mosfellsbær fagnaði fjölbreytileikanum og sýndi stuðning við þau gildi sem Hinsegin dagar standa fyrir.

Við verkið var notuð málning sem meðal annars er ætluð á gangstéttar og var farið eftir ráðleggingum fagaðila við framkvæmdina.

Vinnuskólinn á hrós skilið

Ungmennin í Vinnuskólanum létu víða til sín taka í bænum í sumar og var málun brúarinnar aðeins eitt fjölmargra verkefna sem þau komu að. Verkefnin voru unnin af miklum metnaði og eiga krakkarnir hrós skilið fyrir sitt framlag til þess að fegra og bæta bæinn.

Með litríkri brúnni varð til skemmtilegt kennileiti yfir Vesturlandsveg sem sendir um leið einföld og skýr skilaboð: Í Mosfellsbæ eiga öll að vera velkomin.

Frístundagjöld lækka í Mosfellsbæ



Mosfellsbær sker sig úr meðal sveitarfélaga þegar kemur að þróun gjaldskrár frístundaheimila fyrir grunnskólabörn. Á meðan gjöld hafa hækkað víða um land undanfarin þrjú ár hefur kostnaðurinn lækkað í Mosfellsbæ.

Þetta kemur fram í úttekt Alþýðusambands Íslands á gjaldskrám frístundaheimila. Í úttektinni er miðað við eitt barn í 63 klukkustunda vistun á mánuði, eða um þrjár klukkustundir á dag, auk síðdegishressingar.

Samkvæmt úttektinni er Mosfellsbær eina sveitarfélagið þar sem gjöldin hafa lækkað á þriggja ára tímabili. Árið 2023 var mánaðarkostnaðurinn 26.586 krónur en er nú 25.984 krónur. Lækkunin nemur því rúmum 600 krónum, eða um 2%.

Hækkanir víða um land

Þróunin hefur verið önnur í mörgum öðrum sveitarfélögum. Mesta hækkunin á tímabilinu varð í Fjarðabyggð, þar sem gjöldin hækkuðu um 36%. Mánaðarkostnaður þar er nú rúmar 23 þúsund krónur.

Í Reykjanesbæ hækkaði kostnaðurinn úr 20.266 krónum í 23.673 krónur og í Reykjavík nam hækkunin um 15%, þar sem gjöldin fóru úr um 21 þúsund krónum í 24 þúsund. Sambærilega þróun má sjá í Árborg og á Akranesi.

Dýrast í Garðabæ á höfuðborgarsvæðinu

Á höfuðborgarsvæðinu er vistun í frístundaheimili dýrust í Garðabæ samkvæmt úttektinni. Þar nemur kostnaðurinn rúmum 34 þúsund krónum á mánuði en var rúmar 32 þúsund krónur árið 2023.

Úttektin sýnir því töluverðan mun á kostnaði fjölskyldna eftir búsetu og ólíka þróun gjaldskráa sveitarfélaganna. Mosfellsbær sker sig þar sérstaklega úr, enda eina sveitarfélagið í samanburðinum þar sem mánaðargjaldið hefur lækkað á síðustu þremur árum.



Kosningar

Þjóðaratkvæða-greiðsla 29. ágúst

Í Mosfellsbæ er kjörstaður í Lágafellsskóla við Lækjarhlíð og stendur kjörfundur frá kl. 9-22.

Aðsetur kjörstjórnar á kjördag verður á sama stað.

Netfang kjörstjórnar Mosfellsbæjar er kosningar@mos.is

Kjörskrá vegna þjóðaratkæðagreiðslunnar liggur frammi almenningi til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar að Þverholti 2, á auglýstum opnunartíma.

Á vef Landskjörstjórnar **kosning.is** er að finna upplýsingar um þjóðaratkvæðagreiðsluna þar á meðal um hvar kjósandi á að kjósa. Jafnframt er ýmsar hagnýtar upplýsingar að finna á vefnum **mos.is/kosningar**.

Kjörstjórn Mosfellsbæjar:
Davíð Örn Guðnason, formaður
Lovísa Jónsdóttir
Örvar Jóhannsson

Mosfellsbær Þverholti 2 525-6700 www.mos.is

HVAMMSVÍK

10 skipta kort í sjóböðin

á frábæru verði aðeins á hvammsvik.is



Leirvogstunguskóli fagnar 15 ára afmæli

Þann 17. ágúst fagnaði Leirvogstunguskóli 15 ára afmæli með skemmtilegum degi þar sem gleðin var í fyrirrúmi. Nemendur og starfsfólk skólans héldu upp á daginn með fjölbreyttum og skemmtilegum stöðvum víðs vegar um garðinn, þar sem börnin gátu tekið þátt í leikjum og uppákomum og notið dagsins saman. Í hádeginu var svo slegið upp sannkölluðu pulsupartíi.

Leirvogstunguskóli hefur heldur betur stækkað og dafnað á þessum 15 árum. Þegar skólinn var opnaður í ágúst 2011 var hann með tvær deildir en í dag eru þær orðnar sex. Það segir mikið um þann vöxt og þá uppbyggingu sem hefur átt sér stað í samfélaginu og hversu stóran og mikilvægan sess skólinn hefur skipað í Mosfellsbæ.

Við fögnum þessum merka áfanga og horfum björtum augum til framtíðarinnar.



Nýtt frístundatímabil hófst í Mosfellsbæ

Nýtt frístundatímabil hófst í Mosfellsbæ þann 15. ágúst fyrir skólaárið 2026–2027. Frístundastyrkur fyrir börn og ungmenni á aldrinum 6–18 ára nemur 65.000 kr.

Styrkurinn hækkaði fyrir þriðja barn í 68.250 kr. og áfram fyrir fjórða og fimmta barn o.s.frv. Þetta gildir um börn sem skráð eru með sama lögheimili og fjölskyldunúmer og foreldri/forráðamaður.

Einnig er í boði sérstök frístundaávísun fyrir fimm ára börn að upphæð 26.000 kr.

Frístundastyrknum er ráðstafað í gegnum skráningarkerfi frístundafélaganna um leið og barn er skráð til þátttöku í viðkomandi frístund. Styrkurinn gildir í eitt skólaár í senn og hefst nýtt tímabil þann 15. ágúst ár hvert.

Markmiðið með frístundastyrknum er að auðvelda börnum og ungmennum í Mosfellsbæ að taka þátt í skipulögðu íþrótta- og frístundastarfi, óháð því hvaða tómstundir þau kjósa sér. Með styrknum er jafnframt leitast við að hvetja sem flest börn og ungmenni til að finna sér frístund við hæfi og taka virkan þátt í fjölbreyttu félags- og tómstundastarfi.

Einstakur almyrkvi yfir Mosfellsbæ

Mosfellingar fengu tækifæri til að upplifa einstakan náttúruviðburð þegar almyrkvi varð á sólu 12. ágúst

Sögulegur náttúruviðburður átti sér stað miðvikudaginn 12. ágúst þegar almyrkvi varð á sólu og var hann „sjáanlegur“ frá hluta Mosfellsbæjar. Um einstakan viðburð var að ræða enda hafði almyrkvi ekki verið sjáanlegur frá höfuðborgarsvæðinu síðan árið 1433.

Mosfellsbær hafði undirbúið sig vel fyrir daginn og voru Tungubakkar skilgreindir sem aðalsvæði bæjarins fyrir þá sem vildu fylgjast með myrkvanum. Einnig voru góðar aðstæður til að upplifa almyrkvann við Leiruvog og Blikastaðanes. Á Tungubökkum hafði meðal annars verið komið fyrir risastórum sólmyrkvagleraugum í tilefni dagsins.

Sólmyrkvinn hófst sem deildarmyrkvi klukkan 16:47 þegar tunglið byrjaði að færast fyrir sólina. Almyrkvinn sjálfur hófst í Mosfellsbæ um klukkan 17:48:30 og náði hámarki aðeins 14 sekúndum síðar. Um klukkan 17:48:59 var almyrkvanum lokið en tunglið hélt áfram að færast frá sólinni og deildarmyrkvanum lauk um klukkan 18:47.

Staðsetning skipti miklu máli innan Mosfellsbæjar. Almyrkvinn var lengstur



HELGA, GÍSLI OG BÖRNIN NUTU SÍN Í BOTN.

nærri Leiruvogi og var hægt að upplifa hann í allt að 30 sekúndur á bestu stöðunum. Mosfellsdalur var hins vegar utan almyrkvaslóðarinnar og höfðu íbúar þar verið hvattir til að færa sig vestar, meðal annars að Tungubökkum, til að upplifa almyrkvann.

Mosfellsbær hafði undirbúið viðburðinn með góðum fyrirvara. Sólmyrkvagleraugum hafði meðal annars verið dreift til barna í leik- og grunnskólum bæjarins og mikil áhersla lögð á að fólk gætti að öryggi augnanna.

Almyrkvi á sólu verður þegar tunglið gengur á milli jarðar og sólar og hylur sólina að fullu í stutta stund. Dagsbirtan breytist þá skyndilega og sólkórónan verður sýnileg umhverfis tunglið.

Fyrir Mosfellinga var 12. ágúst því óvenjulegur dagur og tækifæri til að upplifa náttúrufyrirbæri sem ekki hafði sést á höfuðborgarsvæðinu í tæplega sex aldir.



HINRIK, TINNA, VÍÐIR OG VALTÝR VORU VIÐ HELGAFELL.



YLFA, SNÆDÍS, ANDRI OG SIGNÝ













KRÓNAN







Takk fyrir drulluna!

Sjáumst að ári



















UMFÍ

Snjallar lausnir - gott úrval - lágt verð

Afgreiðslutímar á kronan.is

Palla Open – sælla er að gefa en þiggja



ÞARNA SÉST PÁLL AFHENDA REYKJADAL ÁGÓÐAN AF SÖFNUNUNNI

Það sem hófst sem hugmynd um skemmtilegan afmælisdag í miðjum heimsfaraldri hefur á aðeins sex árum vaxið í einn stærsta góðgerðarviðburð í kringum Golfklúbb Mosfellsbæjar. Um 1.400 kylfingar hafa tekið þátt í Palla Open frá upphafi og alls hafa safnast um 28 milljónir króna til góðra málefna. Maðurinn á bak við mótið, Páll Örn Líndal, segir árangurinn fyrst og fremst vekja hjá sér þakklæti.

Hugmyndin kviknaði á erfiðum tíma

Hugmyndin að Palla Open varð til snemma árs 2021, í miðjum heimsfaraldri. Páll og fjölskylda hans höfðu þá gengið í gegnum erfitt tímabil og hann langaði að skapa eitthvað jákvætt þegar samfélagið færi aftur af stað.



„Mig langaði að gera eitthvað skemmtilegt þegar fólk gæti farið að hittast aftur eftir að samkomutakmörkunum létti," segir Páll.

Upphaflega stóð til að halda tvo viðburði á afmælisdegi hans, 22. maí, annars vegar golfmót og hins vegar hjólreiðakeppni. Páll viðraði hugmyndina við Ágúst Jensson, framkvæmdastjóra Golfklúbbs Mosfellsbæjar, sem tók strax vel í hana. Úr varð góðgerðarmótið Palla Open.

Fyrsta mótið heppnaðist vonum framar og stemningin var slík að nánast sjálfgefið þótti að endurtaka leikinn ári síðar.

Áherslan á nærumhverfið

Frá upphafi var ákveðið að fjármunirnir sem söfnuðust skyldu renna til góðra málefna í Mosfellsbæ. Fyrsta árið nutu bæði Reykjadalur og Hlaðgerðarkot góðs af mótinu.

Þegar undirbúningur fyrir annað mótið hófst vildi Páll hins vegar ganga skrefinu lengra. Hann og samstarfsfólk hans vildu að hægt væri að sjá með skýrum hætti hvert fjármagnið færi og hvaða áhrif það hefði.

Starfsfólk Reykjadals benti á þörf fyrir sérstaka útivistarhjólastóla sem gera börnum og ungmennum kleift að taka þátt í fjölbreyttri útivist. Haustið 2022 voru fjórir slíkir stólar afhentir Reykjadal fyrir tilstilli Palla Open.

„Það er stórkostlegt að sjá einstaklinga fá tækifæri til að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoninu eða stunda útivist, til dæmis skíði. Það eina sem skyggir á er að enn vantar fleiri slíka útivistarhjólastóla."

„Við viljum sæti við borðið fyrir alla"

Tengsl Páls við Reykjadal hafa orðið sterkari með hverju árinu. Hann viðurkennir að þegar fyrsta mótið var haldið árið 2021 hafi hann lítið vitað um starfsemina þar.

„Ég vissi nánast ekkert um Reykjadal í Mosfellsdal árið 2021 og hafði enga tengingu við staðinn. Það hefur breyst mikið á þessum sex árum."

Í Reykjadal rekur Gló stuðningsfélag sumarbúðir fyrir fötluð börn og ungmenni á aldrinum 8–21 árs og segir Páll starfsemina einstaka. Gleðin og kærleikurinn sem þar ríki hafi haft mikil áhrif á hann.

Næsta stóra verkefni Palla Open er að leggja sitt af mörkum til byggingar nýs matsalar í Reykjadal. Núverandi aðstaða er orðin of lítil og þörfin fyrir stærra rými mikil.

„Við viljum sæti við borðið fyrir alla," segir Páll.

1.400 kylfingar og 28 milljónir

Vöxtur Palla Open hefur verið ævintýralegur. Á sex árum hafa um 1.400 kylfingar tekið þátt og um 28 milljónir króna safnast, að meðtöldum fjármunum sem fóru í kaup á útivistarhjólastólunum fjórum. Árið 2026 tóku 258 kylfingar þátt í mótinu.

Páll segir erfitt að horfa yfir farinn veg án þess að fyllast þakklæti.

„Ég er þakklátur fjölskyldu, stjórn, starfsfólki og félagsmönnum Golfklúbbs Mosfellsbæjar og starfsfólki Blik Bistro."

Golfklúbburinn leggur til völlinn, aðstöðuna og vinnuna án endurgjalds og því getur mótsgjald þátttakenda runnið óskert til verkefnisins. Fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar hafa einnig stutt mótið með fjárframlögum og vinningum.

„Er hægt að vera annað en þakklátur fyrir þennan árangur og alla gleðina sem honum fylgir?"

Eins og alvöru stórmót

Palla Open er löngu orðið meira en hefðbundið golfmót. Páll segir marga þátttakendur hafa verið með frá upphafi og sumir lýsi því sem skemmtilegasta golfmóti sem þeir hafi tekið þátt í.

Mikil áhersla er lögð á umgjörðina og stemninguna frá morgni til kvölds. Mótið hefur einnig þá sérstöðu að kylfingar geta valið á milli tveggja manna og fjögurra manna Texas Scramble.

„Ég held að það sé fyrst og fremst stemningin, gleðin og ánægjan af því að eiga góðan dag saman í golfi," segir Páll.

Sjálfur keppti hann aðeins í fyrsta mótinu. Þá byrjaði hann daginn á því að hjóla upp á Mosfellsheiði áður en hann mætti á teig eftir hádegi. Síðustu fimm ár hefur hlutverk hans frekar verið að vera gestgjafi, taka á móti hollum, mynda keppendur og halda uppi stuði.

Hvaða Pallar eru þetta eiginlega?

Nafnið Palla Open hefur fest sig rækilega í sessi en það voru þó ekki allir sem áttuðu sig á uppruna þess í upphafi.

Páll rifjar upp skemmtilega sögu frá fyrsta mótinu þegar hann fór um völlinn á golfbíl og tók myndir af keppendum.

„Ég var að mynda eitt holl þegar nafn mótsins barst í tal. Keppendurnir voru að velta því fyrir sér hvaða pallar þetta væru sem mótið væri kennt við!"

Fjölskyldan hefur einnig sett sitt mark á mótið. Dóttir Páls, Andrea Líf, teiknaði upprunalega merkið fyrir Palla Open og




PÁLL LÍNDAL

breytti því síðar þegar ákveðið var að einbeita sér alfarið að golfmótinu.

Þrátt fyrir að mótið beri nafn hans segir Páll verkefnið aldrei hafa snúist um hann sjálfan.

„Þetta snýst nefnilega um málefnið en ekki mig. Hvort mótið muni alltaf heita Palla Open er aukaatriði."

Stefnt á 500 kylfinga árið 2027

Engin áform eru um að slá af. Undirbúningur fyrir Palla Open 2027 er þegar hafinn og næsta mót verður það stærsta frá upphafi.

Ákveðið hefur verið að leikið verði á báðum golfvöllum Golfklúbbs Mosfellsbæjar, Hlíðavelli og Bakkakoti. Með því verður hægt að taka á móti um 500 kylfingum.

Palla Open mun áfram styðja við Reykjadal og nú verður sérstök áhersla lögð á nýja matsalinn.

Sex árum eftir að hugmyndin kviknaði á erfiðum tíma hefur hún þannig orðið að verkefni sem hefur sameinað hundruð Mosfellinga, kylfinga og fyrirtækja um að láta gott af sér leiða. Páll segist sjálfur ekki hafa getað séð fyrir, árið 2021, hversu stórt verkefnið ætti eftir að verða.


En leiðarljósið hefur lítið breyst frá fyrsta degi.

„Sælla er að gefa en þiggja – ást og friður."









BESTA HUGMYNDIN DAGSINS



DOMINO'S PIZZA | HÁHOLTI 14 |MOSFELLSBÆ



Eldvirkni í myndlist

Ari Trausti Guðmundsson, jarðeðlisfræðingur og rithöfundur, heldur fyrirlestur í Bókasafni Mosfellsbæjar föstudaginn 28. ágúst kl. 17:00.

Fyrirlesturinn ber yfirskriftina „Eldvirkni í myndlist – Myndlistin í eldvirkninni“ og þar verður fjallað um verk 20 myndlistarmanna sem hafa túlkað eldfjöll, eldgos, hraun og aðrar gosmyndanir í verkum sínum.

Allmargir myndlistarmenn hafa fengist við að lýsa sinni sýn á eldvirkni á Íslandi. Margir taka fyrir eldfjöll eða eldgosin sjálf en aðrir, karlar og konur, horfa fremur til hrauna og annarra gosmyndana. Meðal listamannanna eru Ásgrímur Jónsson, Kjarval, Vigdís Bjarnadóttir, Edda Þórey, Lýður Sigurðsson, Guðmundur Einarsson, kenndur við Miðdal í Mosfellsbæ, og Sverrir Haraldsson sem bjó að Hulduhólum í Mosfellsbæ.

Lágafellslaug opin á ný eftir umfangsmiklar endurbætur

Nýr búnaður, endurbættir klefar og ný græn rennibraut

Lágafellslaug var opnuð á ný 1. júlí eftir tímabundna lokun vegna umfangsmikils viðhalds og endurbóta. Framkvæmdirnar náðu bæði til tæknibúnaðar sem gestir sjá lítið af og sýnilegri endurbóta á sundlaugarsvæðinu, búningsklefum og íþróttaaðstöðu.

Meðal þeirra verkefna sem unnin voru á meðan laugin var lokuð var endurnýjun rafbúnaðar í stýringum lauganna og útskipting loftræstikerfis. Þá voru gerðar viðgerðir á flísum í botni útilaugar og í heitum pottum.

Búningsklefarnir fengu einnig yfirhalningu. Flísar, salerni og vaskar voru endurnýjuð og nýir speglar og lýsing sett upp í kvennaklefa. Þá var ráðist í endurbætur á lýsingu í karlaklefa. Þök á útiklefum voru endurnýjuð auk þess sem múrhúðun hússins var lagfærð og máluð.

Ein sýnilegasta breytingin fyrir yngri sundlaugargesti er ný rennibraut. Gamla rauða rennibrautin var komin til ára sinna og í hennar stað hefur verið sett upp ný, þrískipt græn rennibraut.



Íþróttasalurinn fékk sömuleiðis yfirhalningu. Gólfið var slípað og lakkað og línur á gólfi voru endurnýjaðar, sem bætir meðal annars aðstöðu til badmintonæfinga.

World Class nýtti lokunina einnig til framkvæmda á sínu svæði. Þar voru tæki endurnýjuð, unnið var að viðhaldi í búningsklefum og teygjusvæðið fært og stækkað.

Lágafellslaug hefur nú verið opin í rúman einn og hálfan mánuð eftir framkvæmdirnar og Mosfellingar geta því aftur nýtt sundlaugina og aðstöðuna með hefðbundnum hætti.

Fram undan er stórafmæli Lágafellslaugar en hún fagnar 20 ára afmæli á næsta ári.

MOSFELLINGUR
KEMUR NÆST ÚT 17. SEPTMEMBER





Í TÚNINU HEIMA

STÓRTÓNLEIKAR VIÐ HLÉGARÐTÚN Á SUNNUDAGINN



Sprite Zero Klan



TÓNHYLUR



Sigga Ózk



HERRA HNETUSMJÖR

30. ÁGÚST KL. 17-19

Dagskrá hátíðarinnar í opnu og á mos.is

MOSFELLSBAKARÍ

BYGGINGAFÉLAGIÐ BAKKI

AFLTAK EHF.

ISBAND

ÍSTAK

Mosfellsbær

LANDFARI

KFC

VGH Mosfellsbæ
VERKTAKI - VÉLALEIGA
GSM 896 6279 896 9443 8962279
ÞAÐ SEM TIL ÞARF

DAGSKRÁ 2026

Þriðjudagur, 25. ágúst

Kl. 17 Hundahlaup
Hundahlaupið er opið öllum opið, tvær vegalengdir í boði, 2 km og 5 km. Ræst verður við flötina fyrir neðan Reykjalund. Svæðið opnar kl. 16, sameiginleg upphitun hefst kl. 17.45, skemmtiskokk ræst kl. 18 og 5 km tímataka ræst kl. 18.30. Skráning: netskraning.is/hundahlaupid

Kl. 17–19
Amsturdam 7 – Opið hús
Magne og Ásta í IceBike taka á móti gestum í fjallahjólamiðstöðinni sinni, Lundi. Amsturdam 7, rétt fyrir neðan Reykjalund.

Kl. 17–18 Prjónaskreytingar
Kvenfélag Mosfellsbæjar skreytir aspirnar við Háholt í miðbæ Mosfellsbæjar með handverki. Íbúar geta tekið þátt og komið með það sem þeir eru með á prjónunum.

Kl. 17–20 Perlað með Krafti
Kraftur kemur í Hlégarð og perlar armbönd með Aftureldingu og Mosfellingum. Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein.

Kl. 19.15 Afturelding –
Grótta í Lengjudeild karla
Heimaleikur á Malbikstöðinni að Varmá. Afturelding er í harðri baráttu um að komast aftur upp í Bestu deildina og þarf á stuðningi áhorfenda að halda.

Miðvikudagur, 26. ágúst

Kl. 14–16 Opið hús fyrir eldri borgara
Kynningarfundur í Hlégarði um þá þjónustu sem stendur til boða í sveitarfélaginu. Þjónustuaðilar með kynningarbása og heitt á könnunni.

Kl. 17 Vígsla „pump track“
hjólabrautar í Ævintýragarðinum
BMX Brós sýna listir sínar. Iðkendur í Hjóladeild Aftureldingar verða á staðnum sem og hönnuður brautarinnar, Magne Kvam, og hans teymi í IceBike.

Kl. 19–20.30 Ball í Hlégarði
fyrir 5.–7. bekk
Í túninu heima ball í Hlégarði. DJ og sjoppa á staðnum. 1.000 kr. inn. Þema: Hverfalitir.

Kl. 21–23 Unglingaball í Hlégarði
fyrir 8.–10. bekk
Í túninu heima hátíðarball á vegum félagsmiðstöðvarinnar Bólsins.
2.000 kr. inn. Þema: Hverfalitir.

Fimmtudagur, 27. ágúst

Íbúar skreyta hús og götur í hverfislitum
- **Gulur:** Hlíðar, Höfðar, Tún og Mýrar
- **Rauður:** Tangar, Holt og Miðbær
- **Bleikur:** Teigar, Krikar, Álafosskvos, Lönd, Ásar, Tungur og Mosfellsdalur
- **Blár:** Reykja- og Helgafellshverfi

Kl. 07.30–17.30 Mosfellsbakarí
Mosfellsbakarí verður opið fimmtudag og föstudag frá kl. 7.30–17.30, 8-16 á laugardag og 8.30–16 á sunnudag. Bakkelsi í hverfalitunum verður á boðstólum meðan á hátíð stendur.

Kl. 12–20 Háholt 14 – MosóTorg
Sigurbjörg, Instaprent, Slikkerí og Myndó verða með skemmtilegar pop-up verslanir á svæðinu. Líttu við, skoðaðu úrvalið og njóttu stemningarinnar á bæjarhátíðinni!

Kl. 13–15.30 Skálahlíð 9 (Skálatún) –
Hamrahlíð Vinna og Virkni
Opið hús og markaður í Hamrahlíð, Vinna og Virkni, þar sem alls konar handgerðir hlutir verða til sölu.

Kl. 16–19 Dalsá í Mosfellsdal
Gestir eru hjartanlega velkomnir í vinnustofuna á Dalsá í Mosfellsdal. Til sýnis verða ýmsir handverksmunir sem Jóhanna hefur unnið að á liðnum árum.

Kl. 16.30 Sápubolti við Hlégarð
Félagsmiðstöðin Ból stendur fyrir Sápubolta á túninu við Hlégarð. Keppt er í tveimur flokkum, 10-12 ára og 13-18 ára, 4-6 keppendur í hverju liði. Skráningu liða þarf að senda á bolid@mos.is fyrir 27. ágúst (ekki hægt að skrá á staðnum). Keppnisgjald er 2000 kr. á lið - posi á staðnum. Pylsur og djús í boði fyrir þátttakendur.

Kl. 17 Hátíðardagskrá í Hlégarði
og setning bæjarhátíðar
Setning bæjarhátíðarinnar 2026. Umhverfisnefnd veitir umhverfisviðurkenningar Mosfellsbæjar 2026. Útnefning bæjarlistamanns Mosfellsbæjar 2026. Heitt á könnunni og öll velkomin.

Kl. 17–22 Sundlaugarkvöld
í Lágafellslaug
Húllumhæ og frítt í Lágafellslaug. Wipe Out brautin opin 17–18 fyrir yngri börnin og 18–19 fyrir þau eldri. DJ Baldur heldur uppi stuðinu frá 17–21. Lína langsokkur kl. 17.30 og Lalli töframaður kl. 18.30. Ís í boði og pylsur og safi til sölu.

Kl. 18 Fellahringurinn
Fjallahjólaskemmtun sem höfðar til breiðs hóps hjólara, bæði þeirra sem eru lengra komnir og þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref í fjallahjólreiðum. Boðið er upp á tvo mögulega hringi, litla 15 km og stóra 30 km. Skráning: netskraning.is/fellahringurinn

Kl. 19 Fræðsluganga
Bjarki Bjarnason leiðir fræðslu- og sögugöngu upp með Varmá. Lagt verður af stað frá Hlégarði kl. 19, gengið að Brúarlandi, um Álafosskvos og áfram upp með Varmá að Reykjalundi og Suður-Reykjum.

Kl. 20 Bílaklúbburinn Krúser
Bílaklúbburinn Krúser safnast saman á bílaplaninu við Kjarna. Tilvalið að kíkja á flottar drossíur og klassíska bíla frá liðinni tíð. Fjöldi glæsivagna á svæðinu ef veður leyfir og er heimafólk hvatt til að mæta.

Kl. 20 Hlégarður – Feita hjartað
„Feita hjartað“ er nýtt uppistand Dóra DNA. Í sýningunni kafar Dóri ofan í kviku tilverunnar og skoðar sjálfan sig að innan. Sýningin er stranglega bönnuð innan 16 ára og þarf að vera í fylgd með fullorðnum frá 16-18 ára. Húsið opnar kl. 19. Miðasala á tix.is

Föstudagur, 28. ágúst

Kl. 10 og 11 Söngvasyrpa Lottu
Elsta árgangi leikskólanna í Mosfellsbæ er boðið á leiksýningu í bókasafninu. Leikhópurinn Lotta flytur söngvasyrpu sem er stútfull af sprelli, fjöri og söng. Dagskrá í samstarfi við leikskólana.

Kl. 11–16 Húsdýragarðurinn á
Hraðastöðum
Hraðastaðir í Mosfellsdal er dýragarður með ýmsum húsdýrum sem hægt er að klappa. Aðgangseyrir er 1.300 kr. á mann og frítt fyrir 2 ára og yngri. Teymt er undir börnum kl. 13 og 15 fyrir 500 kr. aukalega.

Kl. 13–15.30 Skálahlíð 9 (Skálatún) –
Hamrahlíð Vinna og Virkni
Opið hús og markaður í Hamrahlíð, Vinna og Virkni, þar sem alls konar handgerðir hlutir verða til sölu.

Kl. 13–18 Opin vinnustofa í Álafosskvos
Opin vinnustofa Sigfríðar Lárusdóttur og Lárusar Þórs Pálmasonar að Álafossvegi 23, 4. hæð. Lyfta er á gafli hússins.

Kl. 14–17 Opið hús hjá
Pílus hársnyrtistofu
Opið hús í tilefni eigendaskipta á Pílus hársnyrtistofu í Kjarna. 20% afsláttur af völdum vörum!

Kl. 14-17 Þverholt 5, bakhús – Moonfire
Opið hús í nýju húsnæði Moonfire. Gestum býðst að kynnast Moonfire og vörum þess og taka þátt í rólegum og fallegum upplifunum.

Kl. 14–18 Opið hús listafólks í Álafosskvos
Ólöf Björg sýnir valin verk í vinnustofu sinni að Álafossvegi 23, 3. hæð.

Kl. 14–20.30 Gullgarðurinn í Hlégarði
Matur, drykkir og afþreying fyrir alla. Kjúllabarinn, matarvagnar og leiktæki frá Köstulum á sínum stað. FM95Blö í beinni úr Hlégarði, karamellukast kl. 17.30, Íslandsmeistaramótið í mávagargi og fleira.

Kl. 15–19 Bæjarás 2 – Myndlistarsýning
Myndlistarsýning Hólmfríðar Ólafsdóttur „Kringum allt“ í bílskúr við Bæjarás 2.

Kl. 16–19 Dalsá í Mosfellsdal
Gestir eru hjartanlega velkomnir í vinnustofuna á Dalsá í Mosfellsdal. Til sýnis verða ýmsir handverksmunir sem Jóhanna hefur unnið að á liðnum árum.

Kl. 16–19 Áheitasund í Lágafellslaug
Iðkendur í Gullhóp sunddeildar Aftureldingar synda vegalengd Ermarsundsins og safna áheitum vegna æfingaferðar hópsins til Danmerkur. Kökusala verður á staðnum til styrktar deildinni.

Kl. 16–18 FM95Blö í beinni frá Hlégarði
Útvarpsþátturinn FM95Blö verður sendur út í beinni útsendingu á FM597 frá Kjúllanum í Hlégarði. Mosfellingurinn Steindi Jr. fer fyrir sínum mönnum og góðir gestir líta við.

Kl. 16–19 Arnartangi 25 –
Í bílskúrnum hjá ömmu
Bílskúrssala þar sem handprjónaðar lopapeysur í ýmsum litum og stærðum verða til sölu. Heimagerð rabarbarasulta og málverk verða einnig til sölu. Heitt á könnunni.

Kl. 17–18 Eldvirknin í myndlist og
myndlistin í eldvirkninni – Bókasafn
Ari Trausti Guðmundsson fjallar um samspil myndlistar, fyrst og fremst í verkum íslenskra myndlistarmanna, og ógnvænlegra eldsumbrota undanfarinna alda.

Kl. 17–18 Glíma á Hlégarðstúni
Glímufélag Reykjavíkur býður öllum að koma og taka þátt eða fylgjast með glímuæfingu. Það geta allir komið og kynnt sér krakkaglímuna og grunnnámskeið fullorðinna sem verður á dagskrá í haust.

Kl. 18–19.30 Þverholt 5, bakhús –
Tónheilun með Moonfire
Moonfire býður upp á tónheilun á fullu tungli. Gjald er 5.900 kr. og 8 pláss í boði. Skráning í Noona undir Moonfire.life.

Kl. 19–22 Súpuveisla Friðriks V
og vina í Álafosskvos
Matreiðslumeistarinn Friðrik V og vinir galdra fram kraftmikla kjötsúpu ásamt ljúffengri fiskisúpu og dásemdar vegan súpu. Allur ágóði fer til endurbóta á skátaheimili Mosverja.

Kl. 19–22 Álafoss Factory
Framdyrnar opnar á Álafossvegi 23. Hægt að kíkja á framkvæmdir; nú styttist mjög í opnun en áætlað er að opna í september.

Kl. 19–23 Kaffihús Mosverja
Skátafélagið Mosverjar verður með kaffihús í Skálanum í Álafosskvos. Rjúkandi heitt kakó eða kaffi ásamt ýmsu góðgæti.

Kl. 21–22.30 Ullarpartý í Álafosskvos
Öll hvött til að mæta í lopapeysu! Brekkusöngur og skemmtidagskrá. Björgunarsveitin Kyndill kveikir á blysum. Ketill Ágústsson stýrir brekkusöng.

Kl. 23–02 Hlöðuball í Hlégarði
Kjúllamenn og Færibandið halda uppi stuðinu fram á nótt. Húsið opnar kl. 22 og því tilvalið að mæta beint úr brekkusöng á ball! Lopapeysur, kúrekahattar og allt leyfilegt. Miðasala á tix.is

Laugardagur, 29. ágúst

- Frítt í Varmárlaug
- Frítt á Gljúfrastein
- Tívolí við Miðbæjartorg alla helgina (aðgöngumiðar seldir á staðnum)

Kl. 8–20 Golfklúbbur Mosfellsbæjar
Tveir fyrir einn af vallargjaldi á golfvellinum í Bakkakoti í Mosfellsdal um helgina.

Kl. 9–16 Tindahlaupið
Náttúruhlaup sem hefst í Fellinu við íþróttamiðstöðina að Varmá. Ræst verður í tveimur ráshópum, 5 og 7 tindar kl. 9, 1 tindur og 3 tindar kl. 11. Tindahlaup Mosfellsbæjar er í boði Sportís. Skráning: netskraning.is/tindahlaupid

Kl. 10–14 Arnartangi 19 – Bílskúrssala
Komdu og gerðu góð kaup á bílskúrssölu við Arnartanga 19.

Kl. 10–17 Frítt á Gljúfrastein
Gestum verður boðið að ganga um húsið og líta við á Litla Laxness bókamarkaðnum í móttökunni á Gljúfrasteini. Einnig gefst kostur á að sjá Jagúarbifreið skáldsins sem verður heima á hlaðinu gestum og gangandi til ánægju.

Kl. 11–11.30 Brúðubíllinn í Álafosskvos
Brúðubíllinn sýnir Afmælisveisluna. Á leið sinni í afmælisveislu hitta Lilli api og Dúskur margar skrautlegar persónur, þar með talin Agnarögn og Dindil, sem baka drullurköku fyrir afmælisbarnið. Verkið er uppfullt af töfrum, glimmeri og fjörugum lögum.

Kl. 11–16 Arnartangi 25 –
Í bílskúrnum hjá ömmu
Bílskúrssala þar sem handprjónaðar lopapeysur í ýmsum litum og stærðum verða til sölu. Heimagerð rabarbarasulta og málverk verða einnig til sölu. Heitt á könnunni.

Kl. 11–16 Barrholt 5 – Bílskúrssala
Allt milli himins og jarðar til sölu á vægu verði á bílskúrssölu við Barrholt 5. Allt mjög ódýrt!

Kl. 11–16 Húsdýragarðurinn á
Hraðastöðum
Hraðastaðir í Mosfellsdal er dýragarður með ýmsum húsdýrum sem hægt er að klappa. Aðgangseyrir er 1.300 kr. á mann og frítt fyrir 2 ára og yngri. Einnig er teymt undir börnum kl. 13 og 15 fyrir 500 kr. aukalega.

Kl. 11–16 Þverholt 6 – ÍSBAND
Frumsýning á B05 og B03X, tveimur nýjum og glæsilegum 100% rafknúnum bílum frá LEAPMOTOR í sýningarsal ÍSBAND. LEAPMOTOR fjölskyldan stækkar ört og telur nú fimm bíla: Smábílinn T03, B03X jepplinginn, miðstærðarbílana B05 og B10 og svo flaggskipið C10 AWD. Á bílaplani ÍSBAND verður Taylor's Tivolí alla helgina og á frumsýningardaginn verður fótboltavöllur í boði Pepsi hjá okkur.

Kl. 11–17 Loppumarkaður í Kjarna
Loppumarkaðurinn snýr aftur og verður haldinn fyrir framan bókasafnið. Alvöru markaðsstemning.

Kl. 11.30–20 Gullgarðurinn í Hlégarði
Veislan heldur áfram á Kjúllanum. Matur, drykkir og afþreying fyrir alla. Enski boltinn í beinni, upphitun fyrir Aftureldingu-Vestra. Steindi, Dóri DNA og Saint Pete rífa upp stemmarann og Íslandsmeistaramótið í prikhestum fer fram.

Kl. 12 Hópakstur um Mosfellsbæ
Fergusonfélagið stendur fyrir hópakstri dráttarvéla og fornbíla. Lagt af stað frá Tungubakkaflugvelli og keyrt um bæinn.

Kl. 12–14 Húllumhæ í Bónus
Boðið upp á alls konar smakk, grill og ís fyrir börnin. Lukkuhjólið og ávaxtastandurinn verða á sínum stað og Blaðrarinn gerir skemmtilegar blöðrur fyrir krakkana.

AFLTAK EHF.
MOSFELLSBAKARÍ
ÍSBAND
LANDFARI
KFC

Í TÚNINU HEIMA

Kl. 12–15 Verkstæði Ásgarðs
Listasmiðja Ásgarðs í græna bragganum við brúna. Gestum og gangandi stendur til boða að vera með í að gera listaverk sem sett verður upp í bænum.

Kl. 12–16 Kvíslartunga 40 – Garðsala
Fjölskyldan í Kvíslartungu 40 blæs til garðsölu. Húsgögn, fatnaður og smávörur á dúndurverði!

Kl. 12–16 Kaffihús Mosverja
Skátafélagið Mosverjar verður með kaffihús í Skálanum í Álafosskvos. Rjúkandi heitt kakó eða kaffi ásamt ýmsu góðgæti.

Kl. 12–16 Súpuveisla Friðriks V og vina í Álafosskvos
Matreiðslumeistarinn Friðrik V og vinir galdra fram kraftmikla kjötsúpu ásamt ljúffengri fiskisúpu og dásemdar vegan súpu. Allur ágóði fer til endurbóta á skátaheimili Mosverja.

Kl. 12–16 Verslun Ásgarðs
Ásgarður handverkstæði veitir fötluðum einstaklingum vinnu og þjónustu. Í verslun Ásgarðs má til dæmis finna falleg tréleikföng, skrautmuni, töskur og veski og ýmsar vörur fyrir heimilið.

Kl. 12–17 Wings and Wheels – Tungubakkaflugvöllur
Flugvélar, gamlir bílar og gamlar dráttarvélar til sýnis á Tungubakkaflugvelli. Wings and Wheels hátíðin er samstarfsverkefni Flugklúbbs Mosfellsbæjar, Ferguson félagsins og Fornbílaklúbbsins.

Kl. 13–13.30 Fellsás 2 – Mosfellingar bjóða heim
Kvennakórinn Stöllur, ásamt gestum, heldur tónleika í garðinum hjá Gunnsu Fellsási 2. Stöllur flytja skemmtileg og falleg lög undir stjórn Heiðu Árnadóttur og Ásbjargar Jónsdóttur píanóleikara. Auk kórsins koma fram söngvararnir Guðjón Magnússon og Dagur Magnússon.

Kl. 13–14 Hestafjör
Teymt undir börnum á Stekkjarflötinni í boði Hestamenntar.

Kl. 13–14 Töfrasýning og blöðrudýr með Lalla töframanni – Bókasafnið
Við fögnum góðu gengi duglegra lestrarhesta í sumar á uppskeruhátíð sumarlesturs. Lalli töframaður mætir á safnið með stórskemmtilega töfrasýningu og litrík blöðrudýr.

Kl. 13–15 Velkomin í Brúarland
Skoðið þetta sögufræga hús og kynnið ykkur starfsemina. Í dag er húsið nýtt sem samfélagshús fyrir eldra fólk. Félagar í Famos og starfsfólk félagsstarfsins taka vel á móti öllum. Sýning, kaffi og kruðerí.

Kl. 13–16 Stekkjarflöt
Frítt fyrir káta krakka í hoppukastala.

Kl. 13–16 Þverholt 5, bakhús – Moonfire
Opið hús í nýju húsnæði Moonfire. Gestum býðst að kynnast Moonfire og vörum þess og taka þátt í rólegum og fallegum upplifunum.

Kl. 13–17 Bæjarás 2 – Myndlistarsýning
Myndlistarsýning Hólmfríðar Ólafsdóttur „Kringum allt“ í bílskúr við Bæjarás 2.

Kl. 13–17 Dvergholt 16 – Opnunarsýning
Opnunarsýning Grósk Skart í garðinum við Dvergholt 16. Gullsmiðurinn Gréta Ósk opnar.

Kl. 13–17 Dvergholt 18, neðri hæð – Garðpartý
Notalegt garðpartý hjá Hugarró Store. Fallegt úrval af garni og prjónavörum, léttar veitingar og notaleg samvera. Tilvalið tækifæri til að hitta annað prjónaáhugafólk og spjalla.

Kl. 13–17 Karlar í skúrum Mosfellsbæ – Handverkssýning
Opið hús að Skálahlíð 7A, Litluhlíð, á svæði Farsældartúns (áður Skálatúns). Útskurður, tálgun, rennismíði, módelsmíði, fluguhnýtingar o.fl. til sýnis.
Kaffi og meðlæti í boði.

Kl. 13–18 Opin vinnustofa í Álafosskvos
Opin vinnustofa Sigfríðar Lárusdóttur og Lárusar Þórs Pálmasonar að Álafossvegi 23, 4. hæð. Lyfta er á gafli hússins.

Kl. 14 Listamannaspjall í Listasal Mosfellsbæjar
Listamannaspjall með Ragnhildi Jóhannsdóttur í tengslum við sýninguna „Ég er vel synd“ í Listasal Mosfellsbæjar.

Kl. 14 Aftureldingu-Vestri í Lengjudeild karla
Heimaleikur á Malbikstöðinni að Varmá. Síðasti heimaleikur Aftureldingar í Lengjudeildinni í ár. Bryddað verður upp á ýmsu skemmtilegu að vanda í tengslum við þennan mjög mikilvæga toppbaráttuleik.

Kl. 14–16 Kjúklingafestival
Stærstu kjúklinga- og matvælaframleiðendur landsins kynna afurðir sínar, selja og gefa smakk við íþróttamiðstöðina að Varmá. Matur og skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Kl. 14–16 Leirutangi 2 – Listasýning
Ýmir Grönvald sýnir ný málverk frá Mosfellsbæ.

Kl. 14–18 Opið hús listafólks í Álafosskvos
Ólöf Björg sýnir valin verk í vinnustofu sinni að Álafossvegi 23, 3. hæð.

Kl. 15 Blikahöfði – Mosfellingar bjóða heim
Frændsystkinin og Mosfellingarnir Eydís Ósk Sævarsdóttir og Emil Agnar Sumarliðason bjóða ykkur á söngleikjatónleika í götunni Blikahöfða. Boðið verður upp á stuð, stemningu og snarl. Fyrir alla fjölskylduna!

Kl. 15 Varmárkórinn í Kjarna
Varmárkórinn tekur lagið í Kjarnanum.

Kl. 15 Reykjabyggð 33 – Mosfellingar bjóða heim
Ingibjörg Hólm býður ykkur velkomin í garðinn í rólegheitastemningu þar sem hún flytur nokkur vel valin lög.

Kl. 16–17 Akurholt 21 – Mosfellingar bjóða heim
Fjölskyldan Akurholti 21 býður í tónlistarveislu. Stormsveitin ásamt Þóri Úlfarssyni stígur á stokk með vel valin lög úr öllum áttum. Öll velkomin.

Kl. 16–18 Súluhöfði 21 – Mosfellingar bjóða heim
Less is more býður upp á hressilega tónleika undir berum himni. Hljómsveitina skipa Ásta Valdimars, Daði Georgsson, Hafliði Ragnarsson, Hildur Ben og Halldór Sölva.

Kl. 16.30 Karamellukast á Tungubökkum
Karamellukast fyrir börnin.

Kl. 17 Kvíslartunga 98 – Mosfellingar bjóða heim
Karlakórinn Esja kemur fram á heimatónleikum í Kvíslartungu. Léttur, nettur og hefðbundinn kór með óhefðbundnu ívafi.

Kl. 17 Hólakot Hraðastaðavegur 11 – Mosfellingar bjóða heim
Blústónleikar í Hólakoti. Blúshljómsveit Guðmundar Hreinssonar og félaga stendur fyrir tónleikum í minningu Þorkels Jóelssonar.

Kl. 17–18 Vogatunga 413 – Mosfellingar bjóða heim
Slagarasveitin ásamt Aldísi Olgu, sem nú hefur formlega gengið til liðs við hópinn og færist óðum nær framlínunni.

Kl. 17–18 Þverholt 5, bakhús – Yoga Nidra með Moonfire
Yoga Nidra með Moonfire.
Gjald er 4.500 kr. og 8 pláss í boði.
Skráning í Noona undir Moonfire.life.

Kl. 17–19 Álafosskvos – Ungmennaballið heima
Fram koma: Ketill Ágústsson sem stýrir upphitun með brekkusöng, Aron Valur Gunnlaugsson DJ, Villi Karl og Maron Birnir

Kl. 18–21 Götugrill
Íbúar í Mosfellsbæ halda götugrill í vel skreyttum götum bæjarins. Mos.is

Kl. 22–02 Túnið ‘26 í Hlégarði
Túnið ‘26 fer fram í Hlégarði þegar bæjarhátíðin Í túninu heima nær hámarki. Fram koma: Maron Birnir, Saint Pete, Kristmundur Axel og Aron Can. 20 ára aldurstakmark. Miðasala á midix.is

Sunnudagur, 30. ágúst

Kl. 8–20 Golfklúbbur Mosfellsbæjar
Tveir fyrir einn af vallargjaldi á golfvellinum í Bakkakoti í Mosfellsdal um helgina.

Kl. 9–17 Íþróttasvæðið á Tungubökkum
Fótboltamót Aftureldingar og Gæðabaksturs, 7. og 8. flokkur karla og kvenna.

Kl. 9.30–11 Opinn fjölskyldutími í íþróttahúsinu að Varmá
Fyrsti opni fjölskyldutími vetrarins í íþróttahúsinu að Varmá. Ætlaður börnum á grunnskólaaldri og allri fjölskyldunni. Leikir, íþróttir, boltar, borðtennis, fimleikar, dans og margt fleira. Frítt í sund fyrir alla fjölskylduna að tímanum loknum.

Kl. 11–12 Þverholt 5, bakhús – Tónheilun með Moonfire
Moonfire býður upp á tónheilun og slökun.
Gjald er 4.900 kr. og 8 pláss í boði.
Skráning í Noona undir Moonfire.life.

Kl. 11–15 Arnartangi 19 - Bílskúrssala
Komdu og gerðu góð kaup á bílskúrssölu við Arnartanga 19.

Kl. 11–16 Barrholt 5 - Bílskúrssala
Allt milli himins og jarðar til sölu á vægu verði á bílskúrssölu við Barrholt 5. Allt mjög ódýrt!

Kl. 11–16 Húsdýragarðurinn á Hraðastöðum
Hraðastaðir í Mosfellsdal er dýragarður með ýmsum húsdýrum sem hægt er að klappa. Aðgangseyrir er 1.300 kr. á mann og frítt fyrir 2 ára og yngri. Einnig er teymt undir börnum kl. 13 og 15 fyrir 500 kr. aukalega.

Kl. 11.30 Skákmót í Kjarna
Skákfélag Mosfellsbæjar stendur fyrir skákmóti þar sem teflt verður um titilinn Skákmeistari Mosfellsbæjar 2026.

Kl. 12–16 Kaffihús Mosverja
Skátafélagið Mosverjar verður með kaffihús í Skálanum í Álafosskvos. Rjúkandi heitt kakó eða kaffi ásamt ýmsu góðgæti.

Kl. 12–16 Súpuveisla Friðriks V og vina í Álafosskvos
Matreiðslumeistarinn Friðrik V og vinir galdra fram kraftmikla kjötsúpu ásamt ljúffengri fiskisúpu og dásemdar vegan súpu. Allur ágóði fer til endurbóta á skátaheimili Mosverja.

Kl. 12–16 Verslun Ásgarðs
Ásgarður handverkstæði veitir fötluðum einstaklingum vinnu og þjónustu. Í verslun Ásgarðs má til dæmis finna falleg tréleikföng, skrautmuni, töskur og veski og ýmsar vörur fyrir heimilið.

Kl. 13–13.20 Sirkus Ananas á Hlégarðstúni
„Mikilvæg mistök“ er eins manns 20 mínútna sirkussýning fyrir börn á leikskólaaldri. Eftir sýninguna verður opin vinnustofa í sirkus þar sem áhorfendur fá sjálfir að prófa sirkusáhöld.

Kl. 13–15 Þverholt 5, bakhús – Moonfire
Opið hús í nýju húsnæði Moonfire. Gestum býðst að kynnast Moonfire og vörum þess og taka þátt í rólegum og fallegum upplifunum.

Kl. 13–17 Matarmarkaður í Álafosskvos
Framleiðendur sýna, segja frá og selja sínar vörur. Spennandi markaður með góðum mat beint frá framleiðendum.

Kl. 13–17 Álafoss Factory
Framdyrnar opnar á Álafossvegi 23. Hægt að kíkja á framkvæmdir; nú styttist mjög í opnun en áætlað er að opna í september.

Kl. 13–17 Karlar í skúrum Mosfellsbæ – Handverkssýning
Opið hús að Skálahlíð 7A, Litluhlíð, á svæði Farsældartúns (áður Skálatúns). Margs konar verk til sýnis. Útskurður, tálgun, rennismíði, módelsmíði, fluguhnýtingar o.fl. Komið og fræðist um starfsemina. Kaffi og meðlæti.

Kl. 13–17 Bæjarás 2 – Myndlistarsýning
Myndlistarsýning Hólmfríðar Ólafsdóttur „Kringum allt“ í bílskúr við Bæjarás 2.

Kl. 14 Leirutangi 53 – Mosfellingar bjóða heim
Bræðurnir Guðjón og Dagur Magnússynir bjóða heim á tónleika að Leirutanga 53 ásamt vinum úr Listaskóla Mosfellsbæjar og víðar að. Ungt og upprennandi tónlistarfólk spilar nýtt og sígilt popp og rokk.

Kl. 14–18 Opið hús listafólks í Álafosskvos
Ólöf Björg sýnir valin verk í vinnustofu sinni að Álafossvegi 23, 3. hæð.

Kl. 14–16 Opið hús á slökkvistöðinni
Slökkvistöðin við Skarhólabraut verður til sýnis fyrir hátíðargesti. Gestum býðst að skoða bíla, tæki og búnað slökkviliðsins í bílasal. Hinn ástsæli Bjössi brunabangsi kíkir í heimsókn. Öll velkomin.

Kl. 14–17 Skógarreitur Kvenfélags Mosfellsbæjar
Kvenfélag Mosfellsbæjar býður til lautarferðar og leikja í Skógarreit félagsins við Skarhólabraut. Góð og nærandi samvera í „grænni lautu“ fyrir alla fjölskylduna þar sem finna má leikstöðvar inn á milli trjánna og ratleik með fjölbreyttum spurningum og þrautum fyrir unga sem eldri.

Kl. 15–19 Veltibíllinn við Hlégarð
Veltibíllinn er vinsælt og mikilvægt forvarnartæki sem sýnir hvernig bílbelti bjarga mannslífum í bílveltu. Komdu og upplifðu raunverulega veltu í öruggu umhverfi.

Kl. 15–16 Mugison með hljómsveit
Mugison með hljómsveit í túninu fyrir aftan Fellshlíð í Helgafelli.
Frítt inn á meðan rými leyfir.

Kl. 16.30 Karamellukast á Tungubökkum
Karamellukast fyrir börnin.

Kl. 16 Gljúfrasteinn – Jelena á stofutónleikum
Síðustu stofutónleikar sumarsins á Gljúfrasteini verða sunnudaginn 30. ágúst kl. 16. Þá mun söngvaskáldið Jelena Ćirić stíga á stokk ásamt Margréti Arnardóttur harmónikuleikara og Karli Pestka víóluleikara. Miðar seldir í afgreiðslu Gljúfrasteins á tónleikadegi.

Kl. 17–19 Stórtónleikar á Hlégarðstúni
Skemmtun fyrir alla fjölskylduna þar sem Mosfellsbær býður upp á stórtónleika á Hlégarðstúni. Fram koma: Sprite Zero Klan, Sigga Ósk, Tónhylur Akademía og Herra Hnetusmjör.

Kl. 18.30 Pílagrímsganga frá Mosfellskirkju
Séra Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir leiðir pílagrímsgöngu frá Mosfellskirkju. Lagt af stað kl. 18.30 og gengið að Lágafellskirkju.

Kl. 20 Kvöldmessa
Kvöldmessa í Lágafellskirkju.
Súpa og brauð í boði í skrúðhúsi kirkjunnar.

BYGGINGAFÉLAGIÐ BAKKI
ÍSTAK
VGH Mosfellsbæ
VERKTAKI - VÉLALEIGA
GSM 896 6279 896 9443 8962279
ÞAÐ SEM TIL ÞARF



Eigendaskipti á hárgreiðslustofunni Pílus

Á dögunum urðu eigendaskipti á hárgreiðslustofunni Pílus í Kjarna, Þverholti 2. Agnes Einarsdóttir, starfsmaður Pílus til 14 ára, keypti stofuna af Ragnhildi Bergþórsdóttur sem rekið hefur stofuna síðustu 19 ár. Enginn þarf að örvænta um að Ragnhildur hverfi á braut, hún ætlar að starfa áfram á stofunni. Nú starfa fimm á Pílus og ekki er að vænta mikilla breytinga á starfseminni, enda hefur stofan verið farsællega rekin um áratugaskeið.

Þá má nefna að nýjar hár- og heilsutengdar vörur verða á boðstólum framvegis.

Við bjóðum Mosfellinga og aðra trausta viðskiptavini okkar áfram hjartanlega velkomna.

Brúar bilið í íslenskunámi

Kristín Guðmundsdóttir hefur gefið út bókina *Handan dalanna*, sína sjöundu bók ætlaða fólki sem lærir íslensku sem annað mál. Bókin inniheldur 12 stuttar og fyndnar sögur þar sem erfið orð og orðasambönd eru útskýrð neðst á hverri síðu.

Markmiðið er að hjálpa lesendum að komast yfir þann hjalla sem margir upplifa eftir 3. stig í íslenskunámi og efla bæði orðaforða og máltilfinningu.

Nýr verslunarkjarni rís á Korputúni

Drangar hf. og Reitir hf., sem annast þróun og uppbyggingu Korputúns, undirrituðu þann 14. júlí leigusamning um 5.500 fermetra verslunarrými á svæðinu. Þar mun rísa nýr verslunarkjarni með fjölbreyttri verslun og þjónustu og er stefnt að opnun sumarið 2027.

Meðal þeirra fyrirtækja sem munu opna á Korputúni eru Nettó, Lyfjaval, Kjötkompaní og Brauð & Co. Þá er jafnframt gert ráð fyrir tveimur verslunum sem eru nýjar á íslenskum markaði. Framkvæmdir við verslunarkjarnann voru þegar hafnar þegar samningurinn var undirritaður.

Mikil uppbygging fram undan

Korputún er eitt af stærri uppbyggingarsvæðum á mörkum Mosfellsbæjar og Reykjavíkur og hefur við skipulag svæðisins verið lögð áhersla á að skapa aðlaðandi umhverfi þar sem tekið er mið af þörfum fólks og náttúru. Jafnframt hefur verið horft til mikilvægra þátta fyrir atvinnustarfsemi, svo sem góðs aðgengis, völuflutninga og sýnileika.

Hilmar Gunnarsson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, fagnaði samningnum og sagði uppbygginguna mikilvæga fyrir bæjarfélagið.

„Korputún er eitt af mikilvægustu uppbyggingarsvæðum á höfuðborgarsvæðinu. Það er ánægjulegt að fjölbreytt atvinnu- og þjónustustarfsemi verður á svæðinu sem mun nýtast íbúum Mosfellsbæjar, styrkja atvinnulífið og gera svæðið enn eftirsóknarverðara fyrir fyrirtæki og gesti," sagði Hilmar.

Hann sagði samninginn jafnframt sýna að framtíðarsýn fyrir uppbyggingu Korputúns væri nú farin að taka á sig skýra mynd.

„Þessi samningur sýnir að framtíðarsýnin er að verða að veruleika."



Svana Huld Linnet, framkvæmdastjóri viðskiptavina hjá Reitum, Guðni Aðalsteinsson, forstjóri Reita, Auður Daníelsdóttir, forstjóri Dranga, Vífill Ingimarsson, framkvæmdastjóri Nettó, Kjörbúðarinnar og Prís, og Hilmar Gunnarsson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar.



KORPUTÚN-SVÆÐISMYND



NETTÓ VERSLUNARKJARNI



VORVERK.IS



ESPEGARD

Bálpönnur og úrval fylgihluta

Velkomin í verslun Vorverks, Þverholti 2 í Mosfellsbæ
Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-16

KYNNING

Forvarnir geta fyrirbyggt vandamál og sjúkdóma



Þegar rætt er um heilsu gæludýra beinist umræðan oft að sjúkdómum og meðferðum við vandamálum sem hafa þegar komið upp. Minna fer hins vegar fyrir umfjöllun um forvarnir, þótt þær séu ein áhrifaríkasta leiðin til að viðhalda góðri heilsu og lífsgæðum hunda og katta.

Ein helsta áskorun gæludýra í dag er offita. Hún getur aukið hættu á ýmsum sjúkdómum, dregið úr hreyfigetu og haft neikvæð áhrif á líðan dýrsins. Með réttri næringu, reglulegri hreyfingu og heilbrigðu holdafari má draga verulega úr þeirri áhættu.

Tannheilsa er einnig mikilvæg en oft vanmetin forvörn. Tannsjúkdómar eru algengir hjá bæði hundum og köttum og geta valdið sársauka, sýkingum og jafnvel haft áhrif á önnur líffæri líkamans. Regluleg tannburstun, helst dagleg, er áhrifaríkasta leiðin til að fyrirbyggja tannvandamál og stuðla að betri heilsu til framtíðar.

Mikilvægur hluti forvarna er að eigendur læri að þekkja sitt dýr vel og viti hvað telst eðlilegt fyrir það. Með því að fylgjast reglulega með hegðun, matarlyst, hreyfingum, þyngd og almennri líðan er auðveldara að taka eftir breytingum sem geta bent til undirliggjandi vandamála. Þannig verða eigendur í raun sérfræðingar í sínu eigin dýri og geta brugðist fyrr við þegar eitthvað breytist.

Þrátt fyrir að eigendur þekki dýrin sín best geta sum einkenni verið lúmsk og þróast hægt. Regluleg skoðun hjá fagaðila, svo sem dýralækni eða dýrahjúkrunarfæðingi, er því mikilvægur þáttur í að fyrirbyggja heilsufarsvandamál. Við slíkar skoðanir er hægt að greina breytingar eða sjúkdóma á fyrstu stigum, áður en þau valda einkennum sem auðvelt er að taka eftir. Dýralæknir getur einnig metið hvort þörf sé á frekari rannsóknum eða fyrirbyggjandi meðferð sem stuðlar að betri heilsu og lífsgæðum til lengri tíma.





Einföld ráð sem hægt er að byrja á í dag

- Farðu reglulega með dýrið í skoðun hjá fagaðila
- Veldu fóður sem hentar aldri, stærð og lífsskeiði dýrs
- Fylgstu með þyngd og líkamsástandi
- Burstaðu tennurnar reglulega
- Vertu vakandi fyrir breytingum á hegðun og líðan

Forvarnir eru fjárfesting í betri heilsu, auknum lífsgæðum og fleiri góðum árum með gæludýrinu. Hjá Dýrheimum er hægt að bóka stöðumat hjá dýrahjúkrunarfræðingi þar sem farið er yfir meðal annars þyngd, líkamsástand, næringu, tannheilsu og almenna líðan dýrsins. Reglulegt stöðumat getur hjálpað til við að fylgjast með heilsufari gæludýrsins. Það er einföld og áhrifarík leið til að styðja við heilbrigði og vellíðan gæludýrsins til framtíðar.

Kristín Sara Georgsdóttir, dýrahjúkrunarfræðingur.

Lesa meira hér!



KRANABILLINN.IS



VANTAR ÞIG KRANABÍL?

SÍMI 780 5400





„Við ætlum að koma með bikarinn heim í Mosfellsbæ“

Magnús Már Einarsson hefur fylgt Aftureldingu frá því hann var strákur, fyrst sem stuðningsmaður og leikmaður og síðar sem aðstoðarþjálfari og þjálfari. Nú stendur hann frammi fyrir einum stærsta leik í sögu knattspyrnudeildar félagsins þegar Afturelding mætir Breiðabliki í bikarúrslitum á Laugardalsvelli 11. september. Magnús segir trúna, gleðina og liðsheildina hafa komið liðinu alla leið í úrslitin en fram undan sé tækifæri til að skrifa enn stærri kafla í sögu félagsins.



Fótboltinn hefur verið stór hluti af lífi Magnúsar Más Einarssonar svo lengi sem hann man eftir sér. Fyrsta fótboltamótið sem stendur upp úr í minningunni er Shellmótið í Vestmannaeyjum þar sem hann lék með Aftureldingu.

„Fljótlega fór ég að mæta á alla leiki hjá meistaraflokki Aftureldingar og það eru ekki margir leikir frá aldamótum sem ég hef misst af. Annaðhvort hef ég horft á leikinn eða tekið þátt í honum sem leikmaður, aðstoðarþjálfari eða þjálfari.“



Þegar fótboltinn sleppir af honum takinu tekur fjölskyldulífið við. Magnús og eiginkona hans, Anna Guðrún, eiga þrjú börn á aldrinum eins til átta ára.

„Það er mikið líf og fjör á heimilinu. Það kemst mjög lítið annað að hjá mér en fjölskyldan og fótboltinn.“

Ástríðan fyrir Aftureldingu alltaf til staðar

Að þjálfa uppeldisfélagið segir hann mikil forréttindi, þótt starfinu fylgi óhjákvæmilega pressa og erfiðar ákvarðanir.

„Aðalmálið er að ég fylgi alltaf hjartanu og tek þær ákvarðanir sem ég tel að séu bestar fyrir Aftureldingu hverju sinni. Félagið skiptir meira máli en allt annað.“

Magnað augnablik í Árbænum

Afturelding tryggði sér sæti í bikarúrslitum eftir dramatískan undanúrslitaleik gegn Fylki þar sem úrslitin réðust í vítaspyrnukeppni.

„Tilfinningin var frábær. Það var geggjað að sjá Arnar og alla strákana hlaupa til stórkostlegra stuðningsmanna okkar í stúkunni. Þetta var magnað augnablik sem sýndi hversu flott félag Afturelding er og hversu mikil samheldnin er hjá bæjarbúum.“

Magnús segir stuðning Mosfellinga hafa skipt gríðarlega miklu máli, ekki síst gegn Stjörnunni í átta liða úrslitum og Fylki í undanúrslitum.

„Það er eiginlega ekki hægt að lýsa því hversu mikið stuðningurinn hjálpar í svona hörkuleikjum.“

Allir vegir færir með Mosfellinga í stúkunni

Breiðablik bíður Aftureldingar á Laugardalsvelli föstudagskvöldið 11. september.

„Við þurfum að fylgja okkar gildum og spila okkar fótbolta. Þetta snýst fyrst og fremst um okkur en ekki andstæðinginn. Við förum inn í leikinn með mikla trú og gleði, þurfum að vera hugrakkir og sýna hversu sterk liðsheildin er frá fyrstu til síðustu mínútu.“

Magnús vill sjá Laugardalsvöll litaðan rauðan þegar stóri dagurinn rennur upp. Afturelding eigi möguleika á að vinna fyrsta stóra fótboltatitilinn í sögu félagsins og þar





geti Mosfellingar lagt sitt af mörkum. Skilaboð þjálfarans fyrir 11. september eru skýr:

„Ef þú ferð á einn fótboltaleik á þessu ári eða þessum áratug þá er þetta leikurinn sem þú mætir á. Mætum í rauðu, látum í okkur heyra og hjálpumst að við að búa til ógleymanlegt kvöld á Laugardalsvelli, kvöld sem talað verður um í Mosfellsbæ næstu árin.“

Sjálfur ætlar Magnús ekki að leyfa sér að velta því fyrir sér hvernig það yrði að lyfta bikarnum fyrr en verkinu er lokið.

„Við munum leggja allt í sölurnar til að koma með bikarinn heim í Mosfellsbæ. Þetta verður hörkuleikur gegn góðu liði en við höfum fulla trú á að við getum haldið áfram að skrifa söguna. Sjáumst á Laugardalsvelli!“



KJÖTBÚÐIN

Grensásvegi 48 Reykjavík • Sunnukrika 3 Mosfellsbæ • Sími 571 5511 • kjotbudin@kjotbudin.is

Sælkeraverslun • Grill- og veisluþjónusta • Kjötvinnsla

KJÖTBÚÐIN

er í

HÁTÍÐARSTUÐI

Spennandi & bragðgóðar vörukynningar

Föstudag 15-18
og Laugardag 14-17

20% AFSLÁTTUR AF:

- Ungnauta file
- Ungnauta lund deluxe trufflumarineruð
- Ungnauta steik marineruð að hætti kúreka
- Lamba file

Við feðgarnir tökum vel á móti ykkur.






Gleði, golf og góður félagsskapur hjá GM konum

Það eru ekki bara sveiflan og skorið sem skipta máli þegar GM konur mæta á golfvöllinn. Þar eru gleðin, félagsskapurinn og góða skapið ekki síður mikilvæg – og stundum skemmtilegir búningar líka. Kvennastarfið innan Golfklúbbs Mosfellsbæjar hefur verið öflugt og fjölbreytt og skapað skemmtilegan vettvang fyrir konur til að hittast, spila golf og kynnast betur.





Markmið GM kvenna er fyrst og fremst að efla samveru kvenna innan klúbbsins og gera golfið að skemmtilegri félagslegri upplifun. Þar skiptir litlu hvort kylfingurinn er þaulvanur eða tiltölulega nýbyrjaður – áherslan er á að eiga góðan tíma saman og njóta þess að vera úti á golfvellinum.

Þriðjudagarnir eru fyrir konurnar

Yfir sumartímann er þriðjudagsgolfið orðið fastur liður í starfinu. Þá er sérstakur tími tekinn frá fyrir GM konur og gefst þeim tækifæri til að koma saman og taka hring í góðum félagsskap.

Þriðjudagarnir eru þó langt frá því að vera allir eins. Stundum er einfaldlega spilað hefðbundið golf þar sem markmiðið er að njóta leiksins og samverunnar. Á öðrum þriðjudögum er hins vegar blásið til móta og þá getur ýmislegt gerst.

Hattamót og pilsamót hafa til dæmis verið á dagskrá og þar hafa konurnar mætt í litríkum og skemmtilegum klæðnaði sem sett hefur skemmtilegan svip á völlinn. Texas Scramble-mótin hafa einnig notið vinsælda og þar hefur keppnin ekki eingöngu snúist um höggafjöldann – liðin hafa jafnframt lagt metnað í frumlega og skemmtilega búninga.





Það er því óhætt að segja að hugmyndaauðgin fái stundum að njóta sín jafnmikið og golfsveiflan.

Vinkonur þvert á golfklúbba

Starfið nær einnig út fyrir Golfklúbb Mosfellsbæjar. GM konur hafa átt gott samstarf við konur úr öðrum golfklúbbum og reglulega hafa verið haldin svokölluð vinkvennamót.

Þar hittast konur úr ólíkum klúbbum, spila saman og njóta dagsins. Mótin hafa skapað góð tækifæri til að mynda ný kynni, hitta gamlar vinkonur og styrkja tengsl kvenna innan golfhreyfingarinnar.

Þó að auðvitað sé alltaf gaman að spila vel er ljóst að úrslitin eru ekki endilega það sem stendur upp úr þegar dagurinn er gerður upp. Góður félagsskapur og skemmtileg stemning vega þar þungt.

Alltaf pláss fyrir fleiri

Kvennastarfið hjá GM snýst því um töluvert meira en fugla, pör og pútt. Þar hefur myndast samfélag kvenna sem deila áhuga á golfi en ekki síður ánægjunni af því að koma saman og eiga góða stund.





Fyrir þær konur í Golfklúbbi Mosfellsbæjar sem hafa kannski horft á þriðjudagsgolfið úr fjarlægð og velt því fyrir sér hvort þær eigi að slást í hópinn eru skilaboðin einföld: Það þarf ekki að vera lægst í forgjöf eða eiga fullkomnustu golfsveifluna. Það þarf fyrst og fremst að hafa gaman af golfi, félagsskap og vera tilbúin að mæta með góða skapið.

Fjölmenni á 17. júní hátíðarhöldum í Mosfellsbæ



Þjóðhátíðardagurinn 17. júní var haldinn hátíðlegur í Mosfellsbæ með fjölbreyttri dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Fjöldi Mosfellinga og gesta tók þátt í hátíðarhöldunum og veðrið skartaði sínu fegursta og setti skemmtilegan svip á daginn.

Hátíðarhöldin hófust með hátíðarguðsþjónustu í Lágafellskirkju. Síðar um daginn safnaðist fólk saman á Miðbæjartorginu þar sem skrúðganga lagði af stað undir forystu Skátafélagsins Mosverja. Gengið var að Hlégarði þar sem Skólahljómsveit Mosfellsbæjar og Lúðrasveit Mosfellsbæjar tóku á móti göngugestum.

Á Hlégarðstúni tók síðan við lífleg fjölskyldudagskrá þar sem yngri kynslóðin var sérstaklega höfð í huga. Þar mátti meðal annars finna hoppukastala, sölutjöld og andlitsmálun auk þess sem Afturelding bauð upp á kaffihlaðborð í Hlégarði.

Hilmar Gunnarsson bæjarstjóri flutti hátíðarávarp við upphaf dagskrárinnar og fjallkona Mosfellsbæjar í ár var Jenný María Jóhannsdóttir. Hún setti fallegan svip á hátíðarhöldin þegar hún flutti frumsamið ljóð við athöfnina.



Góð þátttaka var í hátíðarhöldunum og mátti sjá Mosfellinga á öllum aldri njóta dagsins saman í blíðskaparveðri. Þjóðhátíðardagurinn í Mosfellsbæ var því sannkallaður fjölskyldudagur þar sem hátíðlegar hefðir og léttari skemmtun fóru vel saman.



Sundlaugakvöld


27. ágúst 2026

Lágafellslaug

Frítt í sund frá kl:17:00



DJ Baldur	17:00 - 21:00
Blaðrarinn	17:00 - 19:00
Lína Langsokkur	17:30
Lalli töframaður	18:30



Grillaðar pulsur og safi

400.- kr



Frír ís í boði Emmessís fyrir börnin að sundi loknu

Nýr kirkjukór í Mosfellsbæ

Nýr kirkjukór Mosfellsbæjar er að taka til starfa og leitar nú að söngfólki í allar raddir.

Markmiðið er að byggja upp öflugt og metnaðarfullt kórstarf sem verður mikilvægur hluti af tónlistarlífi Mosfellsbæjar. Kórinn mun syngja við helgihald og aðrar athafnir í Lágafellskirkju auk Mosfellskirkju.

Kirkjukór Mosfellsbæjar verður vettvangur fyrir fólk sem hefur gaman af söng og vill taka þátt í fjölbreyttu tónlistarstarfi. Áhersla verður lögð á vandaðan söng, fjölbreytta efnisskrá og góðan félagsskap.

Miðað er við að hver kórfélagi taki þátt í 1–2 messum á mánuði. Æfingar verða skipulagðar með það í huga að undirbúa kórinn fyrir þau verkefni sem fram undan eru.

Þar sem kórinn er að hefja starf sitt frá grunni gefst söngfólki jafnframt tækifæri til að taka þátt í að móta kórinn frá upphafi.

Leitað er að söngfólki í allar raddir og eru bæði reynslumiklir kórsöngvarar og þau sem vilja stíga sín fyrstu skref í kórstarfi hvött til að hafa samband.

Æfingar verða á miðvikudögum kl. 17:15–18:45 í safnaðarheimili Lágafellskirkju, Þverholti 3.

Áhugasamir skulu senda póst á bjarmi@esjuprestakall.is eða hringja í síma 846 1266.

Bassi sló í gegn á sumarsýningum



Guðrún Helga Steinsdóttir, ræktandi Leirutanga Gordon Setter í Mosfellsbæ, hefur átt einstaklega gott sumar á sýningum Hundaræktarfélags Íslands.

Hundurinn Bassi hefur vakið mikla athygli og náð frábærum árangri á tveimur sýningarhelgum í röð. Í júní vann hann sinn tegundahóp, standandi fuglahunda, og fór þaðan alla leið í úrslit sýningarinnar. Þar var hann valinn Best in Show úr hópi um 1.500 skráðra hunda, sem er stórglæsilegur árangur.

Á seinni útisýningarhelgi sumarsins í ágúst hélt Bassi áfram að gera góða hluti. Hann vann aftur sinn tegundahóp og tryggði sér að þessu sinni þriðja sæti í Best in Show.

Að ná sæti í Best in Show tvær sýningarhelgar í röð þykir afar eftirtektarvert og undirstrikar hversu vel Bassi hefur staðið sig í sumar.

Eigandi og sýnandi Bassa er Guðrún Helga Steinsdóttir sem jafnframt stendur að ræktun Leirutanga Gordon Setter í Mosfellsbæ, líkt og áður sagði.

Árangurinn í sumar markar því stóra stund fyrir bæði Guðrúnu Helgu og ræktunina og staðfestir sterka stöðu Bassa á sýningarvettvangi.

Fylgjast má með Leirutangahundunum og starfi ræktunarinnar á Facebook-síðunni *Leirutanga Gordon Setter.*



Leikskólinn Hlíð var opnaður á ný eftir sumarframkvæmdir



Framkvæmdir stóðu yfir í leikskólanum Hlíð í Mosfellsbæ í allt sumar eftir að rakaskemmdir komu í ljós í húsnæðinu. Þrátt fyrir að framkvæmdum væri ekki að fullu lokið var hægt að opna leikskólann á ný þann 10. ágúst, í samræmi við fyrirliggjandi áætlun og leikskóladagatal.

Sérfræðingar höfðu farið í úttekt á húsnæðinu og sýni verið tekin um vorið. Niðurstöður þeirra rannsókna leiddu í ljós rakaskemmdir og afleiðingar þeirra í húsnæðinu. Þegar niðurstöðurnar lágu fyrir var strax ráðist í mótvægisaðgerðir og foreldrar, forráðafólk og starfsfólk upplýst um stöðuna og fyrirhugaðar framkvæmdir.

Framkvæmdirnar gengu vel yfir sumarið og hafði framkvæmdasvæðið verið afmarkað með þeim hætti að hægt var að hefja leikskólastarf að nýju þrátt fyrir að vinnu væri enn ólokið.

Ein deild leikskólans verður áfram lokuð á skólaárinu 2026–2027 og var tekið tillit til þess við úthlutun leikskólaplássa.

Eldhús leikskólans er einnig innan þess svæðis þar sem framkvæmdir standa enn yfir. Krikaskóli tók því tímabundið að sér að sjá börnum og starfsfólki leikskólans fyrir elduðum mat á meðan unnið verður að nýrri lausn. Samkvæmt áætlunum er gert ráð fyrir að nýtt og stærra eldhús á öðrum stað í húsnæðinu verði tilbúið til notkunar í september eða október.

Markmið framkvæmdanna var að bæta húsnæði leikskólans og tryggja börnum og starfsfólki betri aðstöðu til framtíðar.



MALBIKSTÖÐIN



Gleðilega HÁTÍÐ 2026

MOSFELLINGAR

Mosfellingurinn Hilmar Gunnarsson *tekur við sem bæjarstjóri í heimabænum*

Tekst á við nýtt hlutverk af auðmýkt

Hilmar Gunnarsson tók við starfi bæjarstjóra Mosfellsbæjar í júní eftir sigur Sjálfstæðisflokksins í sveitarstjórnarkosningunum. Hilmar er Mosfellingur í húð og hár og hefur um árabil verið áberandi í bæjarlífinu, meðal annars sem ritstjóri Mosfellings, framkvæmdastjóri bæjarhátíðarinnar Í túninu heima og umsjónarmaður félagsheimilisins Hlégarðs.

Í viðtali við Ruth Örnólfsdóttur segir hann frá uppvextinum í Teigunum, fjölskyldunni, samfélagsþátttökunni og nýju hlutverki sínu í þjónustu við Mosfellinga.



Hilmar er fæddur 20. maí 1982. Foreldrar hans eru Kristín Davíðsdóttir kennari og Gunnar Rúnar Magnússon rennismiður.

Hann á tvö eldri systkini, Davíð Rúnar, f. 1973, og Ragnheiði, f. 1978.

Gott að alast upp í Mosó

Hilmar er uppalinn í Mosfellsbæ. Hann er giftur Oddnýju Þóru Logadóttur, kennara við Helgafellsskóla, og saman eiga þau þrjá syni. Kristófer er 15 ára og hefur gengið í Klettaskóla en Logi, 11 ára, og Kári, 7 ára, eru í Lágafellsskóla.

„Það var gott að alast upp í Mosó. Mamma og pabbi byggðu sér hús í Stórateig fyrir meira en 50 árum og búa þar enn. Við krakkarnir lékum okkur í gilinu fyrir neðan götuna og stálumst inn í gömlu braggana sem þar voru. Krakkarnir í Teigunum þekktust vel og brölluðu ýmislegt skemmtilegt. Við söfnuðum í áramótabrennu og fórum árlega í blysför úr götunni og upp í fellshlíðina þar sem Krikahverfi stendur nú.“

Fótbolti og lúðrablástur

„Lífið snerist mikið um fótbolta á mínum yngri árum og ég missti varla úr æfingu með Aftureldingu. Ég spilaði líka á trompet í lúðrasveitinni í mörg ár. Þar voru það bræðurnir Lárus og Birgir D. Sveinssynir sem höfðu mest áhrif á tónlistarlegt uppeldi. Hljómsveitin ferðaðist vítt og breitt og eftir sitja margar góðar minningar. Þónokkrir úr hópnum spila enn í dag og halda áfram að hittast.

Á þessum tíma var aðeins einn grunnskóli í Mosfellsbæ, Varmárskóli, þar sem Birgir skólastjóri réð ríkjum. Síðan tók gagnfræðaskólinn hjá Ragnheiði Ríkharðs við. Þetta voru góðir og eftirminnilegir tímar, með frábærum kennurum og góðum félögum. Margar af þeim minningum og vináttuböndum sem þar urðu til fylgja mér enn í dag.“

Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is

Með puttann á púlsinum

Á unglingsárunum varði Hilmar mörgum stundum á Kjuðanum hjá Kalla Tomm. Þar var spilaður snóker og fórst sú íþrótt honum vel úr hendi. Knattborðsstofan var í kjallaranum í Kjarnanum og fljótlega tókst góður vinskapur með þeim Kalla sem hefur varað alla tíð.

„Ég tók við bæjarblaðinu Mosfellingi úr höndum Kalla og ritstýrði því í tvo áratugi. Það er ákveðinn lífsstíll að fylgjast svona náið með samfélaginu sem maður býr í í svona langan tíma. Starfinu fylgdi að mæta á viðburði, hitta fólk og vera stöðugt með puttann á púlsinum. Að halda utan um blaðið var í senn skemmtilegt og krefjandi.“



Fjölskyldan Kristófer, Hilmar, Kári, Oddný og Logi.

Hilmar var 23 ára þegar hann tók við keflinu. Eftir nám við Menntaskólann við Sund lá leið hans til Þrándheims í Noregi, þar sem hann lærði grafíska hönnun. Að námi loknu tóku fjölmiðlarnir við.

„Ég byrjaði í umbrotinu á DV, vann síðar á Blaðinu og 24 stundum og svo Morgunblaðinu. Í Hádegismóum starfaði ég á ýmsum deildum sem tengdust uppsetningu blaðsins en eftirminnilegasti tíminn var líklega árin sem ég var framleiðslustjóri fylgiblaðsins Monitor. Bæjarblaðið vann ég þó alltaf með í frítímanum enda var það sérstakt áhugamál.“

Að fagna litlu sigrunum

Elsti sonur Hilmars og Oddnýjar, Kristófer, er fæddur með litningagalla sem nefnist Ring 18. Hann er sá eini á Íslandi sem vitað er um með heilkennið.

„Hann talar ekki og er mikið þroskaskertur. Það er auðvitað ein af stóru áskorunum lífs okkar en við elskum hann eins og hann er og fögnum hverju litlu framfaraskrefi á lífsleiðinni. Líf okkar breyttist þegar Kristófer kom í heiminn. Hann hefur kennt okkur að horfa öðruvísi á lífið, fagna litlu sigrunum og taka ekki öllu sem sjálfsögðum hlut. Þarfir drengjanna okkar þriggja eru ólíkar og á heimilinu er því oft mikið líf og fjör. Við eigum gott fólk að og fötlun Kristófers kemur ekki í veg fyrir að við fjölskyldan njótum lífsins og eigum saman gleðistundir.“

> ***Starfinu fylgir mikil ábyrgð og ég mun leggja mig fram af heilindum í þágu allra bæjarbúa***

Látið sig samfélagið varða

Í gegnum tíðina hefur Hilmar verið virkur í félagsstarfi og bæjarlífinu í Mosfellsbæ. Auk þess að reka Mosfelling í 20 ár hefur hann haldið utan um bæjarhátíðina Í túninu heima og félagsheimilið Hlégarð undanfarin ár.

„Ég hef látið mig samfélagið varða og reynt að taka þátt í því af fullum krafti. Í dag er ég í félagsskap sem heitir Fálkarnir en hef einnig verið í Hvíta Riddaranum og þorrablótsnefnd Aftureldingar. Þá vann ég á Pizzabæ í gamla daga og á Barion fyrir ekki svo löngu. Það hefur því ýmislegt verið brallað í gegnum tíðina,“ segir Hilmar og brosir.

HIN HLIÐIN

Það besta við Mosó? Nálægðin við náttúruna og samheldni íbúanna.

Uppáhaldsmálsháttur? Hverjum þykir sinn fugl fagur.

Hver kom þér síðast á óvart? Odda, þegar hún gaf mér nýja skó á brúðkaupsafmælisdaginn okkar.

Bestu kaup? Lengra rúm sem við keyptum um árið, tásurnar hættu loksins að standa út úr.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár? Vonandi enn að gera eitthvað gott fyrir samfélagið hér í Mosó.

Hvað myndi ævisagan þín heita? Á tali hjá Himma Gunn.

Lýstu þér í þremur orðum: Jákvæður, yfirvegaður og traustur. Svo verð ég líka alltaf stemningsmaður.

Fallegasti staður í Mosfellsbæ? Gönguleiðin meðfram Varmá og auðvitað Álafosskvos.



UNGUR AÐ ÁRUM



Á BRÚÐKAUPSDAGINN



HILMAR MEÐ FORELDRUM SÍNUM



ÚTGEFANDI OG RITSTJÓRI Í 20 ÁR



SYSTKININ HILMAR, RAGNHEIÐUR OG DAVÍÐ



FYRSTI BÆJARSTJÓRNARFUNDURINN

Starfinu fylgir mikil ábyrgð

Eftir tvo áratugi með bæjarblaðið fannst Hilmari kominn tími til að taka næsta skref.

„Ég tók þá ákvörðun að bjóða mig fram í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í byrjun árs. Það gekk svona glimrandi og í kjölfarið varð til flottur listi sem sigraði í kosningunum í vor.“

Hilmar tók við starfi bæjarstjóra Mosfellsbæjar 3. júní. „Þetta er ótrúlega spennandi starf og ég er afar þakklátur fyrir þann stuðning sem ég fékk til að takast það á hendur. Starfinu fylgir mikil ábyrgð og ég mun leggja mig fram af heilindum í þágu allra bæjarbúa. Ég er svo sannarlega með gott fólk í kringum mig og saman ætlum við að gera okkar allra besta í þágu íbúanna.

Enn finnst mér hálfóraunverulegt að vera kominn í þessa stöðu en það á kannski eftir að venjast með tímanum. Eldskírnin kom með minkafárinu í Mosfellsdal sem ég held að okkur hafi tekist að takast á við með sóma.“

Stöndum vörð um sérstöðu bæjarins

Hilmar segir spennandi tíma fram undan í Mosfellsbæ og hlakkar til að leggja sitt af mörkum við að móta framtíð bæjarfélagsins. „Nú fáum við tækifæri til að setja okkar mark á sveitarstjórnarmálin og hafa áhrif á hvernig Mosfellsbær þróast á næstu árum. Þar viljum við standa vörð um sérstöðu bæjarins um leið og við horfum fram á veginn. Ég hlakka til að leggja mitt af mörkum ásamt öflugu fólki, fyrir heimabæinn.“

Fram undan er bæjarhátíð Mosfellsbæjar, Í túninu heima. Hilmar hvetur Mosfellinga til að taka virkan þátt í hátíðinni og njóta þess að eiga saman skemmtilegar stundir í heimabænum.

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni.



Ragnhildur Jóhannsdóttir býður gestum í

listamannaspjall

29. ágúst kl. 14

Listasalur Mosfellsbæjar Þverholt 2, 270 Mosfellsbær

UPPSKERU-HÁTÍÐ

SUMARLESTURS

LAUGARDAGINN 29. ÁGÚST KL. 13
Í BÓKASAFNI MOSFELLSBÆJAR



LALLI TÖFRAMAÐUR MÆTIR Á SVÆÐIÐ
MEÐ TRYLLTA TÖFRASÝNINGU OG
BANDBRJÁLUÐ BLÖÐRUDÝR.
GLEÐI, GLAUMUR OG FROSTPINNAR!



ÖLL VELKOMIN!

Skólahornið

Gleðilegt nýtt skólaár!

Eins gott og það getur nú verið að eiga frí er líka kærkomið þegar rútínan tekur við og stærra og smærra fólk hefur sín venjubundnu og mikilvægu störf í skólunum okkar og frístundastarfinu. Þá er rétt að minna á að það er einmitt rútínan sem er svo mikilvæg fyrir börnin okkar.

Reglubundinn og nægur svefn, næring, hvatning, samvera og ræktun tengsla eru þættir sem við ættum öll að huga að og setja í forgang nú í upphafi skólaárs til að leggja grunninn að ánægjulegum og árangursríkum vetri.

Innleiðing Samskiptasáttmála
Eitt af verkefnum skólaársins er innleiðing á Samskiptasáttmála skóla- og frístundasamfélagsins í Mosfellsbæ. Með sáttmálanum viljum við setja enn frekari athygli og orku í að rækta og efla samskipti og tengsl í samfélaginu okkar. Við viljum auka félags- og samskiptahæfni barnanna okkar en einnig auka við þekkingu okkar fullorðna fólksins þannig að við getum sem best stutt við þau á sinni þroskabraut.

Við erum öll fyrirmyndir og eigum að taka það hlutverk alvarlega. Börn læra sannarlega það sem fyrir þeim er haft og ef við viljum efla þætti eins og tillitssemi, virðingu, kurteisi, ábyrgð, samkennd og umburðarlyndi höfum við öll tækifæri til þess á hverjum einasta degi með því einu að sýna gott fordæmi.

Auk þess getum við í sameiningu beitt formlegum aðferðum eins og að gera sáttmála, þjálfa börnin markvisst í ýmsu sem snýr að samskiptahæfni, kenna þeim að setja sig í spor annarra, sækja okkur fræðslu sem styrkir okkur í hlutverkum okkar og nýta lífsreynslu okkar og barna okkar sem tækifæri til náms, kennslu og þroska.

Samskiptasáttmálinn verður kynntur fyrir öllum aðilum skóla- og frístundasamfélagsins á næstu vikum og mánuðum en hann má nálgast á heimasíðu Mosfellsbæjar.

Við hlökkum til að vinna með ykkur að þessu verkefni og öðrum í vetur og óskum okkur öllum gleðilegs nýs skólaárs!

Starfsfólk fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar

SKYNJUNARLEIKSTUND

Í BÓKASAFNI MOSFELLSBÆJAR

2. SEPTEMBER KL. 10-12

Pláneta mætir í Bókasafn Mosfellsbæjar og býður börnum á sporbaug um veröld sína fulla af skynjunarleik!
Í leikstundinni förum við í ferðalag fullt af mismunandi hljóðum, áferðum, efnivið og skynupplifunum.

Leiksmiðjurnar henta sérstaklega vel fyrir ung börn sem eru ekki byrjuð í leikskóla, ásamt foreldrum, öfum og ömmum eða öðrum umönnunaraðilum. Við leggjum áherslu á að skapa notalegt umhverfi þar sem börn geta uppgötvað heiminn í gegnum skynörvun á sínum eigin hraða.

Aðgangur ókeypis og öll velkomin!



Pláneta
SKYNJUNARLEIKUR

Fjölbreytt þjónusta,
Alltaf gott bragð

- Fyrirtækjaþjónusta

Við grænjum hádegismatinn fyrir þitt fyrirtæki
& keyrum hann til ykkar - fáðu tilboð á
oakrestaurant@oakrestaurant.is

- Take Away

Pantaðu uppáhalds bistró réttina eða pizzurnar
með þér heim – pantaðu á oakrestaurant.is
Þá þarftu bara að sækja og njóta

- Hádegismatur

Við bjóðum upp á rétt dagsins alla daga vikunnar
milli 11:30-13:30 á 3.150kr, fullkomið í hádegispásunni

OAK
RESTAURANT

510 2770

oakrestaurant@oakrestaurant.is

@oakmosfellsbaer



Tökum vel á móti ykkur í Túninu heima!

Borðapantanir á oakrestaurant.is

Skoðaðu Matseðilinn!

Skannaðu QR kóðann, eða farðu inn á www.oakrestaurant.is til að skoða fjölbreyttan matseðil okkar

Þátttökumet slegið í Drulluhlaupi Krónunnar

Yfir 1.200 tóku þátt í skítugasta hlaupi ársins

















Það var heldur betur líf og fjör við Varmá laugardaginn 15. ágúst þegar Drulluhlaup Krónunnar, Aftureldingar og UMFÍ fór fram í Mosfellsbæ. Yfir 1.200 þátttakendur lögðu leið sína í Varmárdalinn og þar með var slegið nýtt þátttökumet í hlaupinu.

Veðrið lék við gesti og stemningin var mikil frá morgni til hádegis. Í hlaupinu skipti tíminn litlu máli því áherslan var lögð á gleði, samvinnu og skemmtilega hreyfingu fyrir alla fjölskylduna.

Hlaupaleiðin var 3,5 kílómetrar og lá um Varmárdalinn. Á leiðinni þurftu þátttakendur að takast á við 21 mismunandi hindrun, klöngrast, skríða, vaða og að sjálfsögðu verða vel drullugir. Fjölskyldur, vinahópar, saumaklúbbar og einstaklingar tóku þátt og hjálpuðust margir að við að komast í gegnum hindranirnar.

Ýmislegt var um að vera á svæðinu fyrir utan hlaupið sjálft. Skólahreysti var með hreystigreip og Jónsi ásamt DJ Bjarna sá um að halda uppi stuðinu. Krónuhjólið var einnig á staðnum þar sem þátttakendur gátu nælt sér í ávexti, orkustykki og drykkjarföng.

Yngstu gestirnir fengu einnig sitt og vakti froðuvél mikla lukku á rássvæðinu. Að hlaupi loknu var hægt að skola mestu drulluna af sér áður en haldið var í sund en frítt var í sund fyrir þátttakendur.

Aðstandendur hlaupsins voru að vonum ánægðir með daginn og sögðu brautina hafa verið „upp á tíu“. Þeir sendu jafnframt sérstakar þakkir til UMFÍ og Aftureldingar fyrir gott samstarf.

Eftir daginn voru skilaboðin einföld: Takk fyrir drulluna – sjáumst að ári.

beautybox

VÉLAR OG DÆLUR

CONSENSA

PERITUS



EUROMETAL

TAKK FYRIR STUÐNINGINN!

BLÁFJALLARKA

- Fasteignasala Mosfellsbæjar
- Dalsgarður
- VGH verktakar
- MG lögmenn
- Alpaparket

MOSFELLSBAKARÍ

Glófaxi

BYGGINGAFÉLAGIÐ BAKKI

MALBIKSTÖÐIN

MÁ ÉG SJÁ

LÆGRI VEXTI?

„Stundum þarf bara að þora að taka stökkið“



Vilmu Ýri hafði frá unga aldri dreymt um að reka sína eigin verslun. Eftir 19 ára reynslu af því að starfa í verslunarumhverfi lét hún loks verða af því, tók stökkið og stofnaði fyrirtækið Vilma Home árið 2023. Síðan þá hefur boltinn rúllað hratt. Fyrirtækið hefur vaxið, vöruúrvalið aukist og nú stendur Vilma á tímamótum því fram undan er opnun á nýju sýningarrými (*e. showroom*) á Esjumelum. Þar ætlar þessi orðheppna og „filterslausa“ Mosfellingskona að halda áfram að byggja upp vörumerkið á sínum eigin forsendum.Vilma Ýr flutti í Mosfellsbæ ásamt fjölskyldu sinni árið 2018 og segir engan vafa leika á því að þau hafi valið besta bæinn.

Vilma Ýr flutti í Mosfellsbæ ásamt fjölskyldu sinni árið 2018 og segir engan vafa leika á því að þau hafi valið besta bæinn.

„Ég er orðheppin, filterslaus með bullandi metnað og vott af athyglisbresti og segi hlutina stundum án þess að hugsa þá alveg til enda,“ segir Vilma og hlær. „Ég er jákvæð, tek sjálfa mig alls ekki of alvarlega og er bara frekar léttur karakter með húmor fyrir lífinu.“

Vilma er tveggja barna móðir, eiginkona og hundamamma og þrátt fyrir að fyrirtækið taki stóran hluta af hennar tíma skiptir nálægðin við fjölskylduna miklu máli.

Bleiku fötin urðu sem betur fer ekki að veruleika

Draumurinn um eigin verslun er langt frá því að vera nýr. Vilma var aðeins um 16 ára þegar hún var farin að reyna að sannfæra foreldra sína um að fjármagna með sér fataverslun.

„Það varð sem betur fer ekkert meira úr því. Mig minnir að öll fötin hafi verið bleik,“ segir hún létt.

Hún starfaði síðar í verslunarumhverfi í 19 ár og öðlaðist þar mikla reynslu af rekstri og þjónustu. Hugmyndin að Vilmu Home kviknaði þó út frá mjög hversdagslegri þörf.

Vilma starfaði þá sem verslunarstjóri í stórri verslun, var mikið á ferðinni yfir daginn og áttaði sig á því að hún drakk allt of lítið vatn. Hún fór að velta fyrir sér brúsa sem héldi vatninu köldu allan daginn, væri stór, með röri og handfangi og hentaði fólki sem væri stöðugt á ferðinni með marga bolta á lofti.

Þar kviknaði hugmyndin að fyrstu vörunni og ævintýrið hófst.

Stofan breyttist í lager

Vilma Home fór af stað árið 2023 og viðtökurnar fóru fljótt fram úr væntingum Vilmu. Fyrstu mánuðirnir voru þó langt frá því að vera hefðbundinn fyrirtækjarekstur. Pöntunum var pakkað heima og þegar mest gekk á var stofugólfið orðið að lager.

„Ef ég á að vera alveg hreinskilin þá var þetta svolítið brjálaður tími en samt svo ótrúlega skemmtilegur.“

Fjölskyldan er ekki með bílskúr og því tóku vörukassar og -bretti yfir heimilið. Rétt fyrir jól stóð jólatréð meira að segja innan um vörubrettin.

Synir Vilmu sáu hins vegar ýmsa kosti við lagerinn sem hafði skyndilega tekið yfir stofuna.

„Strákunum okkar fannst þetta heldur betur skemmtilegt. Þeir voru endalaust í feluleik og að búa til virki úr kössunum þannig að þessir kassar voru nú hálfgerð barnapía,“ segir hún og hlær.

Sagði upp eftir 19 ár

Árið 2024 tók Vilma síðan eina stærstu ákvörðun lífs síns. Hún sagði upp öruggu starfi eftir 19 ár og ákvað að einbeita sér alfarið að Vilmu Home.

Hún segir ákvörðunina hafa verið með því erfiðasta sem hún hafi gert.



„Við eigum börn og heimili og það var mikið í húfi. Stressið yfir því að missa tökin og geta kannski ekki borgað sér laun var mikið.“

En hún ákvað að láta vaða.

„Stundum þarf bara að þora að taka stökkið. Þú ert ekki tré, þú mátt færa þig. Í versta falli gengur þetta ekki upp en að lifa með hugsuninni „Hvað ef?“ held ég að sé verra.“

Vilma Home snýst um vellíðan

Vilma lýsir Vilmu Home í dag fyrst og fremst sem vellíðunar- og sjálfsræktarvörumerki. Hugmyndafræðin byggir að einhverju leyti á hennar eigin reynslu af því að hafa of marga bolta á lofti og gleyma sjálfri sér í amstri dagsins.

„Ég þekki það sjálf að hafa verið með allt of marga bolta á lofti og alveg gleymt að setja sjálfa mig í fyrsta sæti.“

Hún segir ástríðu sína í dag vera að hvetja fólk til að gera eitthvað fyrir sjálft sig á hverjum degi, jafnvel þótt það séu aðeins tíu mínútur.

Þessi hugsun endurspeglast í vörunum sem hún velur inn í Vilmu Home, hvort sem það eru náttföt, hitateppi, töskur eða aðrar vörur sem tengjast vellíðan og sjálfsrækt.

„Gerðu eitthvað sem framtíðarsjálfið þitt á eftir að þakka þér fyrir.“

Hún telur að þessi nálgun hafi hjálpað til við að byggja upp traust og tengingu við viðskiptavinina. Persónuleikinn dugi þó ekki einn og sér.

„Vörurnar, gildin og þjónustan þurfa auðvitað að standa undir því líka.“

Sýningarrými á Esjumelum

Næsta stóra skref Vilmu Home er opnun sýningarrýmis á Esjumelum, rétt við Mosfellsbæ. Þar verður hægt að koma inn, skoða vörurnar og versla, þó að ekki verði um hefðbundinn opnunartíma að ræða alla virka daga.

Á neðri hæðinni verður sýningarrými en á þeirri efri verða stúdíó, skrifstofa og eldhúsaðstaða. Vilma sér einnig fyrir sér að rýmið geti síðar hýst námskeið, konukvöld og ýmsa aðra viðburði.

Fjölskyldan hefur sjálf unnið mikið að framkvæmdunum og Vilma segir eiginmann sinn, Guðbjart, hafa staðið vaktina mörg kvöld eftir vinnu.

Staðsetningin var heldur ekki tilviljun.

„Mig langar að vera nálægt heimilinu og skólanum hjá börnunum mínum ef eitthvað kemur upp á, svo það kom eiginlega ekkert annað til greina en Mosfellsbær.“

Náttúran spilar einnig stórt hlutverk. Vilma nýtur þess að hafa góðar hlaupaleiðir í nágrenninu og geta skroppið út með hundinn Storm þegar tækifæri gefst.



Hægt er að fylgjast með framkvæmdum og fleiru á hennar persónulega Instagram-miðli @vilma_home og svo er hún líka með sér Instagram fyrir verslunina @vilmahome.is

Dýr lexía í rekstrinum

Vöxturinn hefur þó ekki verið án áskorana. Vilma hefur verið opin um það að fyrirtækjarekstur sé stöðugt lærdómsferli og segir dýrustu lexíuna hafa verið að treysta öðrum fyrir hlutum sem hún sjálf skildi ekki nægilega vel.

Hún fól utanaðkomandi aðilum markaðssetningu fyrirtækisins og segir kostnað vegna hennar á einu ári hafa farið yfir 20 milljónir króna.

Vilma ákvað í kjölfarið að taka málin í sínar hendur, fór sjálf í nám og varð viðurkenndur stafrænn markaðssérfræðingur.

„Þetta kenndi mér að sama hversu góða sérfræðinga maður fær með sér, þá þarf maður sem eigandi alltaf að hafa yfirsýn og næga þekkingu til að geta sjálfur metið hvað er verið að gera.“

Fólk hefur fengið að fylgjast með frá fyrsta degi

Samfélagsmiðlar hafa leikið stórt hlutverk í uppbyggingu Vilmu Home og þar hefur Vilma sjálf verið óhrædd við að sýna bæði góðu og erfiðu dagana.

„Ég hef alltaf verið mjög opin á samfélagsmiðlum og sýni hlutina svolítið eins og þeir eru, bæði þegar vel gengur og þegar allt er í rugli.“

„Haltu áfram að treysta innsæinu“

Vilma er enn eini starfsmaður Vilmu Home en hugmyndirnar um framtíðina eru margar. Hún sér fyrir sér fjölbreyttara vöruúrval, áframhaldandi þróun vörumerkisins og vonast til að geta með tímanum ráðið fleira fólk til liðs við sig.

Ferðalög og vellíðan eru einnig partur af starfseminni og Vilma hefur farið erlendis með konuhópa. Fram undan er meðal annars wellness-ferð í sól og hita.

Markmiðið næstu þrjú til fimm árin er að halda áfram að vaxa – en ekki hvað sem það kostar.

„Mig langar að gera það á mínum hraða og án þess að missa það sem Vilma Home stendur fyrir.“

Og hvað myndi Vilma dagsins í dag segja við Vilmu sem sat í örugga starfinu sínu og velti fyrir sér hvort hún ætti að þora?

„Haltu áfram að treysta innsæinu. Það hefur ekki alltaf gengið fullkomlega en oftar en ekki hefur innsæið leitt mig á réttan stað. Það hefur komið mér ansi langt.“

Í TÚNINU HEIMA

ULLARPARTÝ Í ÁLAFOSSKVOS Á FÖSTUDAGINN



Inspector Spacetime

Stefanía Svavars

KETILL ÁGÚSTSSON

STÝRIR BREKKUSÖNG

28. ÁGÚST KL. 21

Dagskrá hátíðarinnar í opnu og á mos.is

MOSFELLSBAKARI
BYGGINGAFÉLAGIÐ BAKKI
AFLTAK EHF.
ISBAND
ÍSTAK
Mosfellsbær
LANDFARI
KFC
VGH Mosfellsbæ
VERKTAKI - VÉLALEIGA
ÞAÐ SEM TIL ÞARF

Nærmynd meirihluta



GYLFI ÞÓR ÞORSTEINSSON

Hvað er það fyrsta sem þú gerir þegar þú vaknar á morgnana?
Opna augun, blanda mér Hleðslu, kreatín og prótein með frosnum bláberjum og jarðarberjum.

Hvaða staður í Mosfellsbæ er uppáhaldið þitt?
Hesthúsahverfið.

Hvað myndi koma fólki mest á óvart að vita um þig?
Að ég hafi verið í markaðsteymi Aserbaísjan í Eurovision þrjú ár í röð.

Hvert er þitt „guilty pleasure“?
Bragðarefur með súkkulaðisósu, súkkulaðispæni og kókosbollu.

Hvaða lag myndir þú velja ef þú þyrftir að ganga inn á fund við þína eigin þemalagatónlist?
Gó gó partí Stuðmanna með extra góðu trommuintrói (jarðarförin mín mun hefjast með þessu lagi).

Ertu morgunmanneskja eða kvöldmanneskja?
Algjör morgunhani, glaður að vakna hvern dag og brosi framan í spegilmyndina.

Hvaða matur getur alltaf bjargað deginum?
Sá matur sem ég gef mér góðan tíma í að elda.

Hvað gerir þú þegar þú þarft að hreinsa hugann?
Hlusta á góða tónlist og syng með í einrúmi.

Hver var fyrsta vinnan þín?
Grafari í Kirkjugörðum Reykjavíkur þegar ég var 15 ára.

Hvernig myndu vinir þínir lýsa þér í þremur orðum?
Traustur, skemmtilegur, áreiðanlegur.

Hvað finnst þér skemmtilegast við Mosfellsbæ?
Nálægðin við náttúruna.

Hvaða sjónvarpsþátt eða bíómynd geturðu horft á aftur og aftur?
Fréttir.

Hver er versti siðurinn þinn?
Er of mikið að horfa á símann minn.

Ef þú gætir boðið þremur Mosfellingum, lífs eða liðnum, í kvöldmat, hverjir væru það?
Jakob Smári Magnússon, Halldór Laxness og Sunna Ósk Logadóttir. Þar yrði ekki rædd vitleysan.

Hvað vonarðu að fólk segi um þig þegar þessu kjörtímabili lýkur?
Hann stóð sig vel, ég ætla að kjósa hann.





JANA KATRÍN KNÚTSDÓTTIR

Hvað er það fyrsta sem þú gerir þegar þú vaknar á morgnana?
Kem börnunum mínum á fætur og fæ gjarnan hundinn með mér í það verkefni – hann vekur meiri kátínu en ég get sjálf.

Hvaða staður í Mosfellsbæ er uppáhaldið þitt?
Margir sem koma til greina en Leiruvogurinn er mitt uppáhald. Helst á hestbaki.

Hvað myndi koma fólki mest á óvart að vita um þig?
Mér finnst tilhugsunin um svampa og snertingu við þá afar óþægileg ... svipuð tilfinning og krítartafla vekur hjá sumum.

Hvert er þitt „guilty pleasure“?
Líklega hnetur með súkkulaði sem ég borða meira af en góðu hófi gegnir.

Hvaða lag myndir þú velja ef þú þyrftir að ganga inn á fund við þína eigin þemalagatónlist?
Enter Sandman.

Ertu morgunmanneskja eða kvöldmanneskja?
Líklega kvöldmanneskja en þó ekki afgerandi.

Hvaða matur getur alltaf bjargað deginum?
Eiginlega hvaða matur sem er, lykilatriðið er að það sé matur.

Hvað gerir þú þegar þú þarft að hreinsa hugann?
Fer á hestbak, út að hlaupa eða geng á fjöll. Það hreinsar hugann, núllstillir og hjálpar mér að koma auga á lausnir á ýmsum verkefnum.

Hver var fyrsta vinnan þín?
Fyrsta launaða starfið mitt var í Snælandi, þá 13 ára gömul. Fyrir það mokaði ég skít og hreyfði hross í skiptum fyrir hesthúsapláss.

Hvernig myndu vinir þínir lýsa þér í þremur orðum?
Upptekin, ævintýragjörn og fylgin mér.

Hvað finnst þér skemmtilegast við Mosfellsbæ?
Nálægðin við náttúruna og mannlífið.

Hvaða sjónvarpsþátt eða bíómynd geturðu horft á aftur og aftur?
Hef ekki mikinn tíma í sjónvarpsgláp en sennilega er myndin The Holiday sú sem ég hef séð hvað oftast.

Hver er versti siðurinn þinn?
Ætli það sé ekki að taka að mér of mörg verkefni, halda að ég geti gert allt og vera þar með oft á síðasta snúningi – yfirleitt ekki sein en ekki tímanlega.

Ef þú gætir boðið þremur Mosfellingum, lífs eða liðnum, í kvöldmat, hverjir væru það?
Ég kýs alltaf helst að eyða tímanum með fólki sem ég þekki og mér þykir vænt um svo ég verð að segja fjölskyldunni minni.

Hvað vonarðu að fólk segi um þig þegar þessu kjörtímabili lýkur?
Að ég hafi unnið af heilindum fyrir bæinn og bæjarbúa.



HILMAR GUNNARSSON

Hvað er það fyrsta sem þú gerir þegar þú vaknar á morgnana?
„Snooza” vekjaraklukkuna og dreg það aðeins að fara fram úr. Svo þarf að koma þremur skólastrákum af stað og byrja daginn.

Hvaða staður í Mosfellsbæ er uppáhaldið þitt?
Göngustígurinn meðfram Varmá.

Hvað myndi koma fólki mest á óvart að vita um þig?
Að ég hafi verið liðtækur snókerspilari á unglingsárum.

Hvert er þitt „guilty pleasure“?
Skákirnar sem við Skúli box teflum of oft á netinu. Svo auðvitað líka kex og mjólk.

Hvaða lag myndir þú velja ef þú þyrftir að ganga inn á fund við þína eigin þemalagatónlist?
Mosó-lagið.

Ertu morgunmanneskja eða kvöldmanneskja?
Ég er mikil kvöldmanneskja, sem þyrfti kannski að fara að breytast.

Hvaða matur getur alltaf bjargað deginum?
Pizza með pepperoni.

Hvað gerir þú þegar þú þarft að hreinsa hugann?
Fer í heita pottinn.

Hver var fyrsta vinnan þín?
Ætli það hafi ekki verið sendill á Pizzabæ, svona eftir unglingavinnu hjá Mosfellsbæ og Reykjalundi.

Hvernig myndu vinir þínir lýsa þér í þremur orðum?
Verður að spyrja þá að því :) En vonandi myndu einhverjir svara skemmtilegur, úrræðagóður og traustur.

Hvað finnst þér skemmtilegast við Mosfellsbæ?
Fólkið. Hér ríkir einstakur samfélagsandi og fólk er tilbúið að leggja sitt af mörkum.

Hvaða sjónvarpsþátt eða bíómynd geturðu horft á aftur og aftur?
Ég horfi bara lítið sem ekkert á sjónvarp.


Hver er versti siðurinn þinn?
Að fara seint að sofa.

Ef þú gætir boðið þremur Mosfellingum, lífs eða liðnum, í kvöldmat, hverjir væru það?
Það væru Egill Skallagrímsson, Jón á Reykjum og Diddú. Öll undir sama þaki.

Hvað vonarðu að fólk segi um þig þegar þessu kjörtímabili lýkur?
Að ég hafi verið aðgengilegur bæjarstjóri sem hlustaði á fólkið í bænum, unnið af heilindum og lagt mitt af mörkum til að gera Mosfellsbæ enn betri stað til að búa og starfa í.

Skólamál

Stafræn skóladagatöl



Stafræn skóladagatöl leikskóla, grunnskóla og Listaskóla Mosfellsbæjar fyrir komandi skólaár eru nú aðgengileg á vef Mosfellsbæjar. Dagatölin er hægt að sækja í eigin dagatal, t.d. í Google Calendar eða Outlook, og þannig fá góða yfirsýn yfir skipulagsdaga, vetrarfrí, skólaslit og aðra mikilvæga viðburði skólaársins.

Nánari upplýsingar og leiðbeiningar má finna á mos.is.

Mosfellsbær www.mos.is

Foreldrar / forsjáraðilar

Útivistartíminn gildir líka á bæjarhátíðum

12 ára og yngri: heim fyrir kl. **22:00**

13-16 ára: heim fyrir kl. **24:00**

SAMMOS

SAMTÖK FORELDRAFÉLAGA
GRUNNSKÓLA MOSFELLSBÆJAR

BÆJARHÁTÍÐ MOSFELLSBÆJAR
Í TÚNINU HEIMA

SAMAN



Velkomin í Brúarland

Opið verður í Brúarlandi á milli kl. 13:00 - 15:00 laugardaginn 29. ágúst.

Komið og skoðið þetta sögufræga hús og kynnið ykkur starfsemina. Í dag er húsið nýtt sem samfélagshús fyrir eldra fólk.

Félagar í Famos og starfsfólk félagsstarfsins taka vel a móti öllum.

Haustsýning, kaffi og kruðerí!

Öll velkomin í Brúarland, Háholti 3.

Mosfellsbær Þverholti 2 525-6700 www.mos.is

KJÚLLINN KYNNIR

GULLGARÐURINN - Í TÚNINU HEIMA

Á HLÉGARÐSTÚNINU ALLA HELGINA

Föstudagur 28. Ágúst



14:00 **GULLGARÐURINN OPNAR**
Kjúllabarinn
leiktæki og hoppukastalar



16:00 **FM95BLÖ Í BEINNI FRÁ HLÉGARÐI**
Matarvagnar opna



17:40 **KARAMELLUKAST FREYJU**



18:15 **MUGISON**



19:00 **ÍSLANDSMEISTARAMÓTIÐ Í MÁVAGARGI**
Kynnir: Jógvan
Dómefnd: Svanni Einars, Einsi Gunn, Hanna Sím



20:30 **GULLGARÐURINN LOKAR ALLIR Í BREKKUNA!**



23:00

HLÖÐUBALL Í HLÉGARÐI MEÐ FÆRIBANDINU

HÚSIÐ OPNAR 22:00

Laugardagur 29. Ágúst



11:30 **GULLGARÐURINN OPNAR**
Enski boltinn í beinni



12:00 **UPPHITUN FYRIR AFTUREDING - VESTRI**
Steindi og Dóri DNA koma okkur i gírinn.
Leiktæki, hoppukastalar og matarvagnar



12:45 **ÍSLANDSMEISTARAMÓTIÐ Í PRIKHESTUM**
Kynnir: Steindi Jr
Dómefnd: Himmi bæjó. Ragg Rikk og Geiri Slæ

14:00 **AFTUREDING - VESTRI ALLIR Á VÖLLINN!**



16:30 **SAINT PETE**
Saint Pete rifur upp stennmarran á Hlégarðstúni



20:00 **GULLGARÐURINN LOKAR**

Jägermeister · ORKA · Gull Af engri lík · Freyja

Kjúllinn kynnir:

HLÖÐUBALL Í HLÉGARÐI

Færibandið leikur fyrir dansi


Beint úr brekkunni á ball!

Föstudaginn 28.ágúst - Í túninu heima

23:00 – 02:00 (húsið opnar 22:00)

20 ára aldurstakmark

Miðasala á Tix.is



Jägermeister

Gull

Áfengis laus

Orka

Minnisvarði um Óla vígður á skólalóð Krikaskóla



Viðstödd athöfnina voru fjölskylda Óla, starfsmenn Ásgarðs, starfsfólk Krikaskóla ásamt nemendum, hugmyndasmiðum og fulltrúum foreldra.

Fallegur og táknrænn minnisvarði um Ólaf Pálmarsson, Óla, var nýverið vígður á skólalóð Krikaskóla. Stóllinn var reistur í minningu um góðan vin

Krikaskólasamfélagsins og varð að veruleika fyrir tilstilli foreldra Krikaskólabarna, Ásgarðsmanna, starfsfólks skólans og annarra sem vildu leggja sitt af mörkum til að heiðra minningu hans.

Óli starfaði í Krikaskóla í tíu ár og eignaðist á þeim tíma fjölda vina meðal nemenda, foreldra og starfsfólks. Hann átti stóran sess í hjörtum barnanna og í skólasamfélaginu öllu. Margir minnast hans fyrir hlýju, nærveru og þann örugga faðm sem börnin fundu hjá honum.

Hugmyndin að minnisvarðanum kviknaði þegar foreldrar og aðrir úr skólasamfélaginu lýstu yfir vilja til að leggja eitthvað fallegt og varanlegt af mörkum í minningu Óla. Úr varð sú hugmynd að láta smíða stóran, traustan og umvefjandi stól þar sem börn og starfsfólk skólans gætu tyllt sér, átt kyrrláta stund og hugsað hlýtt til Óla eða notið samveru á notalegum stað.

Til að koma verkefninu í framkvæmd var efnt til söfnunar meðal foreldra núverandi og fyrrverandi nemenda skólans, auk starfsfólks. Foreldrafélag Krikaskóla hélt utan um söfnunina og margir lögðu hönd á plóg. Söfnunin sýndi með skýrum hætti hve sterk samstaða ríkir þegar sameiginlegt markmið er að varðveita minningu einstaklings sem hafði djúp áhrif á samfélagið sitt.

Leitað var til Ásgarðs vegna smíði stólsins og þar var tekið vel í verkefnið. Hugmyndin var sú að stóllinn yrði ekki aðeins fallegur gripur heldur einnig táknrænn minnisvarði; stór, traustur, hlýr og umvefjandi, líkt og Óli var mörgum sem kynntust honum. Útkoman varð einstakur stóll sem hefur þegar fengið sérstakan sess á skólalóðinni.

Við vígslu stólsins komu saman nemendur skólans, forsvarsmenn verkefnisins, starfsfólk Krikaskóla og fjölskylda Óla. Athöfnin var látlaus og hlýleg og markaði mikilvæga stund í sögu skólasamfélagsins, þar sem minning Óla var heiðruð með virðingu, þakklæti og hlýju. Í ræðu sem flutt var við vígsluna kom fram að stóllinn væri hugsaður sem faðmur og falleg minning um kæran vin. Þar geta börn og starfsfólk sest niður, hugsað til Óla og fundið fyrir þeirri hlýju sem hann skildi eftir sig í Krikaskóla. Í baki stólsins má sjá sterka og fallega táknmynd: stoðir sem virðast halda utan um hver aðra og minna á samstöðu, vináttu og hlýju.

Sérstakar þakkir voru færðar öllum þeim sem komu að verkefninu, þar á meðal Ásgarðsmönnum fyrir faglegt og fallegt handverk, foreldrafélagi skólans fyrir að halda utan um söfnunina, stjórnendum og starfsfólki Krikaskóla og öllum þeim sem studdu verkefnið með einum eða öðrum hætti.



Stóllinn er staðsettur á stað þar sem yfirsýn yfir skólalóðina er hvað best og að sjálfsögðu næst uppáhaldsstaðnum hans Óla, sem var fótboltavöllurinn.

Minnisstóllinn stendur nú á skólalóð Krikaskóla sem varanlegur minnisvarði um Óla og það góða sem hann gaf börnunum, samstarfsfólki sínu og skólasamfélaginu öllu.







TINDAHLAUP
Mosfellsbæjar

Í BOÐI SPORTÍS



Halla Karen frá Útiþjálfun sér um skipulagða upphitun kl 8:40 og 10:40.

LAUGARDAGURINN 29. ÁGÚST 2026

Tindahlaup Mosfellsbæjar í boði Sportís verður haldið í sautjánda sinn laugardaginn 29. ágúst 2026. Hlaupið hefst klukkan 9:00 við íþróttasvæðið að Varmá (Fellið). Ræst verður í tveimur ráshópum 5 og 7 tindar klukkan 9:00, 1 tindur og 3 tindar klukkan 11:00.

SKRÁNING

Skráning er til miðnættis miðvikudaginn 26. ágúst á netskraning.is/tindahlaupid

Hægt er að skrá sig samhliða afhendingu gagna 27-28. ágúst.

HLAUPAGÖGN

Hlaupagögn verða afhent í verslun Sportís, Skeifunni 11, 108 Reykjavík fimmtudaginn 27. ágúst og föstudaginn 28. ágúst milli kl 16:30-19:00 báða dagana.

VERÐLAUN

Verðlaun fyrir fyrstu þrjú sæti karla og kvenna í öllum vegalengdum. Þátttökuverðlaun fyrir alla sem ljúka hlaupinu.

TINDAHÖFÐINGINN

Til að verða Tindahöfðingi þarf hlaupari að hlaupa allar fjórar vegalengdir hlaupsins. Safnaðu tindum og þú færð glæsilega viðurkenningu og sæmdarheitið Tindahöfðingi.

1 TINDUR
12,4 KM.
420M HÆKKUN.
7.500 KR.
RÁSTÍMI KL. 11:00

3 TINDAR
19 KM.
812M HÆKKUN
8.500 KR.
RÁSTÍMI KL. 11:00

5 TINDAR
34,4 KM.
1410M HÆKKUN
9.000 KR.
RÁSTÍMI KL. 9:00

7 TINDAR
38,2 KM.
1822M HÆKKUN
9.500 KR.
RÁSTÍMI KL. 9:00

ATH EKKI ER HÆGT AÐ SKRÁ SIG EÐA SÆKJA GÖGN Á KEPPNISDAG

Nánari upplýsingar
https://www.facebook.com/tindahlaup/

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG Mosfellsbær velliðan fyrir alla

Björgunarsveitin Kyndill Mosfellsbæ

HOKA

MATCHPOINT.IS OWN THE POINT

AN APPLIED NUTRITION

Skannaðu mig

HLEÐSLA ÍÞRÓTTADRYKKUR

Mosfellsbær

COACH BIRGIR

Bananar

SPORTÍS

allt fyrir kroppinn HREYSTI Skeifunni 19 - S. 568 1717

Kristall

GATORADE

UMFA

AFTURELDING

Tímatöflur deilda veturinn 2026-2027



SKRÁNINGAR Á HAUSTÖNN ERU HAFNAR Á SPORTABLER SÍÐU AFTURELDINGAR

https://www.abler.io/shop/afturelding

BLAK

Abler

Flokkur / aldur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
U8 kk. & kvk. 2019 - 2020	14.30-15.30 Salur 3, Varmá			14.30-15.30 Salur 3, Varmá			
U10 / U12 kk. & kvk. 2015 - 2018	14.30-15.30 Salur 3, Varmá		14.30-15.30 Salur 3, Varmá		14.30-15.30 Salur 3, Varmá		
U14 / U16 byrjendur 2011 - 2014		15.30-16.30 Salur 3, Varmá		15.30-16.30 Salur 3, Varmá	15.00-16.30 Salur 3, Varmá		
U14 / U16 kk. 2011 - 2014	15.30-17.00 Salur 3, Varmá		15.30-17.00 Salur 3, Varmá	16.30-18.00 Salur 3, Varmá	16.30-18.00 Salur 3, Varmá		
U18 / U20 kk. 2007 - 2010	18.30-20.00 Salur 3, Varmá			21.00-22.30 Salur 3, Varmá		10.00-11.30 Salur 2, Varmá	
U14 kvk. 2013 - 2014		15.30-16.30 Salur 3, Varmá	15.30-17.00 Salur 3, Varmá	15.00-16.30 Salur 3, Varmá	15.30-16.30 Salur 3, Varmá		
U16 kvk. 2011 - 2012		15.30-16.30 Salur 3, Varmá	15.30-17.00 Salur 3, Varmá	15.00-16.30 Salur 3, Varmá	15.30-16.30 Salur 3, Varmá		
U18 / U20 kvk. 2007 - 2010	17.00-18.30 Salur 3, Varmá	16.30-18.00 Salur 3, Varmá		16.30-18.00 Salur 3, Varmá	16.30-18.00 Salur 3, Varmá		

SUND

Abler

Flokkur / aldur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
Selir 2019-2020		14.40-15.20 Lágafell - innilaug		14.40-15.20 Lágafell - innilaug			
Brons 2017 - 2018	16.30-17.30 Lágafell			16.15-17.15 Lágafell - innilaug	16.15-17.15 Lágafell - innilaug		
Silfur 2014 - 2016	16.30-17.30 Lágafell			16.15-17.15 Lágafell - innilaug	16.15-17.15 Lágafell - innilaug	10.00-11.00 Lágafell	
Gull 2013 og eldri	17.45-19.45 Lágafell	16.30-18.30 Lágafell	17.30-19.00 Lágafell	17.00-19.00 Lágafell		10.00-11.30 Lágafell	
Fjör í vatni - leikskólahópar	16.50-17.20 Lágafell - innilaug		16.50-17.20 Lágafell - innilaug				
Fjör í vatni - leikskólahópar	17.30-18.00 Lágafell - innilaug		17.30-18.00 Lágafell - innilaug				

KARATE

Abler

Flokkur / aldur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
Byrjendur yngri 2019 - 2020	17.15-18.00 Bardagasalur, Varmá		17.15-18.00 Bardagasalur, Varmá				
Byrjendur eldri 2015 - 2018	18.00-18.45 Bardagasalur, Varmá		18.00-18.45 Bardagasalur, Varmá				
Framhald yngri 2016 - 2020		17.00-17.45 Bardagasalur, Varmá		17.00-17.45 Bardagasalur, Varmá	17.00-17.45 Bardagasalur, Varmá		
Framhald eldri 2013 - 2015		17.45-18.45 Bardagasalur, Varmá		17.45-18.45 Bardagasalur, Varmá	17.45-18.45 Bardagasalur, Varmá		
Unglingar 2008 - 2012		18.45-19.45 Bardagasalur, Varmá		18.45-19.45 Bardagasalur, Varmá	18.45-19.45 Bardagasalur, Varmá		
Fullorðnir 2009 +		19.45-20.45 Bardagasalur, Varmá		19.45-20.45 Bardagasalur, Varmá	19.45-20.45 Bardagasalur, Varmá		

SKRÁNINGAR Á HAUSTÖNN ERU HAFNAR Á SPORTABLER

https://www.abler.io/shop/afturelding

Æfingatöflur eru birtar með fyrirvara um breytingar

AFTURELDING

Tímatöflur deilda veturinn 2026-2027

HANDKNATTLEIKUR

Abler

Flokkur / aldur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
8. flokkur kvk. 2019 - 2020	15.30-16.30 Salur 1, Varmá			15.30-16.30 Salur 2, Varmá			
7. flokkur kvk. 2017 - 2018	14.30-15.30 Salur 1, Varmá			14.30-15.30 Salur 2, Varmá			11.00-12.00 Salur 1, Varmá
6. flokkur kvk. 2015 - 2016	15.30-16.30 Salur 2, Varmá		15.30-16.30 Salur 2, Varmá		16.00-17.00 Salur 2, Varmá		
5. flokkur kvk. 2013 - 2014	17.30-18.30 Salur 1, Varmá		16.30-17.30 Salur 2, Varmá	16.30-17.30 Salur 1, Varmá	17.00-18.00 Salur 2, Varmá		
4. flokkur kvk. 2011 - 2012	18.30-20.00 Salur 1, Varmá	19.00-20.00 Salur 1, Varmá	20.30-22.00 Salur 2, Varmá	19.00-20.00 Salur 1, Varmá			
9. flokkur kvk. og kk. 2021 - 2022	16.30-17.30 Salur 1, Varmá						
8. flokkur kk. 2019 - 2020		15.30-16.30 Salur 1, Varmá		15.30-16.30 Salur 1, Varmá			
7. flokkur kk. 2017 - 2018		14.30-15.30 Salur 1, Varmá		14.30-15.30 Salur 1, Varmá		09.00-10.00 Salur 2, Varmá	
6. flokkur kk. 2015 - 2016		16.30-17.30 Salur 1, Varmá	15.30-16.30 16.30-17.30 Salur 1, Varmá		15.30-16.30 Salur 1, Varmá		
5. flokkur kk. 2013 - 2014	16.30-17.30 Salur 2, Varmá	15.30-16.30 Salur 2, Varmá		18.00-19.00 Salur 2, Varmá	18.00-19.00 Salur 1, Varmá		
4. flokkur kk. 2011 - 2012		18.00-19.30 Salur 2, Varmá	20.30-22.00 Salur 1, Varmá	19.00-20.00 Salur 2, Varmá	18.00-19.00 Salur 2, Varmá		
3.fl. / U-lið kk. 2010 +	19.00-20.00 20.00-21.30 Salur 1 & 2, Varmá	20.00-21.30 Salur 1 & 2, Varmá	19.00-20.30 Salur 1 & 2, Varmá	20.00-21.30 Salur 1 & 2, Varmá	19.00-20.30 Salur 1 & 2, Varmá		

BADMINTON

Abler

Flokkur / aldur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
U9 2018 - 2020			15.30-16.30 Lágafell				10.00-11.00 Lágafell
U11 2016 - 2017			16.30-17.30 Lágafell		15.30-16.30 Lágafell		11.00-12.00 Lágafell
U13 2014 - 2015	15.30-16.30 Lágafell			15.30-17.00 Lágafell			12.00-13.00 Lágafell
U15 2012 - 2013	16.30-18.00 Lágafell		17.30-19.00 Lágafell		16.30-18.00 Lágafell		
Keppnishópar		15.30-20.00 Lágafell					
U17 / U19 2009 - 2011			19.00-20.30 Lágafell	17.00-18.30 Lágafell			
Mfl. 2008 +				18.30-21.30 Lágafell		11.00-14.00 Lágafell	
Fullorðnir 2005 +		20.00-21.30 Lágafell			18.00-19.30 Lágafell		

FRJÁLSAR

Abler

Flokkur / aldur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
U8 kk. & kvk. 2019 - 2020	14.30-15.30 Salur 3, Varmá			14.30-15.30 Salur 3, Varmá			
Yngri kk. & kvk. 2016 - 2018	15.30-17.00 Salur 3, Varmá		15.00-16.00 Fellið, Varmá				
Eldri kk. & kvk. 2011 - 2015			14.30-16.00 Salur 3, Varmá		14.30-16.00 Salur 2, Varmá	13.00-14.30 Fellið, Varmá	

SKRÁNINGAR Á HAUSTÖNN ERU HAFNAR Á SPORTABLER

https://www.abler.io/shop/afturelding

Æfingatöflur eru birtar með fyrirvara um breytingar

AFTURELDING

Tímatöflur deilda veturinn 2026-2027

FIMLEIKAR

Abler

Flokkur / aldur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
Leikskólahópar 2021 - 2024		16.45-17.35 Fimleikasalur, Varmá f. 2021		16.45-17.35 Fimleikasalur, Varmá f. 2022			9.00-12.50 - Sunnudagur Uppl. um hópa á Sportabler
1. bekkur kvk. & kk. 2020 Fjölgreina og Varmá	14.30-15.30 Fimleikasalur, Varmá		14.30-15.30 Fimleikasalur, Varmá				
1. bekkur kvk. & kk. 2020 Lágó, Helgó, Krikó	15.30-16.30 Fimleikarsalur, Varmá		15.30-16.30 Fimleikasalur, Varmá				
2. bekkur kvk. & kk. 2019 Fjölgreina og Varmá		14.30-15.30 Fimleikasalur, Varmá		14.30-15.30 Fimleikasalur, Varmá	14.30-15.30 Fimleikasalur, Varmá		
2. bekkur kvk. & kk. 2019 Lágó, Helgó, Krikó		15.30-16.30 Fimleikasalur, Varmá		15.30-16.30 Fimleikasalur, Varmá	15.30-16.30 Fimleikasalur, Varmá		
5. flokkur kvk. 2018	16.30-18.00 Fimleikasalur, Varmá		16.30-18.00 Fimleikasalur, Varmá		16.30-18.00 Fimleikasalur, Varmá		
4. flokkur kvk. 2016 & 2017	15.00-17.00 Fimleikasalur, Varmá	15.15-17.15 Fimleikasalur, Varmá		15.00-17.00 Fimleikasalur, Varmá		9.30-11.30 Fimleikasalur, Varmá	
3. flokkur kvk. 2014 & 2015	16.00-18.30 Fimleikasalur, Varmá	16.00-18.30 Fimleikasalur, Varmá		16.00-18.30 Fimleikasalur, Varmá		10.30-13.00 Fimleikasalur, Varmá	
2. flokkur kvk. 2012 & 2013	18.15-20.45 Fimleikasalur, Varmá	17.45-20.15 Fimleikasalur, Varmá	18.15-20.45 Fimleikasalur, Varmá		18.15-20.45 Fimleikasalur, Varmá		
1. flokkur kvk. & kk. 2010 & 2011	18.00-21.00 Fimleikasalur, Varmá		18.00-21.00 Fimleikasalur, Varmá	18.00-21.00 Fimleikasalur, Varmá	18.00-21.00 Fimleikasalur, Varmá		
mfl. kvk & kk. 2009 +	18.00-21.00 Fimleikasalur, Varmá	18.00-21.00 Fimleikasalur, Varmá		18.00-21.00 Fimleikasalur, Varmá	18.00-21.00 Fimleikasalur, Varmá		
5. flokkur kk. 2018	16.30-18.00 Fimleikasalur, Varmá		16.30-18.00 Fimleikasalur, Varmá		16.30-18.00 Fimleikasalur, Varmá		
KK yngri flokkur 2016 - 2017			15.15-17.15 Fimleikasalur, Varmá		15.15-17.15 Fimleikasalur, Varmá	09.30-11.30 Fimleikasalur, Varmá	
KK eldri flokkur 2013 - 2015		16.00-18.30 Fimleikasalur, Varmá	16.00-18.30 Fimleikasalur, Varmá		16.00-18.30 Fimleikasalur, Varmá	10.30-13.00 Fimleikasalur, Varmá	
Parkour kk. & kvk. 2012 - 2018		16.00-17.00 Fimleikasalur, Varmá		16.00-17.00 Fimleikasalur, Varmá			

TAEKWONDO

Abler

Flokkur / aldur	Mánudagur Sparring	Þriðjudagur	Miðvikudagur Poomsae	Fimmtudagur Þol, þrek og sjálfsvörn	Föstudagur Poomsae	Laugardagur	Sunnudagur
Krílatími 2023 - 2021						9.00-10.00 Bardagasalur, Varmá	
11 ára og yngri, byrjendur 2015 - 2020	17.00-17.45 Bardagasalur, Varmá			17.00-17.45 Bardagasalur, Varmá	15.00-15.45 Bardagasalur, Varmá		
11 ára og yngri, framhald 2015 - 2020	17.45-18.45 Bardagasalur, Varmá			17.45-18.45 Bardagasalur, Varmá	15.45-16.45 Bardagasalur, Varmá		
12 ára og eldri - Hópur 1 2014 +					16.45-17.30 Bardagasalur, Varmá		
12 ára og eldri - Hópur 2 2014 +			17.30-18.45 Bardagasalur, Varmá				
12 ára og eldri - allir 2014 +	18.45-20.15 Bardagasalur, Varmá			18.45-20.15 Bardagasalur, Varmá			
Keppnispoomsae			18.45-19.45 Bardagasalur, Varmá				

HJÓLREIÐAR

Abler

Flokkur / aldur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
Unglingaæfingar - Fjallahjól 10 - 17 ára kk. & kvk.		17.45-19.15 Út september		17.45-19.15 Út september			

SKRÁNINGAR Á HAUSTÖNN ERU HAFNAR Á SPORTABLER

https://www.abler.io/shop/afturelding

Æfingatöflur eru birtar með fyrirvara um breytingar

AFTURELDING

Tímatöflur deilda veturinn 2026-2027

KNATTSPYRNA

Abler

Flokkur / aldur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
8. flokkur kvk. 2021 - 2022			17.00-18.00 Fellið			9.30-10.30 Fellið	
7. flokkur kvk. 2019 - 2020		15.30-16.30 Fellið	16.00-17.00 Fellið		15.30-16.30 Fellið		
6. flokkur kvk. 2017 - 2018		14.30-15.30 Fellið	14.30-15.30 Fellið		14.30-15.30 Fellið		
5. flokkur kvk. 2015 - 2016	16.30-17.30 Fellið			15.30-16.30 Fellið	15.30-16.30 Neðra gervigras	9.30-10.30 Efra gervigras	
4. flokkur kvk. 2013 - 2014	15.30-16.30 Efra gervigras	15.30-16.30 Efra gervigras	18.00-19.00 Fellið	16.30-17.30 Fellið			
3. flokkur kvk. 2011 - 2012	17.30-18.30 Fellið	18.30-19.30 Neðra gervigras	19.00-20.00 Efra gervigras	17.30-18.30 Fellið			
2. flokkur kvk. 2009 - 2010	18.30-20.00 Efra gervigras	18.30-20.00 Neðra gervigras		18.30-20.00 Fellið	18.30-20.00 Neðra gervigras		
8. flokkur kk. 2021 - 2022		16.30-17.30 Fellið				10.30-11.30 Fellið	
7. flokkur kk. 2019 - 2020	15.30-16.30 Fellið		15.30-16.30 Neðra gervigras		16.30-17.30 Fellið		
6. flokkur kk. 2017 - 2018	14.30-15.30 Fellið		14.30-15.30 Neðra gervigras		14.30-15.30 Neðra gervigras		
5. flokkur kk. 2015 - 2016	15.30-16.30 Neðra gervigras	15.30-16.30 Neðra gervigras		15.30-16.30 Neðra gervigras		9.30-10.30 Neðra gervigras	
4. flokkur kk. 2013 - 2014	16.30-17.30 Efra gervigras		15.30-16.30 Efra gervigras	15.30-16.30 Efra gervigras	16.30-17.30 Efra gervigras		
3. flokkur kk. 2011 - 2012	17.30-18.30 Efra gervigras		16.30-17.30 Efra gervigras	16.30-17.30 Efra gervigras	15.30-16.30 Efra gervigras		
2. flokkur kk. 2009 - 2010	18.30-20.00 Neðra gervigras		18.30-20.00 Neðra gervigras	18.30-20.00 Neðra gervigras	17.30-19.00 Fellið		

KÖRFUBOLTI

Abler

Flokkur / aldur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
1. og 2. flokkur kk. & kvk. 2019 - 2020		15.30-16.30 Helgafell		16.00-17.00 Helgafell			
3. og 4. flokkur kk. & kvk. 2017 - 2018		14.30-15.30 Helgafell		15.00-16.00 Helgafell		09.30-10.30 Helgafell	
5. flokkur kk. 2016	16.00-17.00 Helgafell		15.30-16.30 Helgafell	17.00-18.00 Helgafell		10.30-11.30 Helgafell	
6. flokkur kk. 2015	17.00-18.00 Helgafell	16.30-17.30 Helgafell		18.00-19.00 Helgafell			10.00-11.30 Helgafell
7., 8. & 9. flokkur kk. 2013 - 2014		17.30-18.30 Helgafell	16.30-17.30 Helgafell		15.30-16.30 Helgafell		11.30-13.00 Helgafell
10 flokkur kk. 2011 - 2012	19.30-21.00 Helgafell	20.00-21.30 Helgafell		19.00-20.00 Helgafell	16.30-18.00 Helgafell		10.00-11.30 Varmá, salur 3
11. & 12. flokkur kk. 2010 -2009	20.00-21.30 Varmá, salur 3		19.00-20.30 Helgafell	20.00-21.30 Helgafell	19.30-20.30 Helgafell		11.30-13.00 Varmá, salur 3
Stelpuæfingar						11.30-12.30 Helgafell	

SKRÁNINGAR Á HAUSTÖNN ERU HAFNAR Á SPORTABLER

Hrannar Guðmundsson snýr heim til Aftureldingar – nú sem þjálfari meistaraflokks karla

„Varmá verður ekki bara mitt annað heimili heldur allrar fjölskyldunnar“



Fyrir Hrannar Guðmundsson er hringnum að mörgu leyti lokið. Hann ólst upp í Aftureldingu, æfði bæði fótbolta og handbolta frá fimm ára aldri, eignaðist þar marga af sínum bestu vinum og eyddi ófáum stundum í Varmá. Nú er hann kominn aftur heim – en í allt öðru hlutverki. Hrannar hefur tekið við þjálfun meistaraflokks Aftureldingar og segir heimkomuna vera eitthvað sem hann hafi lengi stefnt að.

„Það eru algjör forréttindi að alast upp í Aftureldingu,“ segir Hrannar. „Ég æfði fótbolta og handbolta með félaginu alveg frá fimm ára aldri. Þar kynntist ég einnig mörgum af mínum bestu vinum.“

Varmá var nánast annað heimili Hrannars þegar hann var yngri. Hann var duglegur að koma og horfa á eldri flokka keppa og fylgjast með því sem var að gerast í kringum félagið. Þessi tenging við Aftureldingu hefur því fylgt honum alla tíð.

Áhugi Hrannars á þjálfun kom einnig snemma. Hann byrjaði ungur að þjálfa yngri flokka og segir handboltann alltaf hafa heillað sig.

„Ég hafði alltaf mjög gaman af handbolta og myndi segja að ég hafi alltaf verið með mjög góðan leikskilning.“

Lærði af mörgum góðum þjálfurum

Ferill Hrannars hefur gefið honum tækifæri til að læra af mörgum öflugum þjálfurum, bæði sem leikmaður og síðar sem aðstoðarþjálfari. Hann segist hafa verið heppinn með þá þjálfara sem hann fékk í yngri flokkunum og hafa tekið eitthvað frá þeim öllum.

„Ég hef alltaf verið óhræddur við að spyrja spurninga og afla mér upplýsinga,“ segir hann.

Þegar hann fór sjálfur að þjálfa varð ljóst að áhuginn var mikill. Reynslan sem hann hafði öðlast sem leikmaður, ásamt því að vinna með reyndum þjálfurum, gaf honum góðan grunn til að þróa eigin hugmyndir um leikinn og hvernig best væri að vinna með leikmönnum.

Það hefur einnig gefið honum annað sjónarhorn að standa hinum megin við línuna. Hrannari gafst meðal annars tækifæri til að stjórna Stjörnunni gegn uppeldisfélagi sínu.

„Það var að sjálfsögðu sérstakt en mjög gaman líka. Það var alltaf gaman að koma og hitta fólkið í kringum félagið. Þetta voru einu skiptin sem ég hélt ekki með Aftureldingu í leikjum,“ segir hann og brosir að minningunni.

Loks kominn heim

Nú þarf Hrannar hins vegar ekki lengur að standa hinum megin við Varmárvöllinn. Hann er kominn heim og segir tilfinninguna frábæra.

„Ég hef alltaf stefnt að því að þjálfa Aftureldingu á einhverjum tímapunkti og er hrikalega spenntur fyrir tímabilinu.“

Heimkoman hefur þó ekki aðeins þýðingu fyrir Hrannar sjálfan. Dætur hans æfa með Aftureldingu og því fær hann nú að upplifa félagið frá nýju sjónarhorni, sem faðir.

„Það er smá nostalgía að sjá þær alast upp í þessu frábæra félagi og fá að taka þátt í því.“

Eiginkona Hrannars, Svava, er einnig mikill íþróttaáhugamaður og fjölskyldan virðist því hafa fundið sig vel í þessu lífi.

„Hún er okkar helsti stuðningsmaður. Heimilislífið hjá okkur snýst eiginlega bara um íþróttir.“

Sterkt teymi með Ingimundi

Með Hrannari í þjálfarateyminu er Ingimundur Ingimundarson sem hefur komið inn sem aðstoðarþjálfari. Hrannar segir það mikinn styrk fyrir félagið að fá Ingimund inn í verkefnið.

„Það var mjög sterkt fyrir okkur og klúbbinn að fá Ingimund inn sem aðstoðarþjálfara. Hann hefur mikla reynslu sem leikmaður og sem þjálfari.“

Samstarfið hefur farið vel af stað og Hrannar segir þá vinna náið saman.

„Eins og þetta er í dag er þetta mikil teymisvinna og við vinnum vel saman.“

Vill sjá Aftureldingu í fremstu röð

Framtíðarsýn Hrannars fyrir Aftureldingu er skýr. Hann vill að félagið haldi áfram að



ala upp góða leikmenn og byggja á þeim sterka grunni sem þegar hefur verið lagður.

„Afturelding er lið sem á að halda áfram að framleiða góða handboltaleikmenn.“

Hann bendir á að félagið hafi á undanförnum árum sent fjölda leikmanna upp í meistaraflokk og áfram út í atvinnumennsku. Þar má meðal annars nefna Mosfellingana Elvar Ásgeirsson, Blæ Hinriksson og Þorstein Leó.

„Þetta er mikil hvatning fyrir unga leikmenn.“

Hrannar segir einnig ánægjulegt að sjá hversu margir ungir leikmenn leggja aukalega á sig.

„Maður sér það oft þegar maður kemur niður í Varmá að það eru alltaf einhverjir leikmenn í gymminu að æfa aukalega. Það skiptir mjög miklu máli.“

Afturelding eigi að setja markið hátt og það sé hluti af menningu félagsins. Hann vill jafnframt benda á mikilvægi stjórnar félagsins sem hafi unnið ötullega að uppbyggingunni undanfarinn áratug.

„Félagið væri ekki á þeim stað sem það er nema vegna þeirra og það má ekki taka því sem sjálfsögðum hlut. Þetta er fólk sem er að gefa sinn frítíma í þetta verkefni, sem er aðdáunarvert.“

„Ég mun gefa mig 110%“

Hrannar vill ekki aðeins ná árangri með liðið heldur einnig miðla til yngri leikmanna þeim gildum sem hann hefur sjálfur lært í gegnum handboltann. Hann segir Aftureldingu hafa byggt upp sterkan kúltúr á síðustu árum og telur það mikilvægan þátt í áframhaldandi uppbyggingu.

Þegar hann lítur til baka og hugsar um litla strákinn sem byrjaði að æfa með Aftureldingu fimm ára gamall og ber hann saman við manninn sem nú stendur sem þjálfari meistaraflokksins telur hann að drengnum unga hefði líklega líkað framtíðin.

„Ég held að hann væri bara stoltur og ánægður með þann stað sem hann er á í dag.“

Hrannar fer ekki leynt með metnað sinn.

„Ég er mjög stoltur af því að hafa fengið þetta tækifæri. Ég hef mjög mikinn metnað gagnvart Aftureldingu. Mig dreymir um að koma liðinu í fremstu röð og ég mun gefa mig 110% í það verkefni.“

Varmá verður nú heimili allrar fjölskyldunnar

Kannski er ekkert sem lýsir heimkomu Hrannars betur en spurningin um hvort fjölskyldan hafi tekið því vel að hann sé loksins kominn aftur til Mosfellsbæjar.

„Já, bara algjörlega,“ segir hann.

Dætur hans hafa meira að segja lengi verið að spyrja hann hvenær hann ætlaði eiginlega að koma og þjálfa Aftureldingu.

Nú hefur sá draumur ræst.

„Nú verður Varmá ekki bara mitt annað heimili heldur allrar fjölskyldunnar, sem er bara forréttindi.“

Fyrir litla strákinn sem eyddi æskuárunum í Varmá er þetta því meira en nýtt starf. Þetta er heimkoma. Og nú fær hann tækifæri til að skrifa næsta kafla í sögu sinni með félaginu sem hefur fylgt honum frá fimm ára aldri.







Guðrún hafnaði í 4. sæti

Guðrún Ásgeirsdóttir, sem keppir fyrir Kraft í Mosfellsbæ, náði glæsilegum árangri á heimsmeistaramótinu sem fram fór í Póllandi um helgina. Hún hafnaði í 4. sæti í 69 kg flokki eftir harða og spennandi keppni.

Guðrún lyfti 80 kílóum, sömu þyngd og keppandinn sem hreppti bronsverðlaunin. Þar sem Guðrún var þó örfáum grömmum þyngri en keppinautur hennar réðu keppnisreglur úrslitum og varð hún því í fjórða sæti.

Þrátt fyrir að hafa misst naumlega af verðlaunasæti er árangur Guðrúnar afar glæsilegur á alþjóðlegum vettvangi. Að vera meðal fjögurra bestu í heimi er eftirtektarverður árangur og ber vott um mikla vinnu, metnað og undirbúning.

Mosfellingur óskar Guðrúnu innilega til hamingju með frábæran árangur.

Gæðingamót Harðar



Gæðingamót Harðar fór fram dagana 13.–14. júní í blíðskaparveðri. Mótið var jafnframt seinni úrtaka fyrir Landsmót hestamanna sem haldið var á Hólum í Hjaltadal 5.–11. júlí.

Auk þeirra verðlauna sem veitt voru í úrslitum völdu dómarar par mótsins og fyrir valinu urðu Sigríður Fjóla Aradóttir og Ekkó frá Hvítárholti. Til þess að hljóta þessi verðlaun verður knapi að vera í félagsbúningi Harðar og hrossið að vera í eigu Harðarfélaga.

Einnig fór fram unghrossakeppni þar sem 4–5 vetra hross öttu kappi. Þar bar List frá Ekru sigur úr býtum með einkunnina 8,65, í öðru sæti varð Vinur frá Hafnarfirði með einkunnina 8,63 og í þriðja sæti varð Örvar frá Margrétarhofi með einkunnina 8,46.

Við óskum þeim til hamingju með árangurinn.

Bergrún Fönn sigraði Íslandsmót í rallycrossi



Bergrún Fönn Alexandersdóttir stóð uppi sem sigurvegari í þriðju umferð í rallycross-keppni sem fram fór á Akureyri 13. júlí. Hún keppti í 1400 flokki á Suzuki Swift og sýndi bæði öryggi og ákveðni í harðri keppni.

Mikil barátta var í flokknum frá upphafi en Bergrún náði góðu starti og kom sér í fremstu röð fyrir úrslitin. Þaðan leit hún ekki um öxl og hélt fyrsta sætinu allt til loka, þrátt fyrir mikla pressu frá keppinautum sínum.



Sigurinn er glæsilegur áfangi fyrir Bergrúnu sem hefur sýnt stöðugar framfarir í rallycrossi og staðið sig vel í keppnum sumarsins. Mosfellingur óskar Bergrúnu innilega til hamingju með sigurinn og óskar henni góðs gengis í komandi umferðum Íslandsmótsins.

Teflt um titilinn Skákmeistari Mosfellsbæjar

Skákhátíð við Bókasafnið á bæjarhátíðinni okkar



Skákfélag Mosfellsbæjar stendur fyrir skákmóti á bæjarhátíðinni Í túninu heima sunnudaginn 30. ágúst þar sem teflt verður um titilinn Skákmeistari Mosfellsbæjar 2026.

Mótið hefst kl. 11:30 við Þverholt 2, fyrir framan Bókasafn Mosfellsbæjar. Tefldar verða sjö umferðir og fær hver keppandi fjórar mínútur á skákina auk þriggja sekúndna til viðbótar fyrir hvern leik.

Mótið var vel sótt í fyrra þegar um 40 keppendur á öllum aldri og getustigum mættu til leiks. Þá deildu FIDE-meistararnir Oliver Aron Jóhannesson og Örn Leó Jóhannsson titlinum Skákmeistari Mosfellsbæjar eftir spennandi keppni. Nú verður teflt um titilinn á ný og vonast félagið til að enn fleiri setjist að tafli í ár.

Glæsileg verðlaun verða í boði fyrir þrjá efstu keppendurna. Sigurvegarinn fær innrammaða ljósmynd af Úlfarsfelli, sá sem hafnar í öðru sæti mynd af Reykjafelli og þriðja sætið fær mynd af Helgafelli. Ljósmyndirnar koma frá Artiq.is og allir þrír verðlaunahafar fá einnig vinninga frá Apótekaranum. Mosfellsbakarí sér keppendum fyrir veitingum meðan á mótinu stendur.

Skákstarf félagsins heldur síðan áfram af krafti í haust. Boðið verður upp á vikulegar skákæfingar fyrir börn, annars vegar fyrir 1.–3. bekk og hins vegar fyrir 4. bekk og eldri. Æfingarnar eru opnar öllum, bæði byrjendum og þeim sem hafa meiri reynslu.

Nánari upplýsingar um hauststarfið, æfingatíma og skráningu verða birtar á skakmos.is. Þar má einnig finna upplýsingar um næstu skákmót félagsins.

Mótið á Í túninu heima er opið öllum og hvetur Skákfélag Mosfellsbæjar bæði Mosfellinga og aðra skákáhugamenn til að mæta og taka þátt. Skráning fer fram á skakmos.is.







„Allt sem ég hafði lesið og skrifað um leiddi að þessari stund“

Jenný María Jóhannsdóttir tók að sér hlutverk fjallkonu Mosfellsbæjar á þjóðhátíðardaginn 17. júní. Hlutverkið hafði sérstaka merkingu fyrir Jenný sem hefur rannsakað þjóðbúninga og þjóðernislegt hlutverk íslenskra kvenna í námi sínu. Þegar hún klæddist kyrtlinum og stóð frammi fyrir Mosfellingum fannst henni því eins og ýmislegt í lífi hennar hefði á einhvern hátt leitt að þessari stund. Jenný er þó ýmislegt fleira en fjallkona; hún er fræðimaður, leikari, listakona og leikskólaleiðbeinandi – og á sér þann draum að skrifa og myndskreyta eigin barnabók.





Þegar Jenný María var spurð hvort hún væri tilbúin að taka að sér hlutverk fjallkonu Mosfellsbæjar þurfti hún ekki langan tíma til að átta sig á því hversu sérstakur heiður henni hafði hlotnast.

„Ég fann bæði fyrir stolti og spennu. Þetta var mikill heiður og ég brosti út í eitt.“

Þegar sjálfur þjóðhátíðardagurinn rann upp tók þó stressið við. Jenný stóð í þjóðbúningnum frammi fyrir Mosfellingum með frumsamið ljóð í höndunum.

Leikhúsið annað heimili

Jenný hefur átt sterk tengsl við menningarlíf Mosfellsbæjar frá unga aldri. Aðeins ellefu ára gömul sótti hún sitt fyrsta námskeið hjá Leikfélagi Mosfellssveitar og hélt áfram að sækja námskeið þar ár eftir ár.

Sextán ára fékk hún síðan sitt fyrsta tækifæri til að taka þátt í sýningu með leikfélaginu sjálfu og síðan hefur hún komið víða við í menningarlífi bæjarins.

Hún hefur leikið í fjölmörgum sýningum, verið kynnir á 17. júní, göngustjóri á bæjarhátíðinni Í túninu heima, brugðið sér í hlutverk jólasveins á jólaskemmtunum – og nú síðast fjallkona Mosfellsbæjar.

Hún segir samheldni og sterkt bæjarsamfélag einkenna Mosfellinga. Sömu tilfinningu hafi hún fundið þegar hún stundaði taekwondo hjá Aftureldingu, þar sem tekið var vel á móti henni og hún upplifði sterkan og stuðningsríkan hóp.

Jenný er jafnframt mikið í mun að framtíð Bæjarleikhússins sé tryggð. Ef hún mætti breyta einu í bænum væri það að eyða allri óvissu um framtíð þess.

Fólkið skiptir mestu máli

Þótt fræðin og listirnar skipi stóran sess í lífi Jennýjar er stutt í húmorinn. Hún lýsir sjálfri sér í þremur orðum sem listrænni, metnaðarfullri og fróðleiksfúsri og segir börnin á leikskólanum eiga auðvelt með að koma henni til að hlæja.

„Þau eru svo sniðug og með smitandi hlátur.“

Þegar frídagur gefst finnst henni gott að prjóna eða teikna, svo lengi sem heimilið er hreint og engin verkefnaskil bíða. Seinni part dags vill hún gjarnan hitta vini, fara á grasrótartónleika eða í leikhús. Það sem skiptir hana mestu máli í dag er þó fólkið í kringum hana.

„Að rækta sambandið við vini mína og fjölskyldu skiptir mig mestu máli.“

Barnabókin verður að veruleika einn daginn

Jenný segist stoltust af því að hafa komist á þann stað í lífinu að geta unnið við það sem henni þykir skemmtilegt. Hún veit að hún vill halda áfram að sameina listir, fræði og sköpun í framtíðinni. Einn draumur bíður þó enn eftir því að verða að veruleika.

„Mig dreymir um að skrifa og myndskreyta barnabók. Ég hef mikla ástríðu fyrir vönduðu barnaefni og þetta mun gerast einn daginn.“

Fræðimaður, listakona, leikari, leikskólaleiðbeinandi, fyrrverandi taekwondoþjálfari og nú fjallkona Mosfellsbæjar. Ef ævisagan yrði einhvern tímann gerð að sjónvarpsþætti er Jenný meira að segja komin með titilinn: „Vetrarbarnið“.

Skipulagsauglýsing

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar kynnir til umsagnar eftirfarandi skipulagsmál:
Helgadalsvegur 60, L229080 - deiliskipulagsbreyting L222

Mál nr. 967/2026

Breytingin varðar skipulag smábýlis á um 4,93 ha land og felur einkum í sér endurútfærslu byggingarreita og húsakosts, í stað sambyggðs íbúðarhúss og gróðurhúss verði gert ráð fyrir aðskildum byggingum; íbúðarhúsi, gróðurhúsum, aðstöðuhúsum/geymslum. Byggingarmagn, vegtenging og annað er óbreytt.

Athugasemdafrestur er til og með 22. september 2026.

Gögn eru aðgengileg í Skipulagsgátt þar sem gefinn er kostur á að skila inn skriflegum umsögnum, **skipulagsgatt.is**.

Mosfellsbær mos.is





TÚNIÐ 26’

LAUGARDAGINN 29. ÁGÚST
HLÉGARÐUR

MIÐASALA Á
MIDIX.IS

EPIC ANANAS

TUBORG

20 ÁRA ALDURSTAKMARK

Nýbúinn í Mosó

SPJALL VIÐ NÝJA ÍBÚA Í MOSFELLSBÆ

Þórunn Hulda Guðmundsdóttir píanókennari fann sig fljótt heima í Mosfellsbæ

„Hér get ég heyrt lækjarnið og fuglasöng“

Þórunn Hulda Guðmundsdóttir flutti ásamt eiginmanni sínum í Mosfellsbæ árið 2018. Þau höfðu þá ákveðið að minnka við sig eftir að flest börnin voru flutt að heiman og húsið því orðið óþarflega stórt. Þórunn hafði lengi verið mikil göngukona og þegar kom að því að velja sér nýjan stað til búsetu voru það ekki síst fellin og fjöllin sem drógu hana til Mosfellsbæjar. „Fyrstu kynni mín af bænum voru mjög góð. Mér fannst bærinn strax taka utan um okkur,“ segir Þórunn. Hún fann fljótt sína uppáhaldsstaði í bænum og ber þar hæst Varmárlaug sem hún sækir nær daglega. „Sumir segja að hún sé best varðveitta leyndarmálið á höfuðborgarsvæðinu og ekki að ósekju,“ segir hún og ljóst er að sundlaugin er orðin stór hluti af hennar daglega lífi.



Náttúran skammt undan

Það sem Þórunn kann sérstaklega að meta við Mosfellsbæ er að hér er allt til alls og auðvelt að sækja þá þjónustu sem þarf. Hún segir bæinn henta vel fyrir daglegt líf og að það sé nóg að gera fyrir bæði eldri borgara og fjölskyldufólk. Náttúran skipar þó sérstakan sess hjá henni og fallegasti staðurinn í bænum er að hennar mati náttúran í kringum Kvosina. „Hér get ég gengið út og heyrt lækjarnið og fuglasöng í skóginum og litið til fjalla. Eru til betri lífsgæði en það?“

Eitt sem hún myndi þó gjarnan vilja sjá bætast við er kaffihús í Kvosinni og segist hún hafa heyrt að það verði hugsanlega að veruleika.

Píanóið og móðurmálsaðferðin

Þórunn er Suzuki- og píanókennari og þegar hún flutti í Mosfellsbæ hélt hún áfram að starfa sem slík í Reykjavík. Suzuki-aðferðin heillaði hana um leið og hún var kynnt hér á landi en hún er oft kölluð móðurmálsaðferðin þar sem reynt er að líkja eftir því hvernig börn læra móðurmál sitt og yfirfæra þá nálgun yfir á nám í píanóleik.

Þótt Þórunn hafi ekki starfað sem píanókennari í Mosfellsbæ segir hún tónlistarlíf bæjarins öflugt. Þar nefnir hún sérstaklega Barnadjasshátíðina sem hefur verið haldin árlega í bænum frá því hún flutti hingað. „Mér finnst ótrúlega gaman að mæta á þessa hátíð og sjá þessa hæfileikaríku einstaklinga,“ segir hún og brosir.

Þeir Mosfellingar sem hafa áhuga á píanónámi hjá Þórunni geta haft samband við hana með því að senda tölvupóst á thorunnhulda@gmail.com eða hringja í símanúmerið 846 7774.



Á þeim árum sem Þórunn hefur búið í Mosfellsbæ hefur bærinn greinilega orðið að hennar heimili, í orðsins fyllstu merkingu, og eru það ekki síst náttúran, kyrrðin og fjöllin sem spila þar lykilhlutverk. Þegar dagurinn byrjar á gönguferð í fallegu umhverfi, með fuglasöng og lækjarnið, og endar jafnvel í Varmárlaug er kannski ekki nema von að Þórunn spyrji: „Eru til betri lífsgæði en það?“

Ef þú þekkir einhvern sem hefur flutt til bæjarins nýlega máttu endilega senda okkur ábendingu á netfangið hafrun@mosfellingur.is. Við hlökkum til að heyra frá ykkur.

Bólið

26.ÁGÚST

BALL Í HLÉGARÐI
FYRIR 5.-7. BEKK
KL. 19-20:30
Miðaverð 1000kr

BALL Í HLÉGARÐI
FYRIR 8.-10. BEKK
KL. 21:00-23:00

27.ÁGÚST

SÁPUBOLTI Í HLÉGARÐI
FRÁ KL 16:30. Mæting stundvíslega.

FYRIR 5.-7. BEKK /8.-10.BEKK / 16-18 ÁRA

4-6 SAMAN Í LIÐI

2000KR Á LIÐ
Skráning → bolid@mos.is

BÓLID VERÐUR Á FLAKKINU ALLA HELGINA
Í TÚNINU HEIMA. SJÁUMST ÞAR!

BÆJARHÁTÍÐ MOSFELLSBÆJAR

Í TÚNINU HEIMA

MOSFELLSBAKARÍ

ÍSTAK

AFLTAK EHF.

VGH Mosfellsbæ
VERKTAKI - VÉLALEIGA
GSM 896 6279 896 9443 8962279
ÞAÐ SEM TIL ÞARF

ISBAND

BYGGINGAFÉLAGIÐ BAKKI

KFC

LANDFARI

Mosfellsbær þakkar íbúum, starfsmönnum, fyrirtækjum
og félagasamtökum fyrir að taka þátt í að búa til og bjóða upp
á fjölbreytta dagskrá fyrir alla fjölskylduna Í túninu heima.

Styrktaraðilum eru færðar sérstakar þakkir fyrir þeirra framlag.

Mosfellsbær

Mosfellingar í útilegu


ÁSTA, STEFANÍA OG STELPURNAR


RAGGI, ARNÓR GAUTI, ANNA OG BRYNJA RÖGN


FOLDA OG ÞÓRÐUR


STRÁKARNIR NJÓTA SÍN Í ÚTILEGU


ANDRI GUNNAR OG ÞRÁNDUR


JÓHANN ÓSKAR, ÁSTA OG JÓNDI


BRYNJA RÖGN OG ÁSDÍS


HAFÞÓR, RAGGA, EINAR, HELENA OG EYÞÓR


JÓI BEN. OG BJARNI B.



JÖKULL HRESS OG KÁTUR


RAGGI OG ANNA


LEXI OG ÁRNÝ ELVA

TOTAL TEMPO

EINKAÞJÁLFUN Í FÓTBOLTA!

SKRÁNING FYRIR HAUSTIÐ ER HAFIN!

NÝTT HJÁ BÖTTUM!

GÓÐUR GRUNNUR SKIPTIR ÖLLU MÁLI

BYRJENDANÁMSKEIÐ BATTA ER 12 VIKNA NÁMSKEIÐ OG ER ÆTLAÐ BÖRNUM FÆDDUM 2018-2020 SEM VILJA BÆTA FÆRNI SÍNA MEÐ BOLTA Í SKEMMTILEGU OG HVETJANDI UMHVERFI.



„ALLIR VERÐA BETRI Í BÖTTUM!“
ÓSKAR BORGÞÓRSON, VÍKINGUR

BATTAR
KNATTSPYRNA
SJÁ NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING INN Á BATTAR.IS

KOMDU Í FRÍAN PRUFUTÍMA!

MOSFELLSBÆR

Kjúklinga FESTIVAL

MOSFELLSBÆ


29 ÁGÚST

★ KL 14:00 TIL 16:00 ★



KFC | Coca-Cola | Matfugl | ÍSFUGL

Fjallræðufólkið



Eftir bankahrunið var eg lengst af án nokkurrar fastrar vinnu. Þó hefi eg sinnt ýmsum verkefnum. Það sem hefur vakið mér mestu ánægju er að geta orðið þeim að einhverju gagni sem þess þurfa. Hefi eg verið heimsóknarvinur á vegum Rauða krossins sem sjálfboðaliði sem hefur fært mér margar ánægjustundir.

Undanfarin ár hefi eg lesið ýmsa áhugaverða texta fyrir eldri borgarana á hjúkrunarheimilunum. Fyrst byrjaði eg í sveitarfélaginu okkar að Hlaðhömrum en síðustu árin hefi eg sinnt sem heimsóknarvinur á Eir hjúkrunarheimili í Grafarvogi. Þar hefur enst eitt merkilegt verk í allan vetur og langar mig til að segja frá því.

Dr. theol. Gunnar Kristjánsson starfaði lengi sem prófastur Kjalarnesprófastsdæmis með aðsetri að Reynivöllum í Kjós. Fyrir rúmum aldarfjórðungi kom frá hans hendi afar merkt rit sem hann nefnir Fjallræðufólkið. Kom þetta verk út hjá Máli og menningu 2002. Fjallar það um þekktustu persónur í helstu skáldverkum Halldórs Laxness en doktorsritgerð dr. Gunnars fjallaði einmitt um Heimsljós.

Hvað eiga persónur í verkum Halldórs Laxness sameiginlegt: Steinn Elliði í Vefaranum mikla, Salka Valka í samnefndu verki og Sigurlín móðir hennar, Bjartur í Sumarhúsum í Sjálfstæðu fólki, Ólafur Kárason í Heimsljósi, Jón Hreggviðsson í Íslandsklukkunni, afinn og amman í Brekkukotsannál og að lokum Jón prímus í Kristnihaldinu?

Þegar betur er gáð eiga allar þessar persónur meira og minna einhvað sameiginlegt. Grípum niður í Fjallræðufólkið: „Persónusköpun Halldórs virðist því eftir ýmsum sólarmerkjum að dæma stefna í ákveðna átt. Hann hefur löngun til að fjalla um lítilmagnann í samfélaginu og rétta hlut hans. Í þeim tilgangi styðst hann við Fjallræðuna að einhverju marki og þá einkum upphaf hennar, hin þekktu sæluboð." (Fjallræðufólkið bls.16-17).

Þetta verk dr. theol. Gunnars Kristjánssonar ættu sem flestir að taka sér í hönd og lesa. Það er eitt af merkastu verkum sem ritað hefur verið um sögupersónur Halldórs Laxness sem opnar fyrir okkur nýja sýn á skáldverk nóbelsskáldsins okkar.

Allar verða þær taldar fremur fátækar af veraldlegum efnum en þess ríkari af öðrum eiginleikum sem tengist hinu andlega og guðdómlega. Þær lifa og búa við ýmsa erfiðleika og mjög oft er á brattann að sækja. En skilningurinn gagnvart öðrum, hjálpsemin og bróðurkærleikurinn er sjaldan langt undan. Þetta er veröld sem blasti við fyrri kynslóðum og við sem nú teljumst til eldri borgara könnumst vel við fátæktina, bjargarleysið og baráttuna fyrir lífinu. Í dag lifa flestir í vellystingum en þurfa ekki að líða skort af neinu tagi. Nægjusemin hefur dugað okkur vel og vonin um að úr rætist hefur alltaf búið í brjóstum okkar.

Er kannski þarna komin skýringin á því hvers vegna rit Halldórs Laxness ná vart lengur til yngstu kynslóðanna? Hún hefur fremur kynnst velmegun en basli og baráttu fyrir lífinu sem var áður mjög algengt og fátækt algengari en nú.

Það hefur verið ánægjulegt að lesa Fjallræðufólkið fyrir eldri borgarana sem þekkja vel þessar kringumstæður. Oftast verður efni Fjallræðufólksins gott tilefni að góðu spjalli og umræðum.

Eg hvet sem flesta Mosfellinga til að lesa bók dr. Gunnars. Hún er lykill að ótalmörgum heillandi leyndardómum sem leynast í skáldverkum Halldórs Laxness.

Guðjón Jensson



Leikskólinn Hlíð hlýtur Grænfánann í fjórða sinn

Leikskólinn Hlíð hefur nú hlotið Grænfánann í fjórða sinn en skólinn fékk áður viðurkenninguna árin 2018, 2020 og 2022. Grænfáninn er veittur fyrir góða frammistöðu í menntun til sjálfbærni og fyrir að leggja sitt af mörkum til að efla og bæta umhverfismál innan skólans og í nærsamfélaginu.

Börn og starfsfólk leikskólans tóku þátt í tveggja ára Grænfánaverkefni frá vori 2024 til vors 2026 undir þemanu „Átthagar og landslag". Markmið verkefnisins var að efla tengsl barnanna við náttúruna, umhverfið og samfélagið í kringum leikskólann, ásamt því að styrkja lýðræðisvitund þeirra.

Í verkefninu var lögð áhersla á að hlusta á raddir barnanna og gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif á eigið umhverfi. Þrátt fyrir ungan aldur eiga börnin rétt á að skoðanir þeirra séu virtar og að þau fái að taka þátt í ákvörðunum sem varða daglegt líf þeirra og starf leikskólans.

Grænfáninn var afhentur við hátíðlega athöfn þann 18. júní 2026 í útiveru leikskólans. Þar kom Sigurlaug frá Landvernd í söngstund með börnum og starfsfólki og afhenti skólanum fánann. Að athöfn lokinni var Grænfáninn dreginn að húni við mikinn fögnuð viðstaddra.

Við í Hlíð erum afar stolt af þessum árangri og hlökkum til að halda áfram að efla umhverfisvitund, sjálfbærni og lýðræðislega þátttöku barnanna á komandi árum.



Er ESB eitthvað fyrir okkur?



Evrópusambandið hefur ýmsa kosti og hefur að mörgu leyti verið mikið framfaraverkefni. Það hefur ekki síst gagnast vel í einu af sínum mikilvægustu grunnmarkmiðum: að tryggja frið og samvinnu milli Evrópuríkja sem áður háðu styrjaldir. Án efa er einn stærsti kostur Evrópusamstarfsins innri markaðurinn að fólk, vörur, þjónusta og fjármagn geti farið greiðlega á milli landa.

Við Íslendingar erum nú þegar hluti af þessum markaði í gegnum EES-samninginn. Það er óumdeilt að EES-samningurinn hefur reynst Íslandi vel og átt þátt í að auka hér lífskjör og velsæld.

Spurningin sem við stöndum frammi fyrir núna er því ekki hvort við viljum eiga gott samstarf við Evrópu. Það gerum við nú þegar. En ríkisstjórnin hyggst nú spyrja þjóðina að því hvort Ísland eigi að hefja á ný aðildarviðræður við Evrópusambandið. Áður en þeirri spurningu er svarað er að mínu mati mikilvægt að spyrja sig að því hvað aðild að ESB kæmi til með að færa okkur umfram það sem við höfum í dag og hvað gæti aðild kostað okkur?

Séríslenskar aðstæður

Með fullri aðild bætast við málaflokkar sem standa utan EES, meðal annars sjávarútvegur, landbúnaður, tollamál og viðskiptasamningar.

Ísland er auðlindadrifið eyhagkerfi langt norður í Atlantshafi. Yfirráð yfir fiskveiðiauðlindinni skipta okkur gríðarlegu máli og íslenskur landbúnaður býr við allt aðrar aðstæður en víðast hvar í Evrópu. Við höfum jafnframt gert mikilvæga fríverslunarsamninga, meðal annars við Kína og Indland, sem féllu úr gildi við inngöngu í ESB.

En fáum við ekki lægri vexti?

Í umræðunni hefur mikið verið talað um evruna, verðbólgu og vexti. Stundum mætti jafnvel halda að þjóðaratkvæðagreiðslan snerist um hvort við vildum lægri vexti. Auðvitað viljum við lægri vexti. En aðildarsamningur við Evrópusambandið er ekki samningur um lægri vexti eða minni verðbólgu, það er bara ekkert um það í slíkum samning.

Við þurfum sjálf að reka ábyrga efnahagsstefnu, halda aftur af opinberum útgjöldum þegar þörf er á og skapa aðstæður fyrir stöðugt verðlag og lægri vexti. Það er verkefni stjórnvalda hér heima og það verður ekki flutt til Brussel.

Aðild er ekki ókeypis

Aðild að ESB kostar, við þyrftum að greiða mikla fjármuni inn í sambandið, öllum ber saman um að, Ísland yrði nettógreiðandi, greiddi meira inn í sambandið en við fengum til baka í peningum. Við þurfum að gefa eftir hluta af löggjafavaldi, framkvæmdavaldi og dómsvaldi. Aðild yrði því alltaf dýru verði keypt.

Samstarf án aðildar

Ísland hefur á rúmri öld farið úr því að vera eitt fátækasta ríki Evrópu í að vera eitt af ríkustu löndum heims. Það gerðist ekki vegna þess að við lokuðum okkur af. Þvert á móti höfum við byggt velgengni okkar á viðskiptum, samstarfi og tengslum við umheiminn en jafnframt á því að ráða okkur sjálf og taka ábyrgð á eigin ákvörðunum. Þetta er nokkuð sem mér finnst skynsamlegt að við byggja áfram á.

Við skulum ekki eyða næstu fjórum árum, fjármunum og kröftum í aðildarviðræður. Verkefnin hér heima eru næg,

Þess vegna segi ég nei 29. ágúst.

Bryndís Haraldsdóttir,
þingmaður Sjálfstæðisflokksins



Þorlákshöfn

Hnjúkamói 14–16

Opið hús 5. og 6. september | 12:00 – 13:00

Útborgun frá aðeins 2,2 m.kr.

Hlutdeildarlán í boði

Stofnhús

stofnhus.is

Verð frá

43,9

milljón kr.

BÍLAVIÐGERÐIR
BÍLHÚSIÐ
www.bilhusid.is
Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.
Smiðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

FHS
Hjálmar Guðmundsson
Löggildur húsasmíðameistari
s:6959922
fhsverk@gmail.com

FÓTAAÐGERÐASTOFA
MOSFELLSBÆJAR
Þverholti 3 - Sími: 566-6612

B. Markan ehf.
Pípulagnir
660 6690
www.bmarkan.is

Gluggafilmur · Sólarfilmur · Öryggisfilmur
Mætum ▸ Mælum ▸ Hönnum
BestPrent.is
661 5054
steini@bestprent.is

Fisk~
búðin
Mos

CONSENSA

Dalsgarður
– við gerum rósir

Mg
MINI GARÐURINN
HÓPEFLI

GLERTÆKNI ehf
Völuteigi 21
- gler í alla glugga -
S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS

MALBIKSTÖÐIN

Útfararstofa Íslands
www.utforin.is • Mosfellsbæ

Sverrir Einarsson S: 896 8242 · Jóhanna Eiríksdóttir · Jón G. Bjarnason S: 793 4455
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

AFLTAK EHF.
S: 660 0770 - www.afltak.is

VIÐ SÆKJUM BÍLA FRÍTT TIL FÖRGUNAR!
...og þú færð greitt 30.000 Kr. skilagjald

KRAFT FLUTNINGAR
BÍLA- & TÆKJAFLUTNINGAR
551-2280


BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Frí Tjónaskoðun
GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI
Auðbrekku 27. Kópavogi
www.bilasprautun.is
554 2510

Fébætur
Innheimta slysa- og skaðabóta

GARÐMENN
...gerum garðinn frægan!
Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.
Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.
Sími 893 5788

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu
Útvega allt jarðefni
VÖRUBÍLL Þ.B.
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142



OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA
Lágafellslaug
Virkir dagar: 6:30 - 22:00
Helgar: 08:00 - 19:00
Varmárlaug
Virkir dagar: 6:30-08:00 og 15:00-21:30
Laugard. kl. 08:00 -17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00


VGH Mosfellsbæ
VERKTAKI SÍÐAN 1968
ÞAÐ SEM TIL ÞARF
896-9443 896-2279


BYGGJUM Á GRÆNUM LAUSNUM
TIMBURGRINDARHÚS
KROSSLÍMDAR EININGAR
SVALALOKANIR
GLUGGAR OG HURÐIR
EININGAR EHF
WWW.EININGAR.IS
Sími: 565 1560 einingar@einingar.is

Þú finnur öll blöðin á netinu
WWW.MOSFELLINGUR.IS

HEYRST HEFUR ...

... að Afturelding sé komin á topp Lengjudeildar karla eftir stórsigur á Grindavík og tap Fylkis. Það er greinilega eitthvað í Mosó-loftinu þessa dagana.

... að þrjár ungar Aftureldingar-stúlkur, Amelía Lára Reynisdóttir, Saga Pála Guðjónsdóttir og Sonja Salín Hilmarsdóttir, hafi verið valdar í sama hóp. Það verður greinilega nóg að gera hjá landsliðsnjósnurum í Mosó á næstu árum.

... að Mosfellsbær hafi orðið 39 ára þann 9. ágúst. Það þýðir aðeins eitt: Stórafmæli á næsta ári! Það er því líklega kominn tími til að byrja að skipuleggja fertugsafmælið.

... að Mosfellingar hafi fjölmennt á Tungubakka til að fylgjast með almyrkvanum. Það er ekki á hverjum degi sem Mosó verður einn heitasti útsýnisstaður landsins.

... að minkamálunum í Mosfellsdal sé langt frá því lokið. Enn sé fylgst með mink á svæðinu eftir að mikill fjöldi dýra slapp úr Dalsbúi.

... að það sé farið að styttast í bæjarhátíðina *Í túninu heima*. Hátíðin fer fram 27.–30. ágúst og því ekki seinna vænna fyrir Mosfellinga að fara að huga að því hvað eigi að gera í garðinum í ár.

... að Drulluhlaup Krónunnar hafi verið drullugóð skemmtun. Þeir Mosfellingar sem hafa nýlega þvegið hvítu strigaskóna sína ættu því líklega að gera það aftur núna.

... að Tindahlaupið verði haldið 29. ágúst. Þar gefst Mosfellingum enn eitt tækifærið til að sanna að fellin í kringum bæinn séu ekki bara til að horfa á út um stofugluggann.

... að Brúarland opni dyrnar fyrir gestum á bæjarhátíðinni. Þar verður hægt að skoða þetta sögufræga hús, fá sér kaffi og kruðerí og kynna sér starfsemina sem þar fer fram.

... að það hafi verið meira og minna fullt út úr dyrum á OAK frá því staðurinn var opnaður í Þverholti í byrjun sumars. Það virðist því hafa verið pláss fyrir einn veitingastað í viðbót í Mosó.

... að Ólafur og Dorrit ætli að fara hvort í sína áttina.

... að einhverjir Mosfellingar séu þegar farnir að taka hverfalitina fyrir Í túninu heima *mjög* alvarlega. Spurning hvort einhver gata ætli sér titilinn „mest skreytta gata Mosó“ áður en hátíðin byrjar.

... að Hrannar Guðmundsson hafi greinilega ekki getað haldið sig lengur frá Mosó og sé nú mættur aftur í rauða litinn hjá Aftureldingu.

... að keppnin um flottasta garðpartíið í Mosó sé þegar hafin og einhverjir séu farnir að fylgjast óþarflega náið með langtímaveðurspánni.

... að Áslákur hafi málað vegginn sinn til styrktar Aftureldingu.

... að Gáski opni innan skamms.

... að það sé kominn nýr eigandi að Pílus hárgreiðslustofu í Kjarnanum. Agnes Einarsdóttir, starfsmaður Pílus til 14 ára, keypti stofuna af Ragnhildi Bergþórsdóttur.

Sendið okkur á mosfellingur@mosfellingur.is

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Saga Lind Sigurðardóttir fæddist 15. febrúar 2026. Foreldrar hennar eru Linda Pétursdóttir og Sigurður Ingólfsson.



Svanþór Atli Ragnarsson fæddist 2. janúar á heimili sínu í Mosfellsbæ. Foreldrar hans eru Ragnar Björn Helgason og Agla Ösp Sveinsdóttir. Systkini hans eru Dagbjört Rún og Björgvin Þór.



Einhleyp/ur mánaðarins



Hvernig myndir þú lýsa draumamakanum þínum í þremur orðum?
Einlægur, hlýr og traustur.
Hvað má draumamakinn þinn aldrei segja á fyrsta deiti?
Að hann þoli ekki dýr, kunni ekki að elda eða fari að tala neikvætt um fyrrverandi að fyrrabragði.
Hvernig myndi fullkomið deit líta út?
Innihaldsríkt spjall og mikið hlegið, eitthvað afslappað þar sem maður gleymir hvað klukkan er.
Hvort er meira aðlaðandi: sjálfstraust eða góðmennska?
Sjálfstraust en góðmennskan verður að fylgja með.
Hvaða raunveruleikasjónvarpsþátt myndi draumamakinn þinn aldrei neyða þig til að horfa á?
Ég horfi oft á raunveruleikaþætti þannig að hann væri kannski ekki að neyða mig til að horfa en ef það eru gamanþættir sem hlegið er inn á myndi ég deyja.
Hvort skiptir meira máli: húmor eða gáfur?
Húmor en helst með smá gáfum í bland.
Hvaða sameiginlega áhugamál væri skemmtilegast að eiga?
Að tína steina, ferðalög og andleg málefni.
Myndir þú frekar velja rómantískan einstakling eða fyndinn einstakling?
Fyndinn, ef hann getur fengið mig til að hlæja er hann kominn langt.
Hvað er „rauða flaggið“ sem þú myndir líklega hunsa?
Ef hann myndi drepa flugur.
Ef draumamakinn þinn væri heimilistæki, hvaða tæki væri það og af hverju?
Kaffivél – áreiðanlegur, gerir morgnana betri og ég myndi helst ekki vilja vera án hans.

Ábendingar sendar á mosfellingur@mosfellingur.is



EINKA MÁLA AUGLÝS INGAR

Karlmaður (47), sem veiddi fimm minka í Mosfellsdal í sumar og hefur síðan átt erfitt með að tala um annað, leitar að konu sem kann að meta mann sem lætur verkin tala — en talar svo sjálfur mjög lengi um verkin.

Áhugamál: Minkaveiðar, útivist og að koma minkaveiðum á einhvern hátt inn í samtöl sem tengjast þeim ekki.

Kostir: Úrræðagóður, þolinmóður og veit nákvæmlega hvar fimm minkar eru ekki lengur.

Ókostir: Kallar sumarið 2026 „vertíðina“.

Skilyrði: Þú þarft ekki að hafa áhuga á minkum. Ég er með nægan áhuga fyrir okkur bæði.

Kona (39), búin að vera „alveg að fara að byrja í ræktinni“ síðan í janúar 2022, leitar að manni sem er ekki of upptekinn af dagsetningum.

Áhugamál: Að kaupa hollan mat á sunnudögum, henda honum á fimmtudögum og verðlauna mig fyrir erfiða vikuna með einhverju djúpsteiktu.

Kostir: Á mjög góðan vatnsbrúsa og þrjár íþróttatöskur.

Ókostir: Engin þeirra hefur farið í ræktina.

Skilyrði: Þú þarft að skilja að þegar ég segi „við byrjum á mánudaginn“ er ég að lýsa hugarástandi, ekki skuldbindingu.



NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT

17. SEPTEMBER

Blaðinu er dreift frítt í öll hús í Mosfellsbæ.

Skilafrestur efnis/auglýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is


WWW.MOSFELLINGUR.IS

GIRÐIR

ÖRYGGISGIRÐINGAR - VERKTAKA - JARÐVEGSSKRÚFUR
BUGÐUFLJÓT 15J - 270 MOSFELLSBÆR
SÍMI 546-6667 - GIRDIR@GIRDIR.IS
WWW.GIRDIR.IS

GÓÐIR MENN EHF
Rafverktakar
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir



Löggiltur rafverktaki



Öll almenn véru- og kranabílaþjónusta

- Grabbi, grjótkló, mannkarfa.
- Vatnstankur með dælu.
- Trjáfellingar og förgun.
- Útvega öll jarðefni.

BJ VERK ehf.
Björn s: 892-3042

Sjúkraþjálfun & Sjúkranudd
HEILSUEFLING MOSFELLSBÆJAR

Urðarholt 4 Mosfellsbær — Sími 578 5080

Ökukennsla HREIÐARS
8201616

ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~

BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR

Flugumýri 2 - Sími 566-6216

Bílapartar ehf
Notaðir **TOYOTA** varahlutir
Sími: 587 7659
Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

MALBIKSTÖÐIN

MG LÖGMENN

Öll almenn lögfræðiþjónusta

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

---

www.arioddsson.is

ARI ODDSSON EHF
BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

Ökukennsla Lárusar

Gsm 7775200 akamos@simnet.is

BílaGlerið

Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hvað var það skemmtilegasta sem þú gerðir í sumar?



ÍRIS RÚN SIGURJÓNSDÓTTIR
Bubba útilegan með skólanum.




SILJA AAGAARD
Fara í pottinn með dóttur minni í fyrsta skiptið.



ÞORBERGUR
Leika úti á kvöldin og fara í útilegur.



BJARTUR ÁRNI
Fara til Seyðisfjarðar með fjölskyldunni.



ELVAR SMÁRI
Vera meira úti og fara í Sleggjuna í Fjölskyldugarðinum.



ALDÍS SUNNA
Verja tíma með fjölskyldunni og ferðin okkar til Frakklands.

Fylgdu okkur á Instagram...



HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is


Ásgeir, Einar og Þrándur í Loðmundarfirði


Reynir og Rebekka á Sauðárkróki


Svanni með barnabarninu


Jóndi og Katla á Vellinum


Hjörtur með barnabarnið


Kalli Tomm, Hilmar og Maggi á Hofsósi


Andrea fagnaði 30 árum



GOTT UTANUMHALD Í EYJUM



UNGIR PILTAR SKEMMTA SÉR Í EYJUM
BIRKIR, ELDAR, RÚRIK, GUÐNI GEIR, BIRGIR OG ÓLAFUR

TVÍFARAR


Ísak Óla


Bill Pullman

Sprey

Ertu að fagna afmæli, á leiðinni á ball, stefnumót eða veislu?
Nú getur þú leigt hárlengingar hjá okkur frá Showpony fyrir sérstök tilefni.

SHOWPONY
noona

PIZZAN

MOSÓ TILBOÐ



2.590KR

STÓR PIZZA AF MATSEÐLI

SÆKTU PIZZA APPIÐ!

DOWNLOAD ON THE App Store

GET IT ON Google Play

TILBOÐ GILDIR 25.08 - 30.08
AÐEINS Í HÁHOLTI

Fasteignasala Mosfellsbæjar
Sími: 586 8080
fastmos.is

MOSFELLINGUR

WWW.MOSFELLINGUR.IS - MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS

Mg MINI GARÐURINN HÓPEFLI



KOMNIR Í ÚRSLIT MJÓLKURBIKARSINS

Í Bikarúrslitum í fyrsta sinn í sögunni, sigruðu Fylki í vítaspyrnukeppni í Árbænum. Afturelding mætir Breiðabliki á Laugardalsvelli 11. september kl. 19:00.


Þín Vild
Betri kjör á tryggingum
Nánar á landsbankinn.is/vild

MÚLALUNDUR
Ritfangaverslun í Mosfellsbæ!
Verið velkomin í verslun Múlalundar við Reykjalund
www.mulalundur.is

